


skoðun 22

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk








# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
24. maí 2012
121. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Heiðursgestir Palla

*Ástralarnir Craig og Daryl eru á Íslandi til að mæta í Eurovision-partý Páls Óskars á Nasa um helgina.*

fólk 62

## Smart partí

*Sýning Íd og Gus Gus var ótrúlega skemmtilegur viðburður að mati gagnrýnanda blaðsins.*

menning 40



## Erum ekki hættir

*Snorri Steinn og félagar í AG spila í undanúrslitum Meistaradeildarinnar í Köln um helgina.*

sport 56

## veðrið í dag




**RIGNING** Í dag verða suðvestan 8-15 m/s og rigning en úrkomulítið NA-til. Dregur úr vætu síðdegis. Hiti 10-20 stig, mildast NA-lands.

VEÐUR 4



**STOLT SIGLIR SEGLBRETTIÐ** Þessir hressu kappar nýttu sér goluna á höfuðborgarsvæðinu í gær og skelltu sér á seglbretti utan við Bakkavík á Seltjarnarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Barn fann amfetamín í leikskólanum

**Fimm ára drengur fann í febrúar poka með amfetamíni á leikskólanum Jörfa. Nóg til að valda barni alvarlegum skaða, segir prófessor í eiturefnafræði. Foreldrar fréttu fyrst af málinu í gær og eru ósáttir.**

**LÖGREGLUMÁL** Fimm ára drengur fann poka sem innihélt amfetamín í fatahengi leikskólans Jörfa í febrúar síðastliðnum.

Drengurinn fann lítinn poka af hvítu dufti á gólfi fatahengisins í leikskólanum við Hæðargarð í Reykjavík en gerði sér eðli málsins samkvæmt enga grein fyrir því hvað í honum var. Hann sýndi föður sínum pokann þegar hann var sóttur og faðirinn fór þá með pokann til lögreglu, sem sendi innihaldið í efnagreiningu.

Að sögn Árna Vigfússonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns, leiddi greiningin í ljós að pokinn innihélt 0,6 grömm af amfetamíni.

Árni segir ómögulegt að segja til um hvort pokinn hafi borist inn á leikskólann með foreldri eða starfsmanni, eða hvort barn hafi fundið hann utandyra og tekið hann með sér inn. Hann segir að málið hafi ekki verið rannsakað frekar.

Fréttablaðið hafði í gær samband við Svölu Ingvarsdóttur, starfandi leikskólastjóra á Jörfa, vegna málsins. Stuttu síðar barst skriflegt svar frá Sigrúnu Björnsdóttur, upplýsingafulltrúa mennta- og leikskólasviðs Reykjavíkurborgar.

Þar kemur fram að á leikskólanum Jörfa, líkt og á öðrum leikskólum borgarinnar, sé á hverjum morgni farið yfir skólalóðina og gengið úr skugga um að allt leikrými sé í samræmi við reglur heilbrigðiseftirlits um öryggi barna.

Í svarinu kemur enn fremur fram að pokanum hafi verið komið rakleiðis í hendur lögreglu og foreldrum vísað á lögreglu um frekari upplýsingar.

Svala sendi öllum foreldrum tilkynningu um málið síðdegis í gær, eftir að blaðamaður hafði samband við hana. Heimildir herma að töluverðrar óánægju gæti meðal foreldranna með að hafa ekki fengið að vita af málinu um leið og það kom upp. - sh

## Sterkt efni getur hæglega verið banvænt



Hálft til eitt gramm af amfetamíni getur verið stórhættulegt börnum, til dæmis ef þau myndu gleypa það, að sögn **Jakobs Kristinssonar**, prófessors í eiturefnafræðum. Fréttablaðið spurði Jakob hvaða áhrif það gæti haft á fimm ára barn að innbyrða hálft til eitt gramm af amfetamíni.

„Það getur valdið alvarlegri eitrun í barninu," segir Jakob, en tekur fram að amfetamín og amfetamínbasi sé ekki það sama. Styrkleikinn skipti miklu máli í þessu sambandi. Hins vegar þurfi ekki mikinn styrk til að valda barni alvarlegri eitrun. Sé amfetamínið aftur á móti mjög sterkt geti hálfs til eins gramms skammtur hreinlega verið banvænn. „Alveg leikandi," segir Jakob.




Akureyringar hafa rætt við Bandaríkjamenn um öryggi vegna skemmtiferðaskipa:

# Gætu illa brugðist við óhappi

**SAMGÖNGUR** Bandaríkjamenn og Norðmenn hafa sýnt öryggismálum í Norður-Atlantshafi mikinn áhuga, en Akureyringar hafa miklar áhyggjur af þeim málum, ekki síst ef eitthvað kæmi fyrir á skemmtiferðaskipi úti fyrir landinu. Þá gæti bæjarfélagið illa brugðist við og myndi lenda í miklum erfiðleikum, að sögn bæjarstjóra.

„Við höfum verulegar áhyggjur af þessu og myndum vilja setja þetta í þann farveg að við vissum hvernig menn ætla að bregðast við ef eitthvað gerist," segir Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri á Akureyri. Aðbúnaður Landhelgisgæslunnar er ekki mikill. „Hér er engin þyrla staðsett og oft takmarkað hvað er í landi af björgunarbúnaði." Þá myndi reyna verulega á sjúkrahúsið á Akureyri og aðra þjónustu ef stórt óhapp yrði á skemmtiferðaskipi.

Eiríkur greindi bandaríska sendiherranum hér á landi frá áhyggjum sínum í heimsókn hans norður fyrir nokkru. Í kjölfarið fundaði hann með sendiherranum og öryggisfulltrúa á vegum Bandaríkjastjórnar, sem staðsettur er í Noregi. „Þeir hafa áhyggjur af þessu líka og hafa lýst yfir áhuga á því að vera í góðu sambandi við okkur um þetta." - þeb






## SPURNING DAGSINS



*Sigmundur, blómstrar tæknin í Landbúnaðarháskólanum?*

„Já, það er óhætt að segja það, Landbúnaðarháskólinn með hátt í 500 nýgræðlinga ber vel á flóruna sína og uppsker eftir því.“

Sigmundur Helgi Brink, aðjúnkt hjá Landbúnaðarháskólanum, er einn af forsvarsmönnum nýs snjallsímaforrits sem aðstoðar við að greina íslenskar plöntur.

Mögulegt er að lækka þurfi ávöxtunarkröfu lífeyrissjóða ef ávöxtun batnar ekki:

# Vill ekki gefa ungu fólki falsvonir

**LÍFEYRISMÁL** Mögulegt er að lækka þurfi ávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna úr 3,5% vegna efasemda um að svo há ávöxtun geti náðst til langs tíma. Það er mikilvægt er að gefa ekki ungu fólki falskar vonir um lífeyri í framtíðinni, segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Hún segir skiptar skoðanir um það innan samtakanna hvort lífeyrissjóðirnir muni til lengri tíma geta náð 3,5 prósenta ávöxtun. Sumir telji að það muni nást en aðrir telji slíkt útilokað.



**ÁVÖXTUN** Þórey S. Þórðardóttir segir mögulegar breytingar á ávöxtunarkröfu einkum munu koma niður á ungu fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hún segir varasamt að taka ákvörðun um þetta í því ölguástandi sem ríki um þessar mundir. Betra sé að bíða þess að stöðugleiki komist á og taka þá yfirvegaða ákvörðun um hvort rétt sé að lækka ávöxtunarkröfuna.

Með óbreyttri ávöxtunarkröfu, ef ljóst þykir að sú ávöxtun muni ekki nást, er verið að gefa ungu fólki rangar væntingar til lífeyris í framtíðinni, segir Þórey.

Hún segir að mögulegar breytingar muni einkum koma niður á ungu fólki. Það gefi augaleið að skerða þurfi réttindi þeirra sem nú safni sér lífeyri verði ávöxtunin lægri en sú sem miðað hafi verið við. - bj

Skiluðu ekki nægum fjölda:

## Fá frest til meðmælasöfnunar

**KOSNINGAR** Ástþór Magnússon og Hannes Bjarnason skiluðu ekki nægilegum fjölda meðmæla til að bjóða sig fram til forseta Íslands. Þeir fá báðir frest fram á föstudag til þess að safna þeim meðmælum sem vantar upp á.

Þjóðskrá hefur farið yfir meðmælalista allra frambjóðenda. Í ljós kom að Hannes vantaði rúmlega 100 meðmæli í Sunnlendingafjórðungi en Ástþór rúmlega 20 meðmæli í Norðlendingafjórðungi. Ríkisútvarpið greindi frá þessu í gær. - þeb

Boot Camp í Elliðaárdalinn:

## Veiðimenn vilja gott sambýli

**UMHVERFISMÁL Borgarstjórn hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi sem gerir líkamsræktarfyrirtækinu Boot Camp kleift að hefja starfsemi í húsi Fornbílaklúbbs Íslands í Elliðaárdal. Fjórar vikur eru nú þar til laxveiðitímabilið í Elliðaánum hefst.**

**„Sem veiðimaður þá tel ég að öll aukin umferð á svæðinu sé óæskileg,“ segir Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur. „En að sjálfsögðu þurfa veiðimenn og aðrir náttúruunnendur í Elliðaárdal að geta lifað saman og notið sinnar útivistar án þess að troða öðrum neitt um tær og sem betur fer hafa árekstrar verið tiltölulega fátíðir í gegnum tíðina.“** - gar

Hælisleitendur í Danmörku:

## Yfir 70 manns í hungurverkfalli

**DANMÖRK** Tíu Íranar gengu inn í Stefánskirkju á Nørrebro í Kaupmannahöfn í gær með ferðatöskur og skilti um hálsinn sem á stóð „íranskt hungurverkfall“.

Írönunum tíu hafði verið synjað um hæli í Danmörku. Þeir eru kristnir og óttast ofsókin verði þeir sendir til föðurlands síns.

Alls eru nú á áttunda tug Írana og Sýrlendinga í hungurverkfalli í Danmörku.

Þeir fyrstu sem neituðu að borða voru Sýrlendingar og hófu þeir hungurverkfall sitt fyrir þremur vikum. Síðan hafa sífellt fleiri bæst í hópinn. - ibs

### SLYS

**Kominn af gjörgæslu**

Maðurinn sem féll í bjargsigi í Aðalvík á sunnudag er kominn af gjörgæsludeild og er líðan hans eftir atvikum góð. Fjölskylda hans sendi tilkynningu um þetta í gær og þakkaði öllum sem tóku þátt í því að bjarga honum.



**SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI** Mennirnir tveir störfuðu fyrir embætti sérstaks saksóknara frá árinu 2009 til síðustu áramóta. Unnu þeir þó um tíma sem verktakar hjá embættinu fyrr á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sérstakur kærir fyrrum starfsmenn

**Tveir fyrrum lögreglumenn sem störfuðu fyrir embætti sérstaks saksóknara hafa verið kærðir til ríkissaksóknara fyrir brot á þagnarskyldu í starfi. Þeim er gefið að sök að hafa selt upplýsingar úr rannsókn embættisins til þriðja aðila.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir fyrrum starfsmenn embættis sérstaks saksóknara, Guðmundur Haukur Gunnarsson og Jón Óttar Ólafsson, hafa verið kærðir til ríkissaksóknara fyrir brot á þagnarskyldu í starfi. Mönnunum er gefið að sök að hafa selt upplýsingar, sem þeir urðu sér úti um í störfum sínum fyrir embættið, til þriðja aðila.

Mennirnir, sem eru fyrrverandi lögreglumenn, unnu að rannsóknum á málum tengdum Sjóvá og Milestone hjá embætti sérstaks saksóknara. Þeir létu formlega af störfum hjá embættinu um síðustu áramót og hófu þá störf sem sjálfstæðir rannsakendur.

Unnu þeir í kjölfarið um tíma sem verktakar hjá embættinu og mættu til að mynda í dómsal við þingfestingu ákæru sérstaks saksóknara á hendur Lárusi Welding og Guðmundi Hjaltasyni 10. janúar síðastliðinn. Þar voru þeir saksóknara til aðstoðar en málið snýr að lánveitingu Glitnis til Milestone.

Meðan þeir unnu sem verktakar er þeim gefið að sök að hafa látið upplýsingar sem þeir öfluðu við störf sín fyrir embættið í té þrotabúi Milestone sem greiddi félagi í þeirra eigu, PPP sf., tæplega 30 milljónir króna fyrir vinnu fyrir þrotabúið. Stöð 2 greindi frá þessu í gærkvöldi. Fólst vinnan í því að minnsta í gerð 17 blaðsíðna skýrslu sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Fréttablaðið hafði í gærkvöldi samband við Guðmund sem vildi ekki ræða um málið og þá náðist ekki í Jón Óttar.

Í yfirlýsingu sem embætti sérstaks saksóknara sendi frá sér í gær segir að grunsemdir hafi vaknað um brot mannanna tveggja eftir að þeir höfðu látið af störfum hjá embættinu. Skoðun embættisins hafi síðan í lok apríl leitt til kæru til ríkissaksóknara sem fari nú með rannsókn málsins.

Þá kemur fram í yfirlýsingunni að brotið sé litið alvarlegum augum en hafi þó ekki víðtæk áhrif á starfsemi embættisins. Hins vegar var greint frá því í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að verjendur einstaklinga sem tengjast rannsóknum embættisins á Milestone íhugi að krefjast þess að rannsóknunum verði hætt þar sem augljóst sé að þær hafi ekki verið unnar í samræmi við lög og reglur. Meðal þeirra sem rannsókn beinist að er Karl Wernersson sem fyrir fall Milestone var aðaleigandi félagsins. magnusl@frettabladid.is

Farþegi í bílnum lést:

## Ákærður fyrir manndráp

**DÓMSMÁL** Átján ára piltur hefur verið ákærður fyrir manndráp af gáleysi. Farþegi í bíl hans lést eftir alvarlegan árekstur í ágúst í fyrra.

Pilturinn var ökumaður í bíl sem skall á húsi við Geirsgötu og Mýrargötu. Farþegi í bílnum, Eyþór Darri Róbertsson, lést í slysinu. Vitni sögðu ökumanninn hafa verið í spyrnukeppni á ofsahraða þegar slysið varð. - þeb



**Á FRÍKIRKJUVEGI 11** Ekki fæst leyfi til að rífa þennan stiga. MYND/TARK

Byggingarfulltrúi synjar leyfis:

## Aðalstigi fæst ekki færður

**SKIPULAGSMÁL Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur hafnað veitingu leyfis fyrir ýmsum breytingum innandyra á Fríkirkjuvegi 11. Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, vildi færa aðalstiga milli hæða ásamt ýmsum öðrum breytingum.**

**Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu töldu bæði Húsafriðunarnefnd og borgarminjavörður að framkvæmdin myndi raska innra skipulagi þessa sögufræga húss of mikið. Byggingarfulltrúi vísar til álits þessara aðila í synjun sinni.** - gar




Fyrri umferð fyrstu frjálsu forsetakosninganna í Egyptalandi lýkur í dag:

# Langar biðraðir við kjörstaði

**EGYPTALAND, AP** „Byltingin hefur breyst mikið. Bæði til hins betra og til hins verra,“ segir Wael Ramadan, fertugur Egypti sem starfar hjá símafyrirtæki og stóð í gær í biðröð eftir því að fá að greiða atkvæði á kjörstað í Kaíró.

„Það góða er að allt er þetta frelsi. Við erum hér og látum okkur hafa vesenið við að standa í biðröð til að kjósa forseta. Atkvæði mitt skiptir máli,“ sagði Ramadan og skaut föstum skotum að öðrum manni í biðröðinni: „Þú getur ekki skipað mér að kjósa einn mann og sagt að annars sé ég syndari.“

„Það sögðum við aldrei,“ svaraði hinn, en Ramadan hrópaði á móti: „Jú, víst gerðuð þið það.“

Þrettán frambjóðendur eru í kjöri og kosningarnar, sem hófust í gær, halda áfram í dag. Fái enginn þeirra hreinan meirihluta verður efnt til seinni umferðar kosninganna í júní, þar sem kosið verður á milli þeirra tveggja sem flest atkvæðin fá.

Þetta eru fyrstu forsetakosningarnar í Egyptalandi frá því Hosni Mubarak forseta var steypt af stóli fyrir rúmu ári og þær fyrstu sem talist geta frjálsar því í reynd höfðu fulltrúar hersins þá stjórnað landinu í nærri sex áratugi.



**SKÝLA SÉR FYRIR SÓLINNI** Í biðröðunum var tækifærið víða notað til að ræða pólitík fram á síðustu stundu. NORDICPHOTOS/AFP

Í kosningunum eru það fulltrúar bæði strangtrúaðra múslima og gömlu valdaklíkunnar sem takast á við lýðræðislegri öfl umbótasinna. - gb

RISA

# TAX FREE

## ALLAR VÖRUR*

## AÐEINS Í DAG

### OPIÐ TIL 21:00 UM LAND ALLT

viðarvörn • málning • garðhúsgögn • garðverkfæri • sumarblóm • reiðhjól
gjafavörur • pottaplöntur • sláttuvélar • trjáplöntur • heitir pottar • hurðir
leiktæki • blómapottar • þvottavélar • eldavélar • hreinlætistæki • leikföng
garðslöngur blöndunartæki • tröppur • raftæki • skrúfur • festingar flísar
verkfæri • parket • búsáhöld • ljós • útivistarfatnaður • vinnufatnaður
bílavörur... og miklu meira!

*Gildir ekki af vörum í timbursölu
*Gildir ekki af Weber grillum
*Gildir ekki af lægsta lága verði Húsasmiðjunnar

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## GENGIÐ 23.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,83 | 128,45 |
| Sterlingspund | 201,04 | 202,02 |
| Evra | 161,6 | 162,5 |
| Dönsk króna | 21,742 | 21,87 |
| Norsk króna | 21,314 | 21,44 |
| Sænsk króna | 17,81 | 17,914 |
| Japanskt jen | 1,6097 | 1,6191 |
| SDR | 194,44 | 195,6 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

223,2957

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna hittust í gærkvöldi og funduðu meðal annars um Grikkland:

# Ræddu útgáfu evruskuldabréfa í Brussel

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna hittust á fundi í Brussel í gærkvöldi og ræddu fjárhagsvandræði svæðisins. Meðal annars var rætt um mögulega útgáfu svonefndra evruskuldabréfa.

Francois Hollande, hinn nýkjörni forseti Frakklands, fékk þarna tækifæri til að kynna hugmyndir sínar um að Evrópusambandið beiti sér af krafti til þess að koma af stað hagvexti í stað þess að einblína eingöngu á sparnað og aðhald í ríkisrekstri.

Á leiðtogafundi G8-ríkjanna, sem haldinn var í Bandaríkjunum um helgina, fengu hugmyndir hans góðan hljómgrunn. Jafnvel Angela Merkel, Þýskalandskanslari, var komin á þá skoðun að hagvöxtur skipti ekki síður máli en aðhaldið.

Ágreiningur var hins vegar um það hvaða aðferðum ætti að beita til þess að koma hagvexti af stað í kjölfar kreppunnar sem hrjáð hefur flest evruríkin undanfarin misseri.

Þjóðverjar hafa haldið fast í andstöðu sína við útgáfu evruskuldabréfa, sem evruríkin



FRANCOIS HOLLANDE

sautján myndu gefa sameiginlega út og myndu nýtast sem lánsfé til framkvæmda. Með útgáfu slíkra skuldabréfa myndi hins vegar skuldastaða Þýskalands, rétt eins og hinna evruríkjanna, versna nokkuð, og slíkt telur Merkel sér engan veginn stætt á að samþykkja.

Fyrir fundinn í gær hitti Hollande forsætisráðherra Spánar, Mariano Rajoy, sem kallaði sérstaklega eftir aðstoð frá Evrópusambandinu við að fá lánsvexti lækkaða.

Spánn færi að öllum líkindum, ásamt Ítalíu, einna verst út úr því ef Grikkland kemst í greiðsluþrot og tæki jafnvel ákvörðun um að yfirgefa evrusvæðið. Leiðtogar evruríkjanna hafa hins vegar, rétt eins og leiðtogar G8-ríkjanna gerðu á fundi sínum um helgina, lagt áherslu á að Grikkir haldi evrunni. **- gb, - þeb**



**EFTIRSÓTTUR** Frakkar kaupa sífellt meira af ferskum bolfiski. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Meira flutt út af minni kvóta:

## Frakkar stórir í þorskkaupum

**SJÁVARÚTVEGUR** Fiskkaupendur í Frakklandi keyptu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs 45% meira af ferskum þorski en á sama tíma í fyrra og um 90% meira af ýsu.

Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands sem Landssamband smábátaeigenda tók saman.

Frakkar kaupa mest allra þjóða af ferskum þorski frá Íslandi en Bretar voru þar lengst af stærstir.

Athyglisvert er að þrátt fyrir kvótasamdrátt í ýsu hefur heildarmagn til útflutnings aukist um 9% milli ára, varð alls 1.421 tonn. Sambærilegar tölur í ferskum þorski eru 19% og 3.770 tonn. **- shá**

## LEIÐRÉTT

Vegna mistaka vantaði niðurlag aðsendrar greinar, Aðbúnaður dýra á Íslandi, í Fréttablaðinu í gær. Lesa má alla greinina á Vísi.

Ranglega var sagt í blaðinu á þriðjudag að í fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar væri reiknað með 17 milljörðum króna af veiðigjaldi á næsta ári. Hið rétta er að á næstu þremur árum er gert ráð fyrir að nýta þá upphæð í fjárfestingaáætluninni.

# Annþór og Börkur harðneita allri sök

**Tveir kunnir ofbeldismenn og refsifangar á Litla-Hrauni neita því alfarið að bera ábyrgð á dauða samfanga síns. Dómari kveður upp úr með gæsluvarðhald í dag. Fangelsisstjóri á Litla-Hrauni segir erfitt að taka á hættulegum föngum.**

**LÖGREGLUMÁL** Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson, sem grunaðir eru um að hafa valdið dauða samfanga síns á Litla-Hrauni, neita því alfarið að hafa beitt manninn ofbeldi í klefa sínum í síðustu viku. Við yfirheyrslur í gær fullyrtu þeir báðir að þeir hefðu farið inn í klefann til að liðsinna manninum, sem hefði verið veiklulegur og liðið illa.

Sigurður Hólm Sigurðsson lést á fimmtudag eftir stutta veru í fangelsinu. Þangað hafði hann komið í gæsluvarðhald vegna ítrekaðra smáglæpa. Í fyrstu þótti ekkert gefa til kynna að honum hefði verið unnið mein en niðurstöður krufningar benda hins vegar til þess að innvortis áverkar séu afleiðing barsmíða.

Myndbandsupptökur sýna Annþór og Börk fara inn í klefa til Sigurðar skömmu áður en hann kallaði til fangaverði og var þá í andnauð. Þegar það varð ljóst í fyrradag var þeim stungið í einangrun.

Í gær voru tvímenningarnir svo leiddir fyrir dómara á Selfossi og farið fram á gæsluvarðhald yfir þeim svo að hægt yrði að halda þeim í einangrun á meðan á rannsókn málsins stendur. Dómari tók sér frest til dagsins í dag til að kveða upp úrskurð.

Annþór og Börkur eiga sér báðir mikla brotasögu. Þeir hafa undanfarnar vikur afplánað eftirstöðvar gamalla, þungra fangelsisdóma sem þeir hlutu fyrir manndrápstilraun annars vegar og fíkniefnainnflutning hins vegar. Áður höfðu þeir setið í gæsluvarðhaldi í



**LITLA-HRAUN** Hinn látni hafði aðeins verið örstutt í fangelsi þegar hann kallaði til aðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ANNÞÓR KARLSSON**



**BÖRKUR BIRGISSON**

nokkrar vikur vegna rannsóknar á skipulagðri glæpastarfsemi og þremur hrottafengnum líkamsárásum.

Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður á Litla-Hrauni, segir að starfsmenn fangelsisins hafi brugðist hárrétt við málinu á fimmtudaginn var.

Hún segir að alltaf ef grunur vaknar um að fangar óttist samfanga sína eða séu hræddir um að verða fyrir einhverju áreiti af hálfu samfanga sé brugðist við með því að reyna að flytja menn á milli deilda, en vegna þrengsla séu úrræðin mjög takmörkuð.

Spurð hvort tekið yrði öðruvísi á Annþóri og Berki innan veggja fangelsisins verði þeir fundnir sekir um að bera ábyrgð á andláti samfanga síns svarar hún:

„Það er auðvitað alltaf reynt að vista menn miðað við þeirra sögu. Við höfum haft hér þrjá klefa á því sem á að vera öryggisgangur, þar sem eru vistaðir einstaklingar sem eru hættulegir sjálfum sér eða öðrum. Hingað til hefur hann hins vegar verið nýttur undir almenna fanga vegna plássleysis. En það er bara eitthvað sem þyrfti að horfa sérstaklega á ef þetta reynist rétt – þetta hefur aldrei gerst hér áður.“

**stigur@frettabladid.is**

Gunnar ósáttur við dóminn:

## Íhugar möguleika á áfrýjun

**DÓMSMÁL Gunnar I. Birgisson, bæjarfulltrúi í Kópavogi og fyrrverandi stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar, segist saklaus af því að hafa blekkt Fjármálaeftirlitið (FME), og íhugar að kanna hvort leyfi fáist hjá Hæstarétti til að áfrýja málinu.**



**GUNNAR I. BIRGISSON**

**Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær var Gunnar dæmdur fyrir að veita FME rangar upplýsingar um stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar, en sýknaður af öðrum ákæruefnum í sama máli. Hann var dæmdur til að greiða 150 þúsund króna sekt. Þar sem upphæðin er svo lág þarf leyfi Hæstaréttar til að fá að áfrýja málinu.** **- bj**

Dómsmál í Danmörku:

## 15 ár fyrir að myrða bróður

**DANMÖRK** Maður á fimmtugsaldri var í gær dæmdur í fimmtán ára fangelsi fyrir að drepa bróður sinn og hluta lík hans í sundur með rafmagnssög.

Ódæðið var framið í sumarhúsahverfi á Suður-Sjálandi. Nágrannar báru að hávaði hefði borist frá húsi hins látna þar sem hann hefði meðal annars kallað nafn bróður síns. Fyrir dómi kom í ljós að eldri bróðirinn hefði verið skotinn til bana og síðan hefði líkama hans verið skipt í 75 hluta sem svo var dreift um næsta nágrenni. Meðal annars fannst höfuð hans á þaki sumarhússins.

Hinn dæmdi neitaði sök. **- bj**

FULLKOMINN FERÐAFÉLAGI!




www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SUMARBLÍÐA** Það dregur úr vætu víðast hvar eftir því sem líður á daginn og morgun verður yfirleitt úrkomulítið. Um helgina lítur út fyrir alvöru sumarblíðu í allflestum landshlutum og allt að 24°C á norðausturhorninu.



**Á MORGUN** 8-15 m/s V-til annars yfirleitt hægari.

**LAUGARDAGUR** 5-10 m/s.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 24° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 23° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 25° |
| París | 26° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


AÐEINS ÓDÝRARI!
TILBOÐIN GILDA TIL 28.05
Jutlandia ÁL
SPARIÐ 10.000
BORÐ + SÓFI + 2 STÓLAR + SESSUR
ALLT SETTIÐ FULLT VERÐ: 59.990
49.990
DOVER GARÐHÚSGÖGN
Sett úr sterku, viðhaldsfríu fléttuðu plastefni sem upplitast ekki. Flott borð, 2ja sæta sófi og 2 armstólar. Sessur fylgja.
Stærð á borði: B59 x L92 x H43 sm.
Stóll: B63 x D65 x H 77 sm.
Sófi: B129 x D65 x H 77 sm.
12% AFSLÁTTUR
GARÐDVERGUR MEÐ SÓLARSELLULUKT
Frábært skraut í garðinn þinn. Þrjár gerðir.
FULLT VERÐ: 3.995
3.495
20% AFSLÁTTUR
3 STK.
FULLT VERÐ: 4.995
3.995
QUEPO BLÓMAPOTTASETT
3 stk. saman í setti.
GARÐSTYTTA
Fallegar garðstyttur. Tvær tegundir: Drengur eða stúlka. Hæð: 73 sm.
GARÐSTYTTA
6.995
25% AFSLÁTTUR
ÍKORNAR
Sætir íkornar á trjágrein til að festa á vegg.
FULLT VERÐ: 1.995
1.495
BRESCIA SÓLSTÓLL
Sólstóll úr stáli og sterkum striga. Hægt að leggja saman.
SÓLSTÓLL
6.995
SPARIÐ 26.960
BORÐ + 4 STÓLAR
BORÐ + 4 STÓLAR
49.990
VERMONT BORÐ OG 4 GENOVA STÓLAR
Glæsilegt borð með harðviðarplötu og álgrind. Stærð á borði: B90 x L150 sm. Borð 24.990 Stóll 12.990
FSC
Jutlandia Harðviður
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
SPARIÐ 8.000
FULLT VERÐ: 24.990
16.990
SANTOS GARÐRÓLA
Flott 2ja manna garðróla. Fæst í dökkgráu og rauðu. Sessur fylgja með.

## KJÖRKASSINN



*Þarf þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort aðildarviðræðum við ESB skuli haldið áfram?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 59,6% |
| NEI | 40,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með undankeppnum Eurovision-söngvakeppninnar?*

Segðu þína skoðun á vísir.is. vísir

Maður dæmdur í þriggja ára og sex mánaða fangelsi fyrir að ræna verslanir í Reykjavík:

# Beitti ofbeldi og ógnaði starfsfólki með nál

**DÓMSTÓLAR** Fíkniefnaneytandi á fertugsaldri með brotasögu frá árinu 2005 var í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmdur til fangelsisvistar í þrjú ár og sex mánuði fyrir að ræna fyrr á þessu ári þrjár verslanir í miðborg Reykjavíkur.

Maðurinn, sem heitir Mark Gunnar Roberts, játaði brot sín fyrir dómi, en í öllum tilvikum ógnaði hann afgreiðslufólki verslananna með sprautunál og hótaði að smita það af alnæmi. Hann kvaðst að eigin mati sakhæfur en þurfa á hjálp geðlæknis að halda til að komast út úr fíkniefnaneyslu.

### Sló starfstúlku með flötum lófa í andlit

Mark Gunnar Roberts rændi tvær verslanir og gerði tilraun til ráns í einni í miðborg Reykjavíkur miðvikudaginn fyrsta febrúar síðastliðinn. Í verslun við Laugaveg ógnaði hann starfsstúlku með sprautunál og stal 12 þúsund krónum. Í búð við Rauðarárstíg ógnaði hann starfsstúlku með sprautunál og löðrungaði þegar hún neitaði að opna peningakassa. Þar hafði hann ekkert upp úr krafsinu. Í verslun við Barónsstíg ógnaði hann enn starfsstúlku með spautunál og hótaði að smita af HIV. Þar hafði hann með sér um 35 þúsund krónur.

„Ákærði er í máli þessu sakfelldur fyrir þrjú ránsbrot. Voru brot hans sérlega ófyrirleitin og til þess fallin að valda þeim sem fyrir þeim urðu miklum ótta og vanlíðan,“ segir í niðurstöðu dómsins. Frá refsingu mannsins dregst gæsluvarðhald sem hann hefur setið í óslitið frá 2. febrúar á þessu ári, en hann var handtekinn deginum áður, eftir að hann rændi verslanirnar.

Í dómnum er rakinn brotaferill Marks Gunnars frá árinu 2005. Þá ruddist hann inn í bíl konu við Hringbraut í Reykjavík og stal honum. Í dómi vegna málsins var hann sýknaður vegna þess að hafa verið haldinn geðrofssjúkdómi þegar brotið var framið. Undir lok árs 2008 var hann svo dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir fjársvik, umferðarlagabrot og fjögur önnur ránsbrot framin á því ári til að fjármagna fíkniefnaneyslu. **- óká**

Úrskurður í næstu viku:

# Biðin styttist hjá Assange

**BRETLAND, AP** Hæstiréttur Bretlands tilkynnti í gær að á miðvikudaginn í næstu viku verði kveðinn upp úrskurður í framsalsmáli Julians Assange, stofnanda lekasíðunnar Wikileaks.



JULIAN ASSANGE

Sænsk stjórnvöld vilja fá hann framseldan frá Bretlandi til að geta yfirheyrt hann vegna ásakana á hendur honum í tveimur kynferðisbrotamálum.

Assange hefur verið í stofufangelsi í Bretlandi síðan í desember árið 2010 meðan mál hans hefur velkst fyrir breskum dómstólum. **- gb**

## ATVINNUMÁL

### Málþing um Grímsstaði

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Byggðastofnun og Háskólinn á Akureyri standa fyrir málþingi um uppbyggingu á Grímsstöðum á Fjöllum. Málþingið fer fram í menningarhúsinu Hofi, fimmtudaginn 24. maí, klukkan 16.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Teknir fyrir ölvunarakstur

Þrír ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu á þriðjudagskvöld. Tveir karlar, 29 og 47 ára, og 54 ára kona voru tekin. Annar karlanna hafði þegar verið sviptur ökuleyfi.

### Fundu 50 kannabisplöntur

50 kannabisplöntur og 1,5 kíló af tilbúnu marijúana fundust við húsleit í fjölbýlishúsi í Reykjavík á þriðjudag. Karl og kona á fertugsaldri voru handtekin grunuð um ræktun á efninu.

# Vill að borgin stöðvi háhýsi úr fortíðinni

**Íbúi í Vesturbænum vill að borgin hindri að sjö hæða hús rísi við höfnina. Byggingin var samþykkt 2006 en varð ekki meira en húsgrunnur fyrir hrunið. Þótt framkvæmdir séu ekki hafnar að nýju er byrjað að selja íbúðir í húsinu.**

**SKIPULAGSMÁL** „Þeir sem eru með gróðahagsmunina eru alltaf nokkrum skrefum á undan hinum og þetta er allt að fara í sama farið aftur,“ segir Ásta Olga Magnúsdóttir tölvunarfræðingur sem vill að komið verði í veg fyrir áætlaða byggingu sjö hæða íbúðahúss á Mýrargötu 26.

Borgin veitti byggingarleyfi fyrir íbúðarblokkinni á árinu 2006. Á lóðinni stóð Hraðfrystistöðin áður. Framkvæmdir fóru í gang en stöðvuðust hrunárið 2008. Þá hafði aðeins neðsti hluti hússins verið steyptur. Verktakafyrirtækið Atafl varð gjaldþrota og Landsbankinn eignaðist Mýrargötu 26. Í fyrra eignaðist Atafl lóðina aftur.

Ásta bendir á að frá því fyrir hrun hafi orðið mikil stefnubreyting varðandi uppbyggingu hafnarsvæðisins. Horfið hafi verið frá allsherjar niðurrifi. Fulltrúar borgarinnar hafi reynt að semja við lóðarhafann á Mýrargötu 26 um að húsið yrði lækkað niður í fimm hæðir. Á endanum hafi lóðarhafinn þó ákveðið að halda upphaflegu striki og byggja samkvæmt upprunalegri áætlun. Nokkrar íbúðir í húsinu séu þegar seldar þótt framkvæmdir séu ekki hafnar.

Ásta segir borgina verða að horfast í augu við að hafa gert mistök í málinu í upphafi. Sjá verði til þess að hætt verði við bygginguna. Landsbankinn, sem hún telji enn raunverulegan eiganda Mýrargötu 26 sem lánardrottinn, hafi nú tækifæri til að sýna í verki þá samfélagslegu ábyrgð sem bankinn segist bera með því að taka þátt í að bæta tjón lóðarhafans sem þurfi einfaldlega að fá lóð annars staðar.

„Það er ekkert tekið tillit til almennings,“ segir Ásta. „Þessi bygging fyllir algerlega út í lóðina og er ekki að gera neitt fyrir umhverfi sitt og er í ósamræmi við byggðina í kring. Hús sem verið er að friða í kring falla algerlega í skuggann og allar göngu- og hjólaleiðir versna.“

Ásta segist telja að lóðarhafinn hljóti að hafa fyrirgert byggingarleyfinu með framkvæmdaleysi árum saman. Þá sé einkennilegt að málið fari ekki í kynningu að nýju. „Það er eins og engum komi þetta við lengur,“ segir Ásta sem kveðst nú íhuga undirskriftasöfnun. „Það er aldrei of seint þegar það er ekki búið að byggja.“

Ef ekki semst við lóðarhafann telur Ásta að borgin eigi að reyna dómstólaleiðina. „Borgin tekur aldrei slaginn og hefur aldrei gert. Af hverju er verktakinn ekki látinn sýna fram á sitt tjón fyrir dómstólum? Hver er réttur borgarbúa?“ spyr Ásta Olga Magnúsdóttir.

Ekki náðist tal af Páli Hjaltasyni, formanni skipulagsráðs Reykjavíkur í gær. **gar@frettabladid.is**



**ÁSTA OLGA MAGNÚSDÓTTIR** Sjö hæða hús á hafnarsvæðinu verður í ósamræmi við umhverfi sitt, segir Ásta Olga Magnúsdóttir sem vill að borgin „vindi ofan af þeim mistökum að leyfa byggingu háhýsis“ á Mýrargötu 26. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MÝRARGATA 26** Svona er samþykkt teikning af fjölbýlishúsinu. MYND/GLÁMA-KÍM











Þóttist vera að bólusetja fólk en var að safna lífsýnum fyrir Bandaríkjamenn:

# Dæmdur í langa fangelsisvist

**PAKISTAN, AP** Shakil Afridi, læknir í Pakistan, hefur hlotið þungan fangelsisdóm og fésekt að auki fyrir að hjálpa Bandaríkjamönnum að hafa uppi á Osama bin Laden.

Samkvæmt úrskurði dómstólsins þarf hann að sitja 33 ár í fangelsi og greiða um það bil 450 þúsund krónur í sekt. Greiði hann ekki sektina bætast um það bil þrjú og hálft ár við fangavistina.

Afridi tókst að útvega bandarísku leyniþjónustunni CIA staðfestingu á því að Osama bin Laden væri búsettur í borginni Abottabad, þar sem bandarískir sérsveitarmenn réðu hann af dögum í maímánuði á síðasta ári.

Staðfestinguna útvegaði Afridi með því að þykjast vera að bólusetja fólk, en var í raun og veru að safna lífsýnum á vegum Bandaríkjamanna.

Pakistönsk stjórnvöld voru afar ósátt við þessa framtakssemi Bandaríkjamanna, og ekki skánaði samband ríkjanna þegar 24 pakistanskir hermenn féllu í loftárásum Bandaríkjanna nokkrum mánuðum síðar.

Pakistanir lokuðu í mótmælaskyni fyrir alla umferð Bandaríkjamanna með vistir og búnað um Khyber-skarðið, sem er þjóðbrautin milli Afganistans og Pakistans. **- gb**



**FANGELSIÐ Í PESHAWAR** Innan veggja þessa fangelsis situr Shakil Afridi, læknirinn sem staðfesti að Osama bin Laden væri í Abottabad. NORDICPHOTOS/AFP

# SUMARVÖRUR Í HAGKAUP Á BETRA VERÐI

FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ ER FYRIR 7500 EÐA MEIRA*

www.crosscycle.com
CROSS
GÆÐA MERKI Í HJÓLUM!

Frábær viðgerða- og varahlutaþjónusta hjá viðurkenndum fagaðila, VDO verkstæði Borgartúni 36. Einnig fylgir frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.



### 20" ROCKY/ALISSA
// **Gírar:** 6 gíra Shimano // **Bremsur:** Promax V-TX115C // **Aukahlutir:** Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk //

**29.999**

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI!

### 24" ROCKY/ALISSA
// **Gírar:** 18 gíra Shimano // **Bremsur:** Promax V-TX115C // **Aukahlutir:** Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk //

**34.999**



### 28" ARROW/ARRINA
// **Gírar:** 21 gíra Shimano TX31 Gripshift // **Bremsur:** Promax Alloy V-TX115C // // **Gaffall:** HL CL-T130 með dempara // **Aukahlutir:** Ál stell, bögglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lukt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla //

**59.999**

***Tilbúið með:***
- Bögglabera
- Brettum
- Keðjuhlíf
- Rafdrifnum lugtum
- Standara
- Bjöllu

## TÖKUM GAMLA GRILLIÐ UPPÍ Á 10.000,-

Ef þú kaupir grill (á ekki við um ferðagrill) tökum við gamla grillið upp í á 10.000,-
Við sendum þér nýja grillið **samsett** heim og tökum það gamla. Frí heimsending*



TILBOÐ ~~24.999~~ **19.999**

**Mr. Grill**
Ferðagasgrill
H-4000
- 3,9kWh brennari
- Eldtemjari
- Niðurfellanlegar hliðarhillur
- Elektrónísk kveikja
- Eldunarsvæði 430x350mm
- Stærð: 1050x460x950mm
- Samfellanlegur vagn

TILBOÐ ~~19.999~~ **14.999**



**Mr. Grill**
Ferðagasgrill
H-4000A
- 3,9kWh brennari
- Eldtemjari
- Niðurfellanlegar hliðarhillur
- Elektrónísk kveikja
- Eldunarsvæði 430x350mm

**Mr. Grill**
H-32002BHN
- 8,6kWh, 2 brennarar
- Hitaþolið gler í loki
- Hitamælir
- Eldunarsvæði: 540x360mm
- Elektrónískar kveikjur
- Hliðarhillur
- Stærð: 1190x510x1130mm

**49.999**
**39.999**
miðað við gamla uppí



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI!

## 20% AFSLÁTTUR AF GARÐHÚSGÖGNUM



BORÐ ~~10.699~~ **8.559**

STÓLL ~~4.299~~ **3.439**



SETT ~~14.999~~ **11.999**

STAKUR STÓLL ~~4.499~~ **3.599**

**HONDURAS SETT**
Borð og 2 samfellanlegir stólar úr harðviði

**CABANA**
Borð og 4 samfellanlegir stólar með örmum úr harðviði

**JAMAICA**
Borð og 4 samfellanlegir stólar úr harðviði

**TIOMAN**
90x90cm borð og 4 stólar úr harðviði



BORÐ ~~11.999~~ **9.599**

STÓLL ~~6.499~~ **5.199**



BORÐ ~~14.999~~ **11.999**

Frí heimsending
ef verslað er fyrir 7500 eða meira*
Hagkaup | heim

*Aðeins er sent innan höfuðborgarsvæðisins og innan bæjarmarka Akureyrar.
Gildir til 31.maí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvað heitir íslenska lagið í söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva?*

**2.** *Hvaða umdeildu ákvæði er að finna í frumvarpi til nýrra fjölmiðlalaga?*

**3.** *Hvað eru margir í framboði í fyrstu frjálsu forsetakosningunum í Egyptalandi?*

**SVÖR**

*1. Never forget. 2. Ákvæði um bann við birtingu skoðanakannana skömmu fyrir kosningar. 3. Þrettán, en fjórir þykja sigurstranglegastir.*

Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, sækir Ísland heim:

# Erfiðu málin jafnvel opnuð síðla árs



STEFAN FÜLE

**EVRÓPUMÁL** Bjartsýni ríkir innan framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) um að samningaviðræður milli sambandsins og Íslands í veigameiri málaflokkum, til dæmis varðandi fiskveiðar og landbúnað, geti hafist í ár. Það verður hins vegar varla á næstu ríkjaráðstefnu, sem verður haldin í lok næsta mánaðar, heldur á seinni hluta þessa árs, samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjórn ESB.

Štefan Füle, stækkunarstjóri ESB, verður í heimsókn á Íslandi í dag og á morgun til að ræða um stöðu og framhaldið í aðildarviðræðunum við ráðherra, þingmenn og fulltrúa helstu sveitarfélaga.

Hægt er að gefa sér að fleiri málefni komi til tals, en samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjórninni hefur nokkurs misskilnings gætt, að mati framkvæmdastjórnarinnar, varðandi drög að lagasetningu í sambandi við makríldeiluna og eins varðandi aðkomu ESB að Icesave-dómsmálinu.

Innan framkvæmdastjórnarinnar er lögð áhersla á að enn sé talsvert í land þar til að lög um sjálfbæra nýtingu fiskistofna verði fullbúin og óvíst hvernig þau muni hljóða að lokum. Meðalganga framkvæmdastjórnarinnar í máli ESA gegn Íslandi sé eðlileg sökum mikilvægis málsins. Aðkoman sé ekki beint gegn Íslandi heldur hefði sami háttur verið hafður á með öll ríki. - þj

Aðeins 30 mínútur í loftið:

# Þyrla sótti veikan sjómann

**ÖRYGGISMÁL Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, sótti veikan sjómann í gær af bát sem var að veiðum austur af Hornafirði. Hafði skipstjóri samband við Gæsluna klukkan 03.15 og fór þyrlan í loftið 30 mínútum síðar.**

**LÍF kom að bátnum klukkan sex og var maðurinn hífður um borð í þyrluna án vandræða. Lent var við flugskýli Gæslunnar klukkan hálf níu þar sem sjúkrabíll beið og flutti sjómanninn á Landspítalann.** - shá

# Spennandi verkefni bíða á Drekasvæðinu

**Garðar Valberg Vilhelmsson heldur á Drekasvæðið þar sem hann mun aðstoða við olíurannsóknir. Hefur áralanga reynslu af rannsóknum um heim allan. Varar við of mikilli bjartsýni, enda er ferlið langt og óvíst með niðurstöður.**




**IÐNAÐUR** Skipstjórinn Garðar Valberg Sveinsson heldur til olíurannsókna á Drekasvæðinu, innan norskrar lögsögu, strax eftir mánaðamótin. Þar verður Garðar á skipi sínu Valberg VE-10 í þrjá mánuði til aðstoðar norsku rannsóknarskipi, Nordic Explorer, sem er á vegum norska ríkisins og olíufélaga.

„Norðmennirnir verða með tvö færeysk birgðaskip en ég mun aðstoða þá við mælingarnar," segir Garðar í samtali við Fréttablaðið, en hann hefur langa reynslu af slíkum störfum.

„Ég hef unnið sem skipstjóri við olíuleit um allan heim í áraraðir. Þetta er 23. árið mitt í bransanum. Ég bjó í Danmörku í sautján ár en flutti heim fyrir nokkrum árum, keypti mér minn eigin bát og hef verið í þessu sjálfur síðan."

Garðar segist hafa haft nóg að gera síðan, enda sé þessi bransi lítill og allir þekki alla.

„Ég er svo búinn að vera við Grænland síðustu fimm ár. Ég hefði getað farið þangað aftur en ákvað að skella mér frekar í þetta verkefni því þetta er spennandi, mikið talað um það og gaman að vera í hópi þeirra fyrstu sem eru að gera svona rannsóknir þarna."

Nordic Explorer nemur aldrei staðar á ferð sinni og dregur á eftir sér kapal.

„Ég kem á eftir þeim og mæli dýpi, hitastig, saltmagn og hversu hratt hljóðbylgjur berast í gegnum sjóinn. Það er svo notað með tölunum úr rannsóknaskipinu til að kortleggja hafsbotninn."

Athugun þessi nær yfir stórt svæði. Gögnin sem aflað er í þessum áfanga eru notuð til að kortleggja botninn gróflega, en út frá því er svo metið hvort afmarkaðri hlutar botnsins kalli á frekari rannsóknir.

„Ef svo vill til koma þeir með skip sem er með á milli tíu og sextán kapla aftur úr sér og fara yfir hvern fersentímetra af því svæði," segir Garðar.

Olíuleit er hins vegar afar tímafrekt ferli og alls ekki víst að það beri nokkurn árangur.

> Þetta er ekki svo einfalt. Ferlið tekur mörg ár, þannig að við erum ekki beint að fara að tappa af núna.
>
> **GARÐAR VALBERG SVEINSSON** SKIPSTJÓRI



„Við erum ekki búin að finna olíu á Drekasvæðinu, eins og margir virðast halda á Íslandi. Þetta er ekki svo einfalt. Ferlið tekur mörg ár, þannig að við erum ekki beint að fara að tappa af núna," segir Garðar og hlær dátt.

Hann segir reynsluna sýna að ekki sé á vísan að róa í þessum efnum.

„Ég hef unnið við rannsóknir við vesturströnd Grænlands, allt frá Hvarfi upp undir Thule. Þar er búið að bora alveg óhemju mikið og ekkert komið í ljós. Það sýnir eins og er að þessi bransi er erfiður. Það er ekkert 100 prósent öruggt í þessu."

**thorgils@frettabladid.is**



**REYKJAVÍKURHÖFN** Átta tilboð bárust í endurfjármögnun langtímaláns.

Endurfjármagna ekki að sinni:

# Gamla lánið er enn hagstæðast

**FJÁRMÁL Stjórn Faxaflóahafna hafnar öllum átta tilboðunum sem bárust í endurfjármögnun á langtímaláni. Að sögn Gísla Gíslasonar hafnarstjóra var umrætt lán tekið árið 2006 til tuttugu ára. Það stendur í dag í um 1.200 milljónum króna. Vextirnir eru 4,6 prósent auk verðtryggingar.**

**„Við vorum og erum að skoða valkosti varðandi endurfjármögnun á langtímaláni fyrirtækisins. Niðurstaðan er að hafna þeim boðum sem bárust," segir Gísli sem kveður lánið frá 2006 í sjálfu sér ágætt. „En það er alltaf efni til að leita eftir betri kjörum ef þau eru í boði."** - gar

Fékk vinnupall ofan á sig:

# Fyrirtækið bótaskylt vegna slyss

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur viðurkenndi í gær bótaskyldu þrotabús Steinvals vegna líkamstjóns sem fyrrum starfsmaður varð fyrir í vinnuslysi í október árið 2007.

Maðurinn fékk vinnupall ofan á sig og slasaðist illa á fæti meðal annars. Hann reisti kröfu sína á því að hafa verið reynslulaus og ekki fengið fyrirmæli um hvernig sinna skyldi verkinu. Stefndi hafnaði skaðabótaábyrgð á slysinu. - mþl



**TENGDIR** Sameiginlegur forfaðir manna og simpansa var uppi fyrir 4 til 6 milljónum ára og skýra tengslin persónuleika simpansanna. NORDICPHOTOS/AFP

Rannsaka persónuleika apa:

# Líkjast persónuleika manna

**VÍSINDI** Simpansar og órangútanar eru með persónuleika sem líkjast mjög persónuleika manna. Þetta er niðurstaða rannsóknar vísindamanna við Edinborgarháskóla sem BBC segir frá.

„Aparnir hafa sams konar langanir og þrár og mannfólkið. Þeir vilja finna maka, eignast afkvæmi og bæta stöðu sína í lífinu," segir Mark Adams, einn þeirra sem stóð að rannsókninni.

Persónuleika fólks er gjarnan skipt í fimm svið; samviskusemi, sáttfýsi, úthverfu, taugaveiklun og hversu opinn einstaklingur er fyrir nýrri reynslu. Persónuleikar simpansa spanna öll fimm sviðin, en órangútana aðeins þrjú. - bj

Sjö skólar fá andlitslyftingu:

# Borgin byggir upp skólalóðir

**BORGARMÁL Sett verða upp ný boltagerði við tvo grunnskóla í Reykjavík í sumar; Breiðagerðisskóla og Foldaskóla. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum í sumar. Einnig verða gerðar endurbætur á lóðum Hamraskóla, Réttarholtsskóla og Seljaskóla.**

**Þá verður unnið áfram við skólalóð Norðlingaskóla og gert er ráð fyrir verklokum við hús og lóð Sæmundarskóla sem hefur staðið frá árinu 2008.** - shá



# Sony Center

www.sonycenter.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ Á SONY SJÓNVÖRPUM

## Sony
## Sannir sigurvegarar!




**Tilboð**
**199.990.-**
Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir

### Hágæða sjónvarp
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40NX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 199.990.-** Verð áður 299.990.-

FRAMÚRSKARANDI 3D AFSPILUN




### Glæsileg hönnun
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40EX721

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 179.990.-** Verð áður 199.990.-

Tilboð
199.990.-
Sparaðu 90.000.-




### Frábær myndgæði
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40HX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 199.990.-** Verð áður 289.990.-




### Gott verð
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46EX721

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 215.990.-** Verð áður 269.990.-

Tilboð
289.990.-
Sparaðu 90.000.-




### Gæði og skerpa
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 289.990.-** Verð áður 379.990.-

Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir




### Eitt með öllu
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46NX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 279.990.-** Verð áður 399.990.-

Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir




### Mynd í sérflokki
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX823

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 349.990.-** Verð áður 449.990.-

Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir




### Sigurvegarinn!
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX923

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Intelligent peak LED baklýsing

**Tilboð 539.990.-** Verð áður 599.990.-

Tilboð
329.990.-
Sparaðu 140.000.-




### 55" RISI!
55" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL55EX720

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 329.990.-** Verð áður 469.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi **Akureyri**
569 7645

**FRÉTTASKÝRING: Staðan á Alþingi**

# Alls eru 94 stjórnarfrumvörp óafgreidd

**Samkvæmt starfsáætlun verður þingi frestað 31. maí og því aðeins fjórir þingdagar eftir. Fyrir þingi liggja 94 stjórnarfrumvörp og af þeim hafa 27 ekki enn verið tekin til fyrstu umræðu. Umræður um þjóðaratkvæðagreiðslu um drög að stjórnarskrá hafa tekið tæpar 50 klukkustundir og hefur meiri tími farið í andsvör en þingræður.**

Ljóst er að þingmenn þurfa að hafa sig alla við ætli þeir að fara í sumarfrí 1. júní með hreint borð. Fyrir þingi liggja 94 óafgreidd stjórnarfrumvörp og af þeim bíða 27 ennþá fyrstu umræðu.

Reyndar er það ekki venja að öll mál sem lögð eru fyrir Alþingi verði að lögum á yfirstandandi þingi. Fjölmörg bíða næsta þings, en þá þarf að flytja þau að nýju. Engu að síður er fjöldi mála nú umtalsverður og ljóst að stjórnin hafði í hyggju að afgreiða fleiri mál en líklega mun nást.

### Málþóf eða skipulagsleysi?

Stjórnarliðar hafa kvartað undan því að stjórnarandstæðingar haldi uppi málþófi og stöðvi þannig afgreiðslu mála. Það sé gert með því að fara oft í andsvör við aðra stjórnarandstæðinga, en þannig er hægt að tefja framgang mála.

Stjórnarandstaðan segir hins vegar að eðlilegt sé að ræða mikilvæg mál í þaula. Þá sé ekki við minnihluta á þingi að sakast ef meirihlutinn kemur sínum málum ekki í gegn. Það vanti einfaldlega skipulag í störf meirihlutans. Forgangsraða þurfi þeim málum sem stjórnin ætlar sér að koma í gegn á yfirstandandi þingi og leggja önnur til hliðar. Fyrr verði ekki höggvið á hnútinn.

### Ræðutími takmarkaður

Þingsköpum var breytt árið 2007, meðal annars til að gera þingstörfin skilvirkari og koma í veg fyrir málþóf. Þá samþykktu allir flokkar, utan Vinstri grænna, að setja takmörk á ræðutíma í annarri og þriðju umræðu, en ræðutíminn sést á töflunni hér til hliðar.

Markmiðin með því að setja ræðum tímamörk voru að koma í veg fyrir einræður þingmanna, líkt og Sturla Böðvarsson, fyrrverandi forseti Alþingis, komst að orði við Fréttablaðið síðastliðið haust. „Það hafði engan tilgang að leyfa einum þingmanni að tala allan daginn. Ég er sannfærður um að eftir þessa breytingu urðu umræðurnar á þinginu markvissari og efnislegri,“ sagði Sturla.

Auk hefðbundinna þingræðna hafa þingmenn færi á að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta, gera grein fyrir atkvæði sínu, bera af sér vítur og ýmislegt annað. Og fara í andsvör.

### Athugasemdir eða andmæli

Þingmenn hafa færi á því að gera athugasemdir við málflutning annarra þingmanna í andsvörum. Reglur um þetta voru rýmkaðar árið 2007. Þannig geta þingmenn nú svarað því sem fram kemur í ræðum annarra strax og þeim lýkur, en áður þurftu þeir að bíða þar til röðin kæmi að þeim á mælendaskránni, oft nokkrum klukkutímum síðar.

„Andsvör eru stuttar ræður, nánast athugasemdir eða andmæli,“ segir í handbók Alþingis um þingstörfin. „Mikilvæg regla er að andsvörum skal einvörðungu beint að ræðumanni og máli hans en ekki að öðrum ræðum sem áður hafa verið fluttar eða öðrum andsvörum.“

Líkt og sést á töflunni hér til hliðar hefur lengri tími farið í andsvör við tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um drög að stjórnarskrá, en í sjálfar þingræðurnar.

Andsvör mega standa í allt að 15 mínútur í senn og hvert andsvar má ekki vera lengra en 2 mínútur, en forseti getur stytt tímann ef margir kveðja sér hljóðs. Að hámarki komast fjórir þingmenn að í hvert sinn til að flytja andsvör og mega þeir veita andsvar tvívegis og ræðumaður svara í hvort skipti.



**ÞINGFUNDUR** Alls bíða 27 stjórnarfrumvörp fyrstu umræðu, 43 eru í nefnd en án nefndarálits, 13 bíða annarrar umræðu og 11 þriðju umræðu. Fyrir þingheimi eru því 94 óafgreidd stjórnarfrumvörp.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Staða stjórnarfrumvarpa á þinginu

**27 mál bíða 1. umræðu og hefur því ekki verið vísað í nefnd. Meðal þeirra eru:**

- Ábyrgðarsjóður launa
- Rannsókn samgönguslysa
- Lyfjalög og lög um landlækni og lýðheilsu
- Starfsmannaleigur
- Umferðarlög

**43 mál eru í nefndum og enn hafa ekki verið unnin nefndarálit. Meðal þeirra eru:**

- Barnalög (réttindi barns, forsjá, umgengni o.fl.)
- Dómstólar (aðstoðarmenn dómara)
- Fjölmiðlar
- Lögreglulög (fækkun umdæma o.fl.)
- Réttarstaða einstaklinga með kynáttunarvanda
- Skattar og gjöld (breyting ýmissa laga)
- Veiðigjöld
- Stjórn fiskveiða

**13 mál hafa verið afgreidd úr nefnd og bíða 2. umræðu. Meðal þeirra eru:**

- Almenn hegningarlög (varnir gegn kynferðisofbeldi)
- Heimild til að fjármagna gerð jarðganga undir Vaðlaheiði
- Matvæli
- Upplýsingalög

**11 mál hafa verið afgreidd úr nefnd og bíða 3. (og síðustu) umræðu. Meðal þeirra eru:**

- Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Lokafjárlög
- Nálgunarbann og brottvísun af heimili
- Sjúkratryggingar og lyfjalög
- Íslenskur ríkisborgararéttur (biðtími vegna refsinga o.fl.)

## Ræðutími um lagafrumvörp

| | 1. sinn | 2. sinn | Oftar |
|---|---|---|---|
| **1. umræða** | | | |
| Flutningsmaður* | 30 mín. | 15 mín. | 5 mín. |
| Aðrir ráðherrar | 15 mín. | 5 mín. | 5 mín. |
| Aðrir þingmenn | 15 mín. | 5 mín. | |
| **2. umræða** | | | |
| Framsögum. nefndarálits | 30 mín. | 15 mín. | 5 mín. |
| Ráðh. og flutningsm. máls | 20 mín. | 10 mín | 5 mín. |
| Aðrir þingmenn | 20 mín. | 10 mín. | 5 mín. |
| **3. umræða** | | | |
| Framsögum. nefndarálits | 30 mín. | 15 mín. | 5 mín. |
| Ráðherrar | 15 mín. | 5 mín. | 5 mín. |
| Aðrir þingmenn | 15 mín. | 5 mín. | |

*ráðherra eða þingm.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



## Lengri tími fór í andsvör og athugasemdir en þingræður

Gengið verður til atkvæða um þingsályktunartillögu um „ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga“ á Alþingi í dag. Tvær umræður hafa farið fram um málið og hafa þær samanlegt tekið 47,65 klukkustundir.

Sé sá tími brotinn upp kemur í ljós að lengri tími fór í andsvör og athugasemdir en í þingræðurnar sjálfar. Þær tóku 1.298 mínútur, eða 21,63 klukkustundir. Inni í þeirri tölu eru ræður forseta um málið. Hins vegar fór 1.561 mínúta í andsvör, eða 26,02 klukkustundir.

Sé taflan hér að neðan skoðuð sést að margir þingmenn eyddu mun lengri tíma til andsvara en ræðuhalda. Þá ber að geta þess að efnisleg umræða um innihald stjórnarskrárinnar hefur ekki enn farið fram, líkt og stjórnarandstaðan hefur verið dugleg að benda á. Hér var aðeins verið að ræða um þjóðaratkvæðagreiðsluna.

| Þingmaður | Fjöldi ræða | Fjöldi aths. | Ræður mín. | Aths. mín. |
|---|---|---|---|---|
| Álfheiður Ingadóttir* | 6 | 17 | 2 | 23 |
| Árni Johnsen | 2 | 4 | 30 | 8 |
| Ásbjörn Óttarsson | 4 | 22 | 40 | 43 |
| Ásmundur Einar Daðason | 6 | 50 | 56 | 86 |
| Ásta R. Jóhannesdóttir* | 3 | 2 | 0 | 3 |
| Birgir Ármannsson | 9 | 61 | 84 | 100 |
| Bjarni Benediktsson | 8 | 19 | 52 | 35 |
| Björn Valur Gíslason | 0 | 6 | 0 | 8 |
| Einar K. Guðfinnsson | 3 | 20 | 36 | 33 |
| Eygló Harðardóttir | 1 | 11 | 10 | 14 |
| Guðbjartur Hannesson | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Guðlaugur Þór Þórðarson | 6 | 20 | 51 | 39 |
| Guðmundur Steingrímsson | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Gunnar Bragi Sveinsson | 10 | 79 | 72 | 146 |
| Helgi Hjörvar | 1 | 11 | 6 | 14 |
| Höskuldur Þórhallsson | 2 | 8 | 30 | 16 |
| Illugi Gunnarsson | 7 | 33 | 59 | 50 |
| Jón Bjarnason | 2 | 11 | 29 | 20 |
| Jón Gunnarsson | 3 | 2 | 41 | 4 |
| Jón Kr. Arnarson | 1 | 0 | 5 | 0 |
| Kristján Þór Júlíusson | 3 | 20 | 33 | 37 |
| Lilja Mósesdóttir | 1 | 7 | 18 | 12 |
| Lúðvík Geirsson | 0 | 13 | 0 | 20 |
| Magnús M. Norðdahl | 1 | 15 | 20 | 18 |
| Magnús Orri Schram | 0 | 4 | 0 | 4 |
| Margrét Tryggvadóttir | 1 | 14 | 6 | 12 |
| Mörður Árnason | 0 | 2 | 0 | 2 |
| Ólína Þorvarðardóttir | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Ólöf Nordal | 6 | 24 | 56 | 39 |
| Pétur H. Blöndal | 15 | 79 | 101 | 138 |
| Ragnheiður E. Árnadóttir | 5 | 26 | 50 | 47 |
| Ragnheiður Ríkharðsdóttir* | 12 | 15 | 45 | 22 |
| Róbert Marshall | 1 | 11 | 10 | 11 |
| Sigmundur Davíð Gunnlaugsson | 5 | 46 | 43 | 82 |
| Sigurður Ingi Jóhannsson* | 3 | 27 | 36 | 56 |
| Siv Friðleifsdóttir | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Skúli Helgason | 1 | 4 | 7 | 7 |
| Telma Magnúsdóttir | 1 | 0 | 3 | 0 |
| Tryggvi Þór Herbertsson | 5 | 30 | 51 | 53 |
| Unnur Brá Konráðsdóttir* | 7 | 23 | 51 | 38 |
| Valgeir Skagfjörð | 0 | 2 | 0 | 3 |
| Valgerður Bjarnadóttir** | 5 | 35 | 27 | 35 |
| Vigdís Hauksdóttir | 8 | 109 | 82 | 205 |
| Þorgerður K. Gunnarsdóttir | 6 | 32 | 55 | 63 |
| Þuríður Backman* | 2 | 0 | 0 | 0 |
| Össur Skarphéðinsson | 0 | 4 | 0 | 8 |

*Forseti Alþingis
**Flutningsmaður tillögunnar



Apple
android

Fylgstu með í símanum

Fjölbreytt úrval hágæða IP myndavéla með frábærum myndgæðum. Þú getur sótt myndir beint í símann eða spjaldtölvuna.

Hringdu núna í 570 2400 eða kynntu þér málið á oryggi.is.

ÖRYGGI VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

PIPAR\TBWA • SÍA • 120624

# BAÐ INNRÉTTINGAR

**Allt að 50% afsláttur**



**107.700*** verð áður 206.255

**Hlynur** stærð: 130 x 48 sm



**44.900*** verð áður 99.800

**S-9010 eik** stærð: 62 x 48 sm

*margir möguleikar á stærðum og útfærslum*



**58.900*** verð áður 117.800

YTG44 95 x 46 sm

* Spegill, hilla, ljós og blöndunartæki ekki innifalin í verði

**til afgreiðslu af lager**



SÝNINGAREINTAK

**91.720** verð áður 193.100

**TONA kirsuber** stærð: 185 x 48 sm



SÝNINGAREINTAK

**91.720** verð áður 193.100

**TONA kirsuber** stærð: 180 x 48 sm



**118.700** verð áður 227.198

**Hnota** stærð: 121 x 48 sm



**74.900** verð áður 146.647

**Kirsuber fuln.** stærð: 80 x 48 sm

**INNRÉTTINGAR & TÆKI** - fyrir þitt heimili

**www.i-t.is**

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



BLÆS Í LÚÐUR Lúðurþeytari úr lífvarðasveitum bresku konungsfjölskyldunnar býr sig undir átök. NORDICPHOTOS/AFP

Samvinna fyrirtækja í samkeppni getur stundum komið neytendum til góða:

# ESA skýrir samkeppnisreglur sínar

**VIÐSKIPTI** ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur tekið upp nýjar reglur sem skýra eiga hvenær samkeppnisaðilar mega eiga í samstarfi og hvers lags samráð rúmist innan ramma Samningsins um evrópska efnahagssvæðið.

„Samstarf samkeppnisaðila getur haft neikvæð áhrif á neytendur og dregið úr samkeppni,“ segir í tilkynningu ESA í gær. „Hins vegar geta samlegðaráhrif slíkrar samvinnu í mörgum tilvikum leitt til lægra vöruverðs, aukins úrvals og betri varnings, neytendum til hagsbóta.“

Nýju reglurnar eru sagðar hjálpa til við að koma í veg fyrir samráð sem leiðir af sér hærra vöruverð og færri valkosti eða minni nýsköpun og ýta um leið undir samvinnu sem hefur í för með sér framfarir og efnahagsbata. „Stofnunin telur nýju reglurnar aðgengilegri fyrir notendur og útvegar fyrirtækjum á markaði nauðsynlega leiðsögn um hvers konar samráð er heimilt,“ segir í tilkynningu ESA. Nýju reglurnar eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar. - óká



OLÍUTANKAR Stóru olíufélögin þrjú urðu uppvís að og játuðu á sig ólöglegt samráð sem kom niður á íslenskum neytendum.

Íslenskt/franskt samstarf:

# Samstarf um norðurslóðamál

**MENNTAMÁL** Háskólinn á Akureyri og Háskóli Pierre et Marie Curie skrifuðu undir viljayfirlýsingu um samstarf í rannsóknum á þriðjudag. Áhersla samstarfsins verður á norðurslóðamál.

Á þessu ári verður unnið að því að skilgreina nánar í hverju samstarfið felst og á hvaða sviðum en líklegt er að sjórinn og norðurslóðir verði þar fyrirferðarmiklar. Gert er ráð fyrir samstarfi í rannsóknarverkefnum og fjármögnun þeirra sem og fræðimanna- og nemendaskiptum. - shá

Nytjamarkaður
á Eyjarslóð 7 út á Granda.
HJÁLPRÆÐISHERINN
Opið alla virka daga kl. 13-18.
Sækjum húsgögnum á fimmtudögum Sími 858 59 08
Komið og gerið góð kaup. Styrkið gott málefni!



Costa Brava
Lloret de Mar á Costa Brava er nýr áfangastaður Express ferða á Spáni. Lloret de Mar er heillandi strandbær sem býður upp á frábæra og fjölskylduvæna afþreyingu; skemmtigarða, köfun, sólarstrendur, golfvelli og barnvæn leiksvæði.
Allar nánari upplýsingar á www.expressferdir.is
Guitart Central Park Silver ★★★
Verð á mann í 7 daga, hálft fæði, frá: 98.100 kr.
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára. Flogið út 18. júní.
expressferdir.is 5 900 100
Express ferðir
Fíton/SÍA

Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi
Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.


Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.
vísir

# Erfðabreyttar mýs í sykursýkisrannsókn

**Fyrirtækið ArcticLAS hefur fengið leyfi til að nota erfðabreyttar tilraunamýs frá Danmörku. Leitað er að nýju lyfi til meðhöndlunar á sykursýki. Eigandi segir lífslíkur músanna litlar í villtri náttúru ef svo ólíklega færi að þær slyppu.**

**RANNSÓKNIR** Sprotafyrirtækið ArcticLAS hefur fengið leyfi Umhverfisstofnunar til að flytja til landsins erfðabreyttar mýs sem nota á í samanburðarrannsókn fyrir erlent lyfjafyrirtæki. Tilraunadýrin eru nýtt í leitinni að lyfi sem virkar betur en insúlín til meðhöndlunar á sykursýki.

Bergþóra Eiríksdóttir, dýralæknir og einn eigenda ArcticLAS, segir að notkun erfðatækni sé mikilvægur hluti flestra rannsókna í lyfja- og læknisfræði í dag. Þessi tiltekna rannsóknaraðferð er fjarri því að vera nýlunda á Íslandi, en notkun tilraunadýra við rannsóknir hér á landi hefur tíðkast um árabil, bæði hjá fyrirtækjum og háskólum. Umsvif dýrarannsókna hérlendis eru þó hverfandi lítil í samanburði við slíka starfsemi í Danmörku, Noregi og víðar.

Öll dýr sem ArcticLAS notar við tilraunir eru keypt frá ræktendum sem sérhæfa sig í ræktun tilraunadýra. Innflutningur dýranna er síðan háður leyfi frá Matvælastofnum, og einnig Umhverfisstofnun ef um erfðabreytt dýr er að ræða. Allar rannsóknir sem framkvæmdar eru þurfa að hljóta samþykki frá tilraunadýranefnd áður en rannsókn hefst.

Tilraunin, sem leyfi hefur verið gefið fyrir, felur í sér að kanna sykurþol erfðabreyttu músanna í samanburði við óerfðabreyttar mýs af sama stofni. Að öðru leyti hefur erfðabreytingin engin áhrif á líðan, útlit eða velferð dýranna, að sögn Bergþóru.

Hér á landi hefur mikið verið rætt um útiræktun á erfðabreyttum plöntum og hugsanlega skaðsemi sem af henni getur hlotist. En hvað um erfðabreytt dýr?

„Ef svo ótrúlega vildi til að þessar erfðabreyttu mýs kæmust út í náttúruna, þá hafa þær, eins og aðrar tilraunamýs, minni lífslíkur en villtar mýs og rottur í náttúrunni. Umhverfið er þeim ókunnugt og þær kunna illa að bjarga sér í náttúrunni,“ segir Bergþóra.

Dýrin eru hýst í sérstökum músheldum búrum og herbergjum. Öll dýr sem koma inn á stöðina eru skráð sérstaklega, og afskráð þegar þau hafa verið aflífuð. Öll hræ eru send í brennslu að tilraunum loknum, í samræmi við lög og reglur.

Spurð um dýravelferð segir Bergþóra að nákvæmlega hafi verið rannsakað við hvaða aðstæður tilraunamúsum og rottum líði best. „Stress og vanlíðan dýranna hefur óæskileg og neikvæð áhrif á niðurstöður viðkvæmra tilrauna og því lagt mikið upp úr því að þeim líði vel.“ svavar@frettabladid.is



TILRAUNAMÚS 20 erfðabreyttar mýs og 30 óerfðabreyttar mýs eru nýttar í sykursýkisrannsókninni. MYND/ARCTICLAS

## Íslenska sprotafyrirtækið ArcticLAS

- ArcticLAS er þjónustufyrirtæki á sviði dýratilrauna sem tekur að sér að framkvæma þann hluta af rannsóknum sem krefst notkunar á smáum tilraunadýrum; músum og rottum.
- Fyrirtækið var stofnað árið 2009 af fyrrum starfsmönnum lyfjaþróunardeildar Íslenskrar Erfðagreiningar og þar starfa fjórir fastir starfsmenn; dýralæknir, líffræðingur, dýrahjúkrunarfræðingur og fjármálastjóri.
- Lyfjaþróunardeild ÍE byggði upp aðstöðu ArcticLAS sem stenst alþjóðlegan samanburð hvað varðar aðbúnað og öryggi fyrir dýratilraunir.

*Heimild: ArcticLAS*

Ný íþróttaverslun miðar að því að lækka verð á íslenskum markaði:

# Eiga 25.000 skópör á lagernum

**VERSLUN** Ný íþróttavöruverslun undir merkjum Sports Direct opnar við Smáratorg í Kópavogi á laugardag. Sports Direct er stærsta íþróttaverslanakeðja Bretlands og er í eigu auðkýfingsins Mikes Ashleys.

Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson er framkvæmdastjóri Sports Direct á Íslandi og segir tilkomu þeirra munu breyta nokkru á íslenskum markaði.

„Við ætlum að reyna að lækka verð á íþróttavörum hér á landi og þar er kominn tími til. Við stefnum að því að verða með mjög samkeppnishæf verð.“

Allar vörur verða keyptar beint af lager Sports Direct í Bretlandi.

Verslunin verður að forskrift móðurfyrirtækisins og eru starfsmenn frá Bretlandi nú að leiðbeina við uppsetningu.

Sigurður Pálmi segir þessa verslun geta markað upphafið að frekara samstarfi við Sports Direct um verslanir á Norðurlöndum ef vel tekst upp hér á landi. Hann er bjartsýnn á góðar móttökur.

„Ég held að Íslendinga þyrsti í eitthvað nýtt og meiri fjölbreytni,“ segir Sigurður Pálmi og segir að væntanlegir viðskiptavinir megi vænta hagstæðs verðs og mikils úrvals.



NÝIR Á MARKAÐ Mikill erill hefur verið við standsetningu verslunarinnar. Sigurður Pálmi segir allt að sjötíu manns hafa verið að störfum, þar af um tuttugu fastráðna starfsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við erum til dæmis með 25.000 skópör sem við erum að koma fyrir fyrir opnunarhelgina þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“ - þj




Fylgstu með á Facebook.com/EGFhudvorur

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*



# Fljúgandi

Flugvélafloti Iceland Express er sá yngsti hjá þeim sem stunda áætlunarflug frá Íslandi.




## Iceland Express er stundvísast á Íslandi

Nýjustu mælingar á Túristi.is sýna að ferðir Iceland Express voru allar á réttum tíma á síðustu vikum.* Við erum því stundvísust í millilandaflugi til og frá Íslandi – og þeirri stöðu ætlum við okkur að halda. **Við hlökkum til að ferðast með ykkur í sumar og bjóðum ykkur velkomin um borð.**

*Komu- og brottfarartímar í Keflavík, 1.–15. maí 2012

| Hlutfall brottfara á tíma | Meðalseinkun brottfara | Hlutfall koma á tíma | Meðalseinkun koma | Hlutfall ferða á tíma | Meðalbið alls |
|---|---|---|---|---|---|
| 100% | 0 mín. | 100% | 0 mín. | 100% | 0 mín. |

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

FITON / SÍA




ÓDÝRARA AÐ FLJÚGA

# start í fríið

**SUMARTILBOÐ** LONDON / EDINBORG / KÖLN / BILLUND / GAUTABORG FRÁ:

# 9.900 KR.*

24 TÍMA TILBOÐ
- hefst á hádegi -

Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta á ótrúlegu tilboðsverði, frá **9.900 kr.**, aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Bókunartímabil:** Í dag frá kl. 12.00-12.00 á morgun
**Áfangastaðir:** London, Edinborg, Köln, Billund og Gautaborg
**Ferðatímabil:** 1. júní-30. ágúst

Þú bókar á **www.icelandexpress.is**

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

Iceland Express
- lækkar verð

# neytendur
hagur heimilanna

**6,8%** **ER HÆKKUN** verðs á dagvöru á síðastliðnum tólf mánuðum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

*Hvorki láta jarðeplin spíra né henda grænmeti að ástæðulausu*



Vissir þú að það er gott að setja epli í kartöflupokann til að koma í veg fyrir að kartöflurnar spíri við geymslu? Pakkaðu sellerí í álpappír áður en þú setur það í ísskápinn, þannig eykst geymsluþolið um margar vikur. Svo er óþarfi að hella restinni af víni niður. Settu það frekar í klakapoka og frystu. Notaðu svo í sósur og pottrétti, það gefur gott bragð.

■ **Matvæli**

## Minnst af sýklalyfjum í skandinavískum kjúklingum



Það er meira af sýklalyfjum í kjúklingum frá Póllandi, Spáni og Hollandi en í skandinavískum kjúklingum, samkvæmt frétt á vef danskra neytendasamtaka. Ofnotkun sýklalyfja getur í versta falli leitt til sýklalyfjaþols sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur eina mestu ógnina gegn heilbrigði manna. Notkun sýklalyfja í kjötframleiðslu Evrópu er 68 til 165 mg á hvert kíló af kjöti. Á vef dönsku neytendasamtakanna segir að danskir bændur noti 53 mg af sýklalyfjum á hvert kíló af kjöti. Magnið sé hins vegar minna annars staðar á Norðurlöndum.

■ **Ferðalög**

## Utanríkisráðuneytið lætur þá sem eru á skrá vita um ófremdarástand



Skráning á lista utanríkisráðuneytisins er skynsamleg fyrir þá sem eru á leið út í óvissuna. Á þetta er bent á ferðasíðunni turisti.is. Þar segir að þegar ófremdarástand skapist í útlöndum hafi stjórnvöld hér á landi samband við alla íslenska ríkisborgara sem kunni að vera staddir á viðkomandi svæði. Það er þó ekki sjálfgefið að til séu upplýsingar um alla þá Íslendinga sem búa í útlöndum eða eru á ferðalagi þar sem viðsjárvert ástand skapast. Utanríkisráðuneytið biður þá sem dvelja í útlöndum í lengri eða skemmri tíma að skrá upplýsingar um ferðir sínar á heimasíðu ráðuneytisins. Skráningin hófst síðasta sumar, að því er turisti.is greinir frá.

■ **Matvæli**

## Fernur skipta um lit sé innihaldið of gamalt



Sænska fyrirtækið Tetra Pak íhugar nú að koma fyrir örflögum á mjólkurfernum þannig að þær skipti um lit ef mjólkin hefur verið of lengi utan ísskápsins. Örflagan á auk þess að gefa upplýsingar um frá hvaða býli og úr hvaða kú mjólkin kemur. Neytendur geta sótt þessar upplýsingar með farsímanum sínum. Tetra Pak reiknar með því að þessar mjólkurfernur komi á markað á næsta ári. Vísindamenn við skoska, þýska og bandaríska háskóla hafa um langt skeið unnið að þróun plastumbúða sem skipta um lit þegar innihaldið er að verða of gamalt.



**Á REIÐHJÓLI** Börn yngri en 12 ára eiga ekki að hjóla í umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mikilvægt að barnahjól séu af réttri stærð

**Þegar velja á hjól fyrir barn er mikilvægt að það sé af réttri stærð. Best er að bíða með kaup á tvíhjóli þar til barnið er fimm til sex ára. Ekki er mælt með hjálpardekkjum þar sem þau veita barninu falskt öryggi. Fyrsta hjólið þarf að vera með fótbremsum.**

Það er ekki fyrr en börn eru orðin fimm til sex ára sem þau hafa þroskað með sér jafnvægið. Þess vegna er best að bíða með kaup á tvíhjóli þar til þeim aldri hefur verið náð, að því er segir á vefsíðunni forvarnahusid.is. Bent er á að börn á tvíhjóli með hjálpardekkjum nái oft meiri hraða á hjólunum en þau ráða við. Fjöldi slysa hafi orðið þegar börn hafa hjólað of hratt og þurft að beygja eða hemla snögglega en ekki náð því.

Á vefsíðunni segir jafnframt að alvarleg slys hafi orðið þegar börn á tvíhjólum með hjálpardekkjum hafa hjólað of nálægt gangstéttarbrún og hjálpardekkið farið út fyrir hana, hjólið oltið út á götu og barnið dottið í veg fyrir bíl. Þegar hjálpardekk eru á hjólinu halla börn sér auk þess í öfuga átt í beygjum. Tíma getur tekið að læra að halla sér í rétta átt þegar hjálpardekkin hafa verið fjarlægð.

Fyrsta tvíhjólið á að vera með fótbremsu og hægt á að vera að stíga niður með báðum fótum flötum á jörðina þegar setið er á hjólinu, samkvæmt ráðleggingum á vefsíðunni barntotal.se. Þar er bent á að ekki eigi að kaupa fyrsta tvíhjólið með strákastöng vegna hættu á meiðslum. Bjalla þarf að vera á hjólinu, hlíf yfir allri keðjunni og endurskinsmerki að framan og aftan. Pedalarnir mega ekki vera sléttir.

Við val á reiðhjóli fyrir stærri börn þarf að hafa í huga að þau geti náð í handbremsuna án þess að teygja sig. Þau þurfa einnig að hafa krafta til þess að nota handbremsuna. Jafnframt þarf að huga að því að auðvelt sé að skipta um gír.

Börn undir 12 ára aldri eru ekki talin hafa náð nægilegum þroska til þess að hjóla í umferðinni.

ibs@frettabladid.is





Aðgangsstýrð aksturshlið

**Aukið öryggi á opnum svæðum**

Hægt er að stýra opnun gegnum aðgangskerfi, með fjarstýringu eða GSM-síma. Sterk og vönduð hlið sem henta við íslenskar aðstæður.

ÖRYGGI ○ VELFERÐ

**Sími 570 2400 · oryggi.is**

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

# Gullverðlaun

Holta Kjúklinga - Bratwurstpylsur unnu til gullverðlauna í fagkeppni meistarafélags kjötiðnaðarmanna sem haldin var nú á dögunum. Einnig voru pylsurnar valdar sem besta varan unnin úr alifuglakjöti.

Kjúklinga-Bratwurstpylsur eru óreyktar og unnar úr sérvöldu gæðahráefni. Þær eru kryddaðar til með jurtum og kryddkornum þannig að úr verður bragð sem fær sælkera til að kikna í hnjáliðunum og brosa framan í heiminn.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

**5% ER SÚ MEÐALVERÐBÓLGA** sem markaðsaðilar á skuldabréfamarkaði vænta á næstu tíu árum samkvæmt könnun Seðlabanka Íslands.

Stefnt að skráningu í Kauphöll á næstunni:

## Reginn skilaði hagnaði

Fasteignafélagið Reginn hagnaðist um 138 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Heildarverðmæti eignasafns félagsins var metið á 29,1 milljarð króna í lok tímabilsins og er eigið fé félagsins 8,7 milljarðar. Þetta er meðal þess sem kemur fram í ársfjórðungsuppgjöri félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung.

Reginn er að fullu í eigu dótturfélaga Landsbankans en til stendur að skrá það í Kauphöllina á næstunni. Meðal helstu eigna félagsins eru Egilshöll og Smáralind. Alls telur fasteignasafn þess 31 fasteign og er heildarfermetrafjöldi þess 160 þúsund fermetrar.

Rekstrartekjur Regins voru 849 milljónir á ársfjórðungnum en voru til samanburðar 703 milljónir á sama tímabili 2011. Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingar og afskriftir var 507 milljónir og jókst um 100 milljónir á milli ára. Matsbreytingar á virði fasteigna voru jákvæðar um 234 milljónir.

Hrein fjármagnsgjöld námu 565 milljónum króna á tímabilinu og var hagnaður 138 milljónir eins og áður sagði. Til samanburðar skilaði félagið 121 milljóna króna tapi á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Í tilkynningu frá félaginu segir að afkoman hafi verið í samræmi við áætlanir. - mþl

Arion birtir þriggja mánaða uppgjör:

## Arion banki græddi 4,5 milljarða króna

Arion banki hagnaðist um 4,5 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum þessa árs. Það er um 1,5 milljörðum krónum meira en á sama tímabili í fyrra. Hagnaður af reglulegri starfsemi dróst þó saman um 600 milljónir króna og var 2,5 milljarðar króna. Þetta kemur fram í árshlutauppgjöri bankans sem var gert opinbert í gær.

Heildareignir Arion banka voru 899,4 milljarðar króna og hafa aukist um rúmlega 96 milljarðar króna frá því á sama tíma í fyrra. Þar munar mest um íbúðalánasafn sem bankinn tók yfir frá þrotabúi Kaupþings, sem metið er á 120 milljarða króna. Eigið fé Arion banka var 119 milljarðar króna í lok mars síðastliðins og eiginfjárhlutfall hans 20,2 prósent, sem er töluvert yfir 16 prósenta kröfu FME. -þsj




# Fá ekki bætur vegna fjölmiðlaumfjöllunar

**Capacent vildi bætur úr þrotabúi félagsins sem áður hýsti rekstur þess. Capacent taldi fjölmiðlaumfjöllun hafa skaðað orðspor og viðskiptahagsmuni sína. Skiptastjóri vill rifta færslu eigna úr gamla í nýja Capacent. Fyrirtaka í júní.**

Bótakröfum Capacent ehf. á hendur þrotabús GH1 ehf., sem áður hét Capacent, hefur verið hafnað. Capacent vildi meina að lögbannskrafa skiptastjóra gamla félagsins, og umfjöllun fjölmiðla um hana, hefðu valdið sér fjártjóni upp á átta milljónir króna. Þetta kemur fram í úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur frá 9. maí.

Forsaga málsins er sú að GH1 ehf., sem þá hét Capacent og rak starfsemi á sviði ráðgjafar undir þeim merkjum, var í fjárhagsvandræðum. Frá árinu 2009 og fram á haust árið eftir reyndu forsvarsmenn félagsins að ná samkomulagi við Íslandsbanka um fjárhagslega endurskipulagningu. Það gekk ekki eftir og um miðjan september 2010 stofnuðu stjórnendur Capacent nýtt félag sem keypti rekstur þess. Heimildir Fréttablaðsins herma að kaupverðið hafi verið um 90 milljónir króna. Nýja félagið hóf rekstur undir nafni Capacent ehf. og um 50 starfsmenn eignuðust hlut í því. Nafni gamla Capacent var breytt í GH1 ehf. og það félag tekið til gjaldþrotaskipta. Skuldir þess við Íslandsbanka voru þá um 1,6 milljarðar króna.

Skiptastjóri GH1 ehf., Guðrún Helga Brynleifsdóttir, taldi að ekki hefði verið rétt staðið að kaupum starfsmannanna á rekstrinum. Hún reyndi meðal annars að fá lögbann á notkun á vörumerkjum sem seld voru út úr félaginu, en ekki var fallist á þá beiðni. Þrotabúið höfðaði einnig riftunarmál vegna eignarsölunnar. Kröfur þess í málinu, sem verður tekið fyrir 27. júní næstkomandi, nema tæpum 730 milljónum króna.

Forsvarsmenn hins nýja Capacent ákváðu að lýsa kröfum í bú fyrirrennarans eftir að lögbannskröfunni var hafnað. Töldu þeir félagið eiga rétt á bótum, meðal annars vegna útlagðs kostnaðar og „vegna spjalla á viðskiptahagsmunum og lánstrausti“.

Samkvæmt dómnum vildu forsvarsmennirnir meina að „skiptastjóri hafi ítrekað komið fram í fjölmiðlum vegna málsins, meðal annars í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og Viðskiptablaðinu, þar sem hann hafi greint frá viðskiptum aðila á þann hátt að þau hljómuðu afar tortryggileg í eyrum lesenda. Á fleiri en einum stað hafi skiptastjórinn rætt um yfirvofandi lögreglurannsókn, að kaupsamningar væru ógildanlegir og að lögbann væri yfirvofandi. Ítrekaður málflutningur hans í fjölmiðlum, vegna lögbannsmálsins og í kjölfar þess, hafi skaðað orðspor og viðskiptahagsmuni sóknaraðila verulega […] sóknaraðili telur tjón sitt miklu hærra en 5.000.000 kr., sem krafist sé bóta að álitum fyrir, en sökum sönnunarerfiðleika sætti hann sig við þessa táknrænu fjárhæð sem bætur“. Sóknaraðili vildi hins vegar meina að engar haldbærar sannanir hefðu verið lagðar fram til að sýna fram á tjónið. Dómurinn féllst á það sjónarmið og hafnaði bótakröfunni. thordur@frettabladid.is




**CAPACENT** Deilt hefur verið um hvort rekstur félagsins hafi verið seldur á milli kennitalna á raunvirði. Skiptastjóri hefur höfðað riftunarmál og helsti kröfuhafinn kærði stjórnendur Capacent til lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

### Í rannsókn hjá sérstökum saksóknara

Íslandsbanki, sem er stærsti kröfuhafi GH1 ehf., kærði stjórnendur Capacent ehf. til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra snemma árs 2011 vegna þeirra eigna sem keyptar voru úr félaginu. Ekkert verðmat lá til grundvallar viðskiptunum þegar þau áttu sér stað. Bankinn telur að það verð sem greitt var fyrir eignirnar, um 90 milljónir króna, sé fjarri því að vera raunvirði þeirra og að gerningurinn hafi verið lögbrot. Forsvarsmenn Capacent ehf. fengu hins vegar sérfræðinga til þess að verðmeta það sem til grundvallar lá eftir að viðskiptin áttu sér stað. Samkvæmt því mati var verðmiðinn í takti við eignavirði.

Samstarf um nýjan ávöxtunarleik sem verður hleypt af stokkunum í haust:

## Keldan, Vísir og Kauphöllin setja á fót ávöxtunarleik

Keldan.is, Vísir.is og Kauphöllin hafa gengið frá samstarfssamningi um nýjan ávöxtunarleik, Leikinn, sem hýstur verður á keldan.is en innskráning mun fara fram á Vísir.is. Áætlað er að leikurinn hefjist snemma í haust og mun hann verða þátttakendum opinn að kostnaðarlausu. Markmiðið er að veita öllum áhugasömum um fjármál tækifæri til að fræðast um virkni íslenska markaðarins sem og hvernig skuli nálgast hann með upplýstum hætti svo hann geti nýst sem hluti af áformum um ávöxtun á sparifé.

Í leiknum verður þátttakendum gefinn kostur á því að því að æfa sig í að halda utan um og ávaxta eignir sínar með viðskiptum í hlutabréfum og skuldabréfum skráðum á íslenska markaðnum; sjóðum og gjaldmiðlum, en einnig verður möguleiki á innlánum. Hver þátttakandi mun fá tiltekinn höfuðstól til að æfa sig í að halda utan um og reyna eftir fremsta megni að ávaxta spilapeninga sína sem best.

Í tengslum við leikinn verður boðið upp á fræðsluefni um markaðinn og virkni hans, sem og faglega ráðgjöf. Hægt verður að bera ávöxtun eignasafnsins saman við árangur annarra þátttakenda, keppa í liðakeppnum og verða veitt vegleg verðlaun fyrir bestu ávöxtunina, sem nánar verða kynnt þegar leikurinn verður settur formlega í loftið á Vísi. -mh




**SKRIFAÐ UNDIR** Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands, Freyr Einarsson, ritstjóri fréttastofu Stöðvar 2 og Vísis, og Friðrik Guðjónsson, framkvæmdastjóri Keldunnar, skrifuðu undir samstarfssamning í húsakynnum Kauphallarinnar við Laugaveg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjá einnig önnur frábær verðdæmi á plusferdir.is!

# SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur í sólarhring!

## 2 vikur MALLORCA

**Hotel Bellevue** ☆☆☆

VERÐ FRÁ: **83.975 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 104.950 kr. m.v. 2 fullorðna. Brottför 5. júní - 2 vikur

## 1 vika ALMERÍA

**Arena Center** ☆☆☆☆

VERÐ FRÁ: **79.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíóíbúð. Verð frá 99.800 kr. m.v. 2 fullorðna. Brottför 19. eða 26. júní - 1 vika

## Spretturinn hefst í dag kl. 12:00!

Vertu í viðbragðsstöðu því að við ræsum af stað sjóðheitan sólarsprett á frábæru verði! Tilboðið gildir til **Almería** og **Mallorca** á völdum dagsetningum í júní!

Sólarspretturinn **hefst í dag** fimmtudaginn 24.maí **kl.12:00** og þú hefur aðeins 24 klukkustundir til að bóka ferðina þína á þessu einstaka tilboði – fyrstir koma fyrstir fá!

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.


ÍSLENSKIR DAGAR
Í FJARÐARKAUPUM
14.-26. maí
úr kjötborði
úr kjötborði
Svínahnakki úrb.
1.198,kr./kg
verð áður 1.498,-/kg
Svínalundir
1.598,kr./kg
verð áður 2.198,-/kg
Mexikóostur
224,kr.
Auður 170g
374,kr.
Coke 4x2L
898,kr.
Lambalærisneiðar
þurrkryddaðar
2.598,kr./kg
verð áður 3.259,-/kg
Skyndigrill
þurrkryddað
2.455,kr./kg
verð áður 3.069,-/kg
Lúxus lambalæri
1.398,kr./kg
verð áður 1.698,-/kg
Grillaður kjúklingur + 2L kók
998,kr.
verð áður 1.198,-
Hleðsla 4 teg.
179,kr.
Te&kaffi - Sælkerablöndur
malað eða baunir 250g
798,kr./pk.
Möndlukaka
298,kr.
Ostakex m/chilli
eða hvítlauk
198,kr./pk.
Voga ídýfa 4 teg.
217,kr./stk.
VISA
FK
VIÐSKIPTAMANNAKORT
- Tilvalið gjafakort
www.FJARDARKAUP.is




Monte sol sumarkaffi
**798,kr./pk.**




Síríus 150g 4 teg.
**232,kr./stk.**




Partý mix
**284,kr.**

Osta puffs 150g
**256,kr.**

Sour cream stjörnur 90g
**198,kr.**




Plómutómatar
**598,kr./pk.**

Konfekttómatar
**298,kr./pk.**

Kirsuberjatómatar
**298,kr./pk.**

Agúrka
**378,kr./kg**

Ísl. tómatar 600g
**398,kr./pk.**




Heilsu tvenna
**794,kr.**

Sportþrenna S3
**1.198,kr.**




Milt f/allan þvott 2kg
**995,kr.**




Vilko vöfflur
**448,kr.**

Rabbabarasulta
**386,kr.**




Meðalstór egg 10 stk.
**298,kr.**




Egils Kristall Mexican/ Mix eða pepsi max 2L
**198,kr./stk.**

## Kauptu íslenska vöru og þú getur unnið

**Vinningar**

| | |
|---|---|
| 1. | **Sælulykill á Hótel Örk** |
| 2-5. | 15.000 kr. vöruúttekt í FK |
| 6-10. | Gjafakörfur fyrir heimilið að andvirði 10.000 kr. |

HÓTEL ÖRK

**Tilboð gilda til laugardagsins 26. maí**
**Annar í hvítasunnu - LOKAÐ**

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eru ráð vísindamanna léleg leiðsögn?

## Hin „sterka vísindahyggja“

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra skrifaði athyglisverða grein hér í blaðið í síðustu viku, í framhaldi af málþingi umhverfisráðuneytisins um erfðabreyttar lífverur um miðjan mánuðinn. Á málþinginu kom fram það samdóma álit færustu vísindamanna hér á landi á sviði erfðatækni, að lítil hætta stafaði af ræktun erfðabreyttra lífvera. Það eru ekki ný tíðindi; mikill meirihluti sérfræðinga hefur til dæmis haft sömu afstöðu til útiræktunar á erfðabreyttu byggi, sem talsvert hefur verið deilt um.

Í grein sinni segir ráðherrann í raun að málþingið hafi verið misheppnað: „Þegar upp var staðið reyndumst við hafa skipulagt málþing, þar sem sérfræðingar og fulltrúar stjórnsýslu áttu sviðið – en sjónarmið almennings áttu ekki fulltrúa meðal frummælenda. Jafnframt reyndist á köflum of lítið gert úr afstöðu þeirra sem setja spurningarmerki við ýmsa þætti erfðabreyttrar ræktunar. Í kjölfarið hefur hluti umfjöllunarinnar verið gagnrýndur fyrir að umgangast andstæðar skoðanir ekki af nægjanlegri virðingu – og þar með gera þeim sem ekki aðhyllast sömu sterku vísindahyggjuna erfiðara að taka þátt í samræðunni.“

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Svandís segir að litið hafi verið á málþingið sem fyrsta skrefið í að móta ýtarlega stefnu um erfðabreytta ræktun á Íslandi og vonandi takist betur til í framtíðinni; með því að finna samræðugenið og „gera ólíkum sjónarmiðum jafnhátt undir höfði.“

Ástæða er til að staldra við þessi ummæli ráðherrans. Að sjálfsögðu hljóta stjórnvöld að kalla eftir mismunandi sjónarmiðum þegar mótuð er stefna í málaflokki þar sem hana hefur vantað. Á Íslandi gilda raunar þegar ýtarlegar reglur um erfðabreytta ræktun, að mestu leyti þær sömu og í Evrópusambandinu og eru byggðar á vísindalegri ráðgjöf.

Hins vegar hljóta stjórnvöld að taka meira mark á sjónarmiðum sem studd eru vísindalegum rökum og vönduðum rannsóknum en öðrum viðhorfum. Það hlýtur raunar að eiga við í öllum málum.

Tökum þrjú dæmi til að setja málið í samhengi. Íslenzk stjórnvöld hafa þá stefnu að bólusetja eigi börn við hættulegum smitsjúkdómum. Þau hafa útbúið viðamikla áætlun um hvernig megi draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda þannig að Ísland leggi sitt af mörkum í baráttu gegn hlýnun loftslags. Þau líma á sígarettupakka viðvaranir til reykingamanna á borð við „Reykingar drepa“.

Allt er þetta byggt á ráðgjöf og niðurstöðum vísindamanna. Víðtæk samstaða er í vísindasamfélaginu um að reykingar séu lífshættulegar, að loftslag hafi hlýnað af mannavöldum og að hægt sé að bjarga mannslífum með bólusetningum. Engu að síður eru allmargir „fulltrúar almennings“ sem draga öll þessi vísindi í efa og telja þau jafnvel stórhættuleg. Sumir vísa til vísindarannsókna máli sínu til stuðnings. Meirihluti sérfræðinga á viðkomandi sviði telur þær rannsóknaniðurstöður hæpnar og gerir raunar lítið úr afstöðu þeirra sem styðjast við þær. Stefna stjórnvalda í þessum málum byggist á býsna „sterkri vísindahyggju“.

Við stefnumótun um erfðabreyttar lífverur þarf að horfa til allra vísindarannsókna um efnið, en um leið hlýtur að þurfa að taka mark á áliti yfirgnæfandi meirihluta vísindasamfélagsins. Eins og í hinum málunum sem hér voru nefnd.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

ÍSKÓRINN

**Laus er til umsóknar staða kórstjórnanda íslenska kórsins í Osló, Ískórsins.**

Um er að ræða hlutastarf. Ískórinn æfir eitt kvöld í viku og syngur í messum íslenska safnaðarins ca. einu sinni í mánuði. Auk þess stendur Ískórinn fyrir eigin tónleikum og tekur þátt í hinum ýmsu viðburðum bæði tengdum starfi Íslendinga í borginni en einnig með öðrum aðilum. Kórstjóri er í nánu samstarfi við stjórn kórsins og saman standa þau að verkefnavali kórsins ásamt skipulagningu kórstarfsins. Kórstjóri er einnig í nánum samskiptum við prest íslenska safnaðarins um sálmasöng og annan tónlistarflutning í messum.

**Ert þú á leið til Osló og gætir hugsað þér aukastarf? Starfið hentar einnig vel með námi. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af kórstjórn eða menntun sem nýtist í starfinu. Áhugasamir hafi samband við stjórn kórsins á netfangið iskorsstjorn@gmail.com eða í síma +47-928 62 909.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ávallt viðbúin

Það er góður og gegn skátasiður að vera ávallt viðbúin/n hverju sem er. Svo virðist sem Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, haldi þennan sið í heiðri, að minnsta kosti ef marka má nýlega fyrirspurn hennar til innanríkisráðherra um öryggi íbúa höfuðborgarsvæðisins verði eldgos í nágrenni þess. Meðal þess sem Vigdís vill vita er hvort samið hafi verið við útgerðarmenn um að hafa tiltæk skip til að flytja fólk í burtu í slíku hættuástandi og hvort samið hafi verið við Strætó bs. „um að hafa tiltæka nógu marga vagna til mannflutninga skapist slíkt hættuástand“.

### Kaupum vagna

Í sveitarfélögunum sjö sem mynda höfuðborgarsvæðið bjuggu 1. janúar 2012 203.374, sem er dágóður slatti. Meðalgerð strætisvagna tekur 90 farþega og ef á að tæma höfuðborgarsvæðið í einu vetfangi með strætó þarf því 2.260 vagna. Kannski Vigdís sætti sig við eitthvað færri vagna, en spurningunni um hve marga hún vill hafa tiltæka til mannflutninga er enn ósvarað.



### Til hvers samgönguáætlun?



Lilja Mósesdóttir hefur lagt til að ríkisábyrgðasjóður láni Vegagerðinni 11 milljarða til að ráðast í Norðfjarðargöng og þá hefur Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra, sem reyndar erfði málið frá forvera sínum Steingrími J. Sigfússyni, lagt til að ríkið megi fjármagna Vaðlaheiðargöng um 8,7 milljarða. Það fer að verða spurning til hvers verið er að vinna samgönguáætlun ef breyta á röðun verka þar reglulega. Og hvernig samræmist það kröfum um formfastari stjórnsýslu, sem margir hafa kallað eftir, að taka verk sí og æ út fyrir samþykkta áætlun?

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Spurningar áréttaðar

Landbúnaður



Þórólfur Matthíasson
hagfræðiprófessor

Ígrein hér í blaðinu þann 3ja maí síðastliðinn spurði ég forystu Bændasamtaka Íslands, að gefnu tilefni, nokkurra spurninga. Nú eru liðnar þrjár vikur frá birtingu greinarinnar og í millitíðinni hefur málgagn Bændasamtakanna, Bændablaðið, komið út.

Bændaforystan ætti því að hafa haft bæði tíma og tækifæri til að svara spurningum mínum. En fyrir utan ósannindi og dylgjur hafa þeir hvorki gert tilraun til að upplýsa almenning og félagsmenn sína um skuldamál og fjárreiður samtakanna og fyrirtækja í eigu Bændasamtakanna. Reyndar hafa óbreyttir bændur verið furðu þögulir og ekki þjakað forystu sína með fyrirspurnum.

Þögn forystumanna bænda og Bændablaðsins er afhjúpandi. Hún segir okkur að forystumennirnir og Bændablaðið telji hvorki félagsmenn sína né almenning (sem borgar drjúgan part af kostnaði við rekstur samtakanna) eiga kröfu á skýringum á milljarða halla á hótelrekstri samtakanna. Hún segir okkur að Bændablaðið annað hvort getur ekki eða vill ekki sjá og fjalla um bjálkana í auga bændasamtakanna (en leiðaraskríbent þess blaðs er annars fundvís á flísar í augum megin-

> En fyrir utan ósannindi og dylgjur hafa þeir hvorki gert tilraun til að upplýsa almenning og félagsmenn sína um skuldamál og fjárreiður samtakanna og fyrirtækja í eigu Bændasamtakanna.

landsbúa). Þögn forystumanna bænda og Bændablaðsins segir okkur að þessir aðilar telji að skattgreiðendur eigi enga heimtingu á skýringum á meðferð geymslufjár, en geymslufé er skattfé sem Bændasamtökunum er falið að greiða til bænda.

Þögn Bændasamtakanna er í anda útrásarvíkingsins sem sagði: Ég á þetta, ég má þetta, þetta kemur þér ekki við. Er það virkilega svo að þessi afstaða endurspegli hug allra bænda á Íslandi? Telja forystumenn bænda að það sé sjálfsagt mál að til þeirra sé ausið fé úr ríkissjóði án þess að á móti komi greinargerð til skattgreiðenda um ráðstöfun fjárins?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Takk, Jóhannes

Nýr Landspítali

Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra



Ég þakka Jóhannesi Gunnarssyni lækni kærlega fyrir svar hans við grein minni um Landspítalann /háskólasjúkrahús, en svar Jóhannesar birtist í Fréttablaðinu sl. miðvikudag. Í grein sinni svarar Jóhannes ekki mörgum spurninga minna – og þó. Sum svör má lesa á milli lína. Ég tel því rétt að orða málin með enn einfaldari hætti:

1. Heilbrigðisþjónusta er dýr. Spítalaþjónusta er dýrust þeirra allra.

2. Þegar reisa á byggingar utan um slíka þjónustu er bráðnauðsynlegt að byrja á því að skilgreina vel og nákvæmlega hvaða þjónustu á að veita, hvað til hennar þarf af húsnæði, sérmenntuðu starfsliði, tækjum og búnaði. Hvað það kostar að kaupa og hvað það kostar að reka.

Ég spyr: Hefur þetta verið gert hvað varðar byggingaáform Lsp? Ef svo er hvar er það að finna?

### Háskólasjúkrahús?

Landspítalinn er ekki sjúkrahús af því tagi, sem kallað er háskólasjúkrahús í lögunum um heilbrigðisþjónustu frá 2007. Hann sinnir ekki allri sérfræðiþjónustu á sviði læknisfræði og hjúkrunarfræða og hann sér ekki heldur um framhaldsmenntun sérfræðinga í flestum eða öllum þessum greinum. Því spyr ég: Eru áformin aðeins þau að byggja nýtt yfir þá þjónustu og þau verkefni, sem Lsp sinnir nú eða er ætlunin að byggja yfir miklu víðtækari sérfræði- og kennsluþjónustu – og þá hvaða? Forystumenn Lsp hljóta að vita þetta. Ef sú er ætlunin þá hljóta að liggja fyrir áform um tæki og búnað, um mannafla og um rekstrarfjárþörf.

### Hvað um þau hin?

Þá má lesa það á milli línanna hjá Jóhannesi, að byggingaáformum hins nýja Lsp fylgi áætlanir um að hætta að mestu núverandi spítalarekstri nema á Akureyri – þ.e. þá rekstri sjúkrahúsanna í Vestmannaeyjum, á Selfossi, á Akranesi, í Stykkishólmi, á Ísafirði, á Blönduósi, á Sauðárkróki, á Húsavík og í Neskaupstað. Í grein minni gat ég mér þess raunar til að þau áform hlytu að búa að baki hinum stórhuga byggingaáformum Lsp manna. Sé svo, þá á umræða um það að fá að eiga sér stað þannig að færð séu fram rök og gagnrök og fólk viti hvernig mál séu í pottinn búin en uppgötvi það ekki eftir á. Hvers vegna má ekki opna þá umræðu? Eru menn hræddir – og þá við hvað?

Mér dettur ekki í hug að snúa svo út úr grein Jóhannesar að með henni sé hann að gefa til kynna að rífa eigi þessar byggingar. Því fer fjarri. Leggist sjúkrahúsaþjónusta niður á þessum stöðum þá henta byggingarnar prýðilega fyrir aðra heilbrigðisþjónustu – t.d. hjúkrunarþjónustu. En hví þá að vera að leggja upp með dýrar og umfangsmiklar áætlanir um byggingu nýrra hjúkrunarheimila ef það hlutverk er ætlað Borgarspítalanum og sjúkrahúsunum í Vestmannaeyjum, á Selfossi, á Akranesi, í Stykkishólmi, á Ísafirði, á Blönduósi, á Sauðárkróki, á Húsavík og í Neskaupstað. Hvað annað sér Jóhannes vera hlutverk þeirra?

Heilbrigðisþjónusta er mikilvægasta þjónusta sem samfélag okkar veitir. Hún varðar líf og heilsu okkar allra. Því legg ég til að Lsp, ráðuneytið og heilbrigðisdeildir háskólanna efni til umræðuþings um heilbrigðismál þar sem áform um uppbyggingu og breytingu þjónustunnar eru skoðuð og rædd þannig að línur verði lagðar sem séu skýrar og öllum ljósar. Auðvitað verður um það deilt en engum á að geta hugnast að óttinn við umræðuna sé slíkur að hana beri umfram allt að forðast. Það væri líkt og að verða hræddur við sína eigin spegilmynd.

# Þú ert stunginn, það er vont og þú færð engan pening

Samfélagsmál

Þórður Kristjánsson
stjórnarmaður í Blóðgjafafélagi Íslands



Á hverjum degi láta um 70 manneskjur það yfir sig ganga að víkja í eina klukkustund frá daglegu amstri til þess að láta stinga sig í handlegginn bláókunnugu fólki til hagsbóta. Í staðinn fá þau ekki neitt nema kaffibolla, kökusneið og plástur á bágtið frá hlýlegum hjúkrunarfræðingi. Þetta fólk er blóðgjafar.

Blóð er bráðnauðsynlegt í nútímalæknisfræði. Úr því eru unnir blóðhlutar sem gefnir eru sjúkum og slösuðum, allt frá fyrirburum upp í elstu borgara. Blóð og blóðhlutar eru afar sérstök lækningartæki að því leyti að ekkert getur komið í þeirra stað. Hvorki getum við sótt efni í náttúruna til að leysa þau af hólmi né framleitt í verksmiðjum lyf sem komið geta í stað þeirra. Við getum klofið sameindir, klónað kindur og grætt í menn líffæri sem vaxið hafa á tilraunastofum en við getum ekki búið til blóð í tilraunaglasi. Þess vegna eru blóðgjafar afar mikilvægt fólk.

Við Íslendingar erum svo heppnir að búa við heilbrigðiskerfi á heimsmælikvarða og við höfum rekið blóðbanka í nærri 60 ár. Allan þann tíma hefur verið stefnt að því að eiga alltaf til nægar birgðir blóðs til að sinna þörfum heilbrigðiskerfisins og skjólstæðinga þess. Aldrei hefur komið til þess að birgðir bankans hafi þrotið og heilsu fólks þar með verið stefnt í hættu. Það er að þakka blóðgjafahópnum og vilja blóðgjafanna til þess að bregðast fljótt við þegar til þeirra er leitað.

Langflestir Íslendingar eiga sér einhvern nákominn sem lent hefur á sjúkrahúsi vegna slyss eða sjúkdóms og hefur þar þurft á blóðgjöf að halda. Blóðgjöfin er þá oft forsenda bata eða flýtir honum verulega svo útskrift getur orðið fyrr en ella. Því miður leiða of fáir hugann að því hvaðan þetta blóð er komið. Að sjálfsögðu eru menn þakklátir fyrir að blóðið var til staðar og ástvinur náði bata. Hins vegar er það ekki tilviljun að blóðhlutar voru til reiðu þegar á þurfti að halda, þeir voru til komnir vegna þess að einhverjir höfðu lagt leið sína í Blóðbankann og gefið blóð.

Til þess að geta verið viss um að alltaf sé til nægilegt blóð fyrir ástvini okkar og okkur sjálf, verðum við að skoða hug okkar um það hvort við ætlum að eftirláta öðrum að sjá til þess eða hvort við ætlum sjálf að gefa öðrum til handa. Það geta ekki allir gerst blóðgjafar, sumir vegna lyfjatöku eða annarra heilsufarástæðna, aðrir vegna aldurs eða líkamsburða. Hins vegar getum við langflest, bæði konur og karlar, gefið blóð.

Blóðgjöf er ekki sársaukalaus – það þykir engum gott að láta stinga sig. Hins vegar er sá verkur smávægilegur í samanburði við þær þjáningar sem blóðhlutarnir geta linað. Það fylgir því líka ákveðin vellíðan að gefa blóð. Fullvissan um það að maður geri öðrum gott til er góð tilfinning. Auk þess hefur blóðgjöf í för með sér ákveðið reglubundið eftirlit með heilsu blóðgjafans.

Ég hvet alla til þess að skoða það hvort þeir geti gerst blóðgjafar. Látum ekki tilviljun ráða því hvort blóð er til staðar þegar á þarf að halda. Látum ekki sinnuleysi ráða afstöðu okkar til þess hvort við gefum blóð eða ekki.

# Er þjóðin bótaskyld vegna gjafakvótans?

Sjávarútvegsmál

Gísli Tryggvason
lögfræðingur, fyrrum stjórnlagaráðsmaður og liðsmaður Dögunar



Lýður Árnason
læknir, fyrrum stjórnlagaráðsmaður og liðsmaður Dögunar



Núverandi kvótahafar hafa ítrekað smjattað á málsókn gegn ríkinu verði kvótinn innkallaður og honum úthlutað á ný með jafnræði og atvinnufrelsi allra að leiðarljósi. Þrátt fyrir að hafa einokað auðlindina og arðrænt sem hefur sýnt sig í glórulausri yfirveðsetningu, skuldasöfnun og afskriftum, kennitöluflakki og sýndargjörningum telja kvótahafar veiðiréttinn sína eign og bótaskylda sé hún af þeim tekin.

### Lögin skýr um þjóðareign

Því er rétt að benda á eftirfarandi atriði:

Í 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaga stendur: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Þetta segja sumir fræðimenn marklaust því þjóð hafi enga kennitölu. Þarna verði að standa „ríkiseign“. Rökin eru að löggjafinn geti ekki láð „þjóðareign“ merkingu heldur megi aðeins notast við hugtök sem kennd hafa verið í lagadeildum.

En samkvæmt þessu myndu nytjastofnar hafsins falla undir sama hatt og aðrar ríkiseignir og vera framseljanlegir sem ekki er ætlunin. Kjarninn í hugtakinu „þjóðareign“ er hins vegar ríkiseign eða almannaréttur – sem ekki má selja eða láta varanlega af hendi! Fyrirmyndin er fengin úr lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum, frá 1928: „Hið friðlýsta land skal vera […] ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.“ Hugtakið á sér því stoð í íslenskum lögum – og í nýrri stjórnarskrá stjórnlagaráðs er þessa sérstaklega getið í 34. gr. frumvarpsins.

Í sömu grein laga um stjórn fiskveiða frá 1990 stendur: „Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“ Skýrara getur það vart orðið.

Sumir vilja áskilja sér eignarrétt, ekki yfir nytjastofnunum sjálfum, heldur veiðiréttinum en samkvæmt ofangreindu er það fráleitt þar sem sérstaklega er tekið fram í lögum að forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum sé afturkallanlegt.

Og fleira er vert að nefna. Í lögum um samningsveð frá 1997 stendur í 4. mgr. 3. gr.: „Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips […].“ Ljóst er því að úthlutun almannagæða hefur verið seld og keypt í trássi við lög og vilja löggjafans. Hagsmunaaðilar hafa farið fram hjá þessu með því að hengja aflahlutdeildina á fiskiskip og veðsetja skipið umfram virði og gert veiðiheimildir að markaðsvöru andstætt anda laganna.

> Kjarninn í hugtakinu „þjóðareign“ er hins vegar ríkiseign eða almannaréttur – sem ekki má selja eða láta varanlega af hendi!

### Dómar skýrir um forræði löggjafans f.h. þjóðarinnar

Dæmi eru um að Hæstiréttur hafi staðfest heimild Alþingis til þess að afturkalla veitt leyfi og heimildir ef málefnaleg sjónarmið og jafnræði eru höfð að leiðarljósi.

Nýlegt dæmi er úr dómi frá 27. september 2007 þar sem Hæstiréttur var einhuga um að leyfi, veitt Björgun ehf. til vinnslu á hafsbotni 1990, til 30 ára, hefði mátt afturkalla 14 árum síðar á grundvelli nýrra laga frá 2000.

### Auðlindaákvæði í nýrri stjórnarskrá

Í nýrri stjórnarskrá stjórnlagaráðs segir í 1. og 4. mgr. 34. gr.:

„Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja. […]

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.“

Þetta tekur af þann efa sem LÍÚ sáir meðal kjósenda og þingmanna.

### Lokaorð

Samkvæmt ofangreindu hafa útgerðir, bankar og kaupendur kvóta hingað til sjálfir ákveðið viðskiptaforsendur, þ.e. ótímabundinn afnotarétt og yfirveðsetningu. Þeir hafa rekið sitt markaðstorg gegn anda lagaumgjarðar greinarinnar og búið til eigin sýndarheim. Málsókn af þeirra hálfu við innköllun kvóta er auðvitað sjálfsagður réttur þeirra en þann slag á þjóðin að taka og klára þetta deilumál í eitt skipti fyrir öll.



# Stjórnmálasamtökum er gert mishátt undir höfði

Stjórnmál



María Grétarsdóttir
gjaldkeri SAMSTÖÐU flokks lýðræðis og velferðar



Rakel Sigurgeirsdóttir
formaður SAMSTÖÐU-Reykjavík

Mikilvægt er í samfélagsumræðunni að sanngirni sé gætt í samanburði á sýnileika stjórnmálasamtaka og rýnt sé í ástæður þess að sum eru sýnilegri en önnur. Margar ástæður geta legið að baki, svo sem eignarhald og tenging ákveðinna fjölmiðla við stjórnmálasamtök sem og mismikil fjárráð stjórnmálasamtaka. Hér er ætlunin að rýna í þá fjárhagslegu mismunun sem stjórnmálasamtök búa við og þó sér í lagi þá áskorun sem það er nýjum framboðum að keppa við eldri framboð í sínum fyrstu kosningum.

Í lögum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra kemur fram að árlega skuli úthluta fé úr ríkissjóði til „starfsemi stjórnmálasamtaka“ (3. gr. laga nr. 162/2006) sem hafa fengið a.m.k. einn mann kjörinn í næstliðnum alþingiskosningum. Þetta þýðir að þau stjórnmálasamtök sem fengu a.m.k. einn mann kjörinn inn á þing eða a.m.k. 2,5% atkvæða í síðustu alþingiskosningum fá úthlutað fé úr ríkissjóði einu sinni á ári samkvæmt ákvörðun í fjárlögum. Fjárhæðinni er úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

Í 3. gr. þessara laga er gert ráð fyrir þeim stjórnmálasamtökum sem fengu engan mann kjörinn í síðustu alþingiskosningum og nýjum framboðum. Þar segir að stjórnmálasamtök sem bjóða fram í öllum kjördæmum í kosningum til Alþingis geti sótt um sérstakan fjárstyrk úr ríkissjóði að loknum kosningum til að mæta útlögðum kostnaði við kosningabaráttu. Styrkurinn verður þó aldrei hærri en þrjár milljónir.

Árlega er líka veitt fé úr ríkissjóði til „starfsemi þingflokka“ á Alþingi samkvæmt ákvörðun fjárlaga hverju sinni. Greiða skal jafna fjárhæð fyrir hvern þingmann sem kallast „eining“. Að auki er greidd ein eining á hvern þingflokk. Þessu til viðbótar er tólf einingum úthlutað til þingflokka þeirra stjórnmálasamtaka sem eiga ekki aðild að ríkisstjórn.

> „Nýju framboðin munu þurfa að reiða sig á netmiðla og útsjónarsemi við kynningu á stefnu sinni og frambjóðendum…

Þær skiptast hlutfallslega á milli þeirra. Það er forsætisnefnd Alþingis sem setur nánari reglur um þessar greiðslur samkvæmt 4. gr. laga nr. 162/2006.

Í töflunni hér fyrir neðan hafa framlög úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka og þingflokka á árinu 2012 verið lögð saman svo hægt sé að bera saman fjárráð þeirra sem munu bjóða fram í næstu alþingiskosningum. Stjórnmálaflokkar og þingmenn eru taldir til þeirra framboða sem þeir hafa lýst yfir að þeir muni bjóða fram með í næstu alþingiskosningum. Framlag vegna Atla Gíslasonar er því ekki talið hér.

Af tölunum ætti að vera ljóst að SAMSTAÐA flokkur lýðræðis og velferðar, ásamt öðrum nýjum framboðum, mun ekki keppa við fjórflokkana eða Hreyfinguna, nú Dögun, á jafnræðisgrundvelli í næstu kosningum. Nýju framboðin munu þurfa að reiða sig á netmiðla og útsjónarsemi við kynningu á stefnu sinni og frambjóðendum á meðan núverandi flokkar geta keypt aðgang að kjósendum í gegnum stærri og skilvirkari fjölmiðla.

## Framlög á árinu 2012

| | Flokkur | Þingmenn | Samtals |
|---|---|---|---|
| Samfylking | 1 | 16 | 104.067.144 |
| Sjálfstæðisflokkur | 1 | 20 | 87.450.202 |
| Framsóknarflokkur | 1 | 9 | 53.919.545 |
| Vinstri grænir | 1 | 12 | 74.258.984 |
| Dögun | 1 | 3 | 25.357.875 |
| Björt framtíð | | 1 | 648.750 |
| SAMSTAÐA | | 1 | 648.750 |
| **Samtals** | | **62** | **347.000.000** |

# Er allur þjófnaður í matvöruverslunum tilkynntur til lögreglu?

Viðskipti



Stefán Hrafn Jónsson
lektor í félagsfræði

Undanfarin ár hefur talsmaður matvöruverslunar mætt reglulega á útvarpsstöðina Bylgjuna og fjallað um vandamál sem verslun á Íslandi hefur þurft að glíma við; þjófnað í verslunum. Svo virðist sem töluvert sé um að fólk komi í verslanir og borgi ekki fyrir þær vörur sem það tekur með sér heim. Hins vegar er afar óljóst hvert markmið þessarar árlegu umræðu er.

Ólíklegt að er að umræðan höfði svo til samvisku þjófa og þeir bæti sitt ráð, enda er vandinn jafnan síst minni ári síðar. Mögulega er talsmaðurinn með þessari umræðu að réttlæta hækkun á vöruverði þar sem þessi rýrnun leiðir óhjákvæmilega til hærra vöruverðs til heiðarlegra viðskiptavina. Þriðja skýring á þessari árlegu umræðu er að talsmaðurinn sé að höfða til árvekni heiðarlegra viðskiptavina, að þeir láti vita ef þeir verða varir við þjófnað í matvöruverslunum.

Í því ljósi tel ég rétt að tilkynna um það sem ég tel vera tilraun til þjófnaðar í matvöruverslun.

Nýlega sá ég í verslun Krónunnar auglýst hilluverð á erlendum frosnum kalkúnum á 1.278 kr. hvert kíló. Þetta verð var með afslætti þar sem áður auglýst kílóverð var 1.598 kr./kg. Ég keypti tvo kalkúna, samtals 8,485 kg. Við kassa borgaði ég 13.559 kr. sem samrýmdist verðinu fyrir afslátt. Ég benti á þessi mistök en starfsmaður á kassa sagði mig hafa litið rangt á hilluverðið og leiðrétti því ekki söluverðið.

Eftir að hafa greitt uppsett verð kannaði ég sjálfur hilluverðið og sá að mistökin voru verslunarinnar, ekki mín. Auglýst hilluverð var 1.278 kr. hvert kg. Verslunar- eða vaktstjóri leiðrétti villuna með því að rétta mér snepil sem reyndist vera inneignarnóta fyrir 2.600 kr. Ég fékk ekki reiðufé til baka en það hefðu átt að vera eðlileg viðbrögð miðað við aðstæður.

Tveimur dögum síðar fer ég í sömu Krónuverslun. Forvitni mín rak mig áfram með frosinn kalkún í fanginu að kassa þar sem ég bað um verðkönnun. Aftur var kassaverð 1.598 kr./kg en auglýst hilluverð 1.278 kr. Ég bað saklausan kassastarfsmann um að kalla á verslunar- eða vaktstjóra. Vaktstjórinn (sem nú var annar en tveimur dögum fyrr) sagðist vita um þetta misræmi og það þyrfti að leiðrétta þetta með aðkomu vaktstjóra í hvert skipti því illa gengi að fá kassaverðið leiðrétt í tölvukerfinu. Mér var ekki ljóst hvort vaktstjóri væri með þessu að segja að henni þætti eðlilegt að aðeins vökulir viðskiptavinir fengju vöruna á auglýstu verði.

Vera má að þetta endurtekna misræmi kassaverðs og hilluverðs sé afleiðing af röð mistaka. En þetta tilfelli sem ég lýsi hér að ofan er ekki eina dæmið sem ég hef orðið vitni að á íslenskum matvörumarkaði. Mistökin eiga sér stað ár eftir ár í fleiri verslunum en bara Krónunni. Mistökin sem ég hef orðið var við og læt starfsmenn vita af í góðu skipta tugum. Það getur varla verið svo flókið að reka verslun að það sé ekki hægt virða þennan rétt viðskiptavina.

Ef talsmenn matvöruverslunar vilja með sanni uppræta þjófnað í matvöruverslunum þá hljóta þeir að sjá til þess að verslanir sem auglýsa afslátt sýni þá lágmarkskurteisi að auglýst verð sé í samræmi við það verð sem viðskiptavinur greiðir, annað er þjófnaður. Neytendur eiga þennan einfalda rétt og ekki er hægt að líða að á honum sé troðið.

Næst þegar ég stend matvöruverslun að því að hafa af mér fé með röngum óheiðarlegum auglýsingum um afslátt sem ekki stenst mun ég líklega kæra þann þjófnað í versluninni til lögreglu. Slík tilkynning væri í samræmi við auglýstar starfsreglur sumra verslana sem tilkynna að „allur þjófnaður í versluninni er tilkynntur til lögreglu“ eða var það „allur þjófnaður úr versluninni“?

Talsmaður Krónunnar svaraði ekki tilboði mínu um að birta svar við þessum skrifum á sama tíma heldur bauð mér bætur fyrir óþægindin. Bætur sem ég ekki þáði.

# Boðið upp í dansinn

Sjávarútvegsmál



Sverrir Hermannsson
fv. alþingismaður

Úr þessum penna hefir margsinnis dropið, að sagnfræðingar framtíðar muni dæma harðast allra stjórnmálamanna þá, sem ríktu í aðdraganda og í hruninu sjálfu, þá Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson; þeim næst ötulustu undirmenn þeirra og leiguliða, sem þeir mötuðu aðallega með þjóðareigninni, fiskinum í hafinu.

Maður spyr mann um upphaf hrunsins og orsakir. Hvorutveggja er að finna hjá landsstjórn þeirri, sem þá ríkti á landinu. Sú ríkisstjórn gaf vinum sínum lungann úr þjóðareign með úthlutun fiskifangs til vildarmanna – ókeypis.

Varnarmenn óstjórnar eiga til að benda á auðlindagjald, sem lagt var á um aldamótin í kjölfar Auðlindanefndar, sem sett var á laggirnar, hverrar niðurstaða virtist öll unnin eftir fyrirsögn LÍÚ-forystu. Auk þess sem valdhafar léttu meiri gjöldum af útgerð en sem nam hinu svokallaða auðlindagjaldi.

Haft er hátt um það á alþingi að mikillar aðgæzlu sé þörf í fjármálum. Meðan á fjármálaaustrinum stóð, hversu oft var ráðamönnum ekki bent á hina varhugaverðu fjármálaþróun; hina gegndarlausu eyðslu langt umfram fjárlög, sem nam um 20% – tuttugu af hundraði – árlega, umfram verðlagsþróun, alla þeirra stjórnartíð?

Hvers vegna?

Vegna þess að ráðamenn voru sem mest að vinna við að kaupa sér atkvæði í gæluverkefnum umfram nauðsyn og til gottgjörelsis einkavinunum.

Þeir stunduðu „sósíalisma andskotans“, sem Vilmundur heitinn Jónsson, fyrrv. landlæknir, nefndi svo eftir þeirri kennisetningu vinskaparins, að ríkinu bæri að sjá um fyrirtæki sem tap væri á, en önnur yrðu í umsjá og á arðgjöf einkavina valdhafa.

Samkvæmt þeirri kennisetningu var Landssíminn seldur, einhver dropsamasta mjólkurkýr ríkissjóðs; og síðan hvert stórfyrirtækið af öðru, og eru ríkisbankarnir frægustu bitbeinin. Nú er í fréttum, að þeir á alþingi vilji forvitnast um þær makalausu sölur.

Betra er seint en aldrei, en ætli því verði ekki öllu drepið á dreif, af þeim sem hin raunverulegu völd hafa – peningafurstunum? Þeim hinum sömu sem ráða skipan fiskveiðimála og stjórnmálamenn knékrjúpa fyrir?

Dæmi af einkavæðingu: Halldór Ásgrímsson gaf Samherja, við úthlutun kvóta, aukreitis 4.400 tonn af þorski í upphafi Hrunadans. Þegar kvótaverð var sem hæst lagði sú gjöf sig á rúma 18 – átján – milljarða króna. Ágústi Einarssyni voru þá gefin 2.900 tonn, sem í sama máta gerðu í blóðið sitt rúma 12 – tólf – milljarða króna.

Og áfram dunar dansinn. Margur hinna nýju dansherra stígur sporin í góðum takti við LÍÚ-greifana.





**STÄM** pizzahnífur
L17cm. Ýmsir litir **250,-**



**HEIMAPIZZA**
pizzaostur 300g **445,-**



**ENVIS** penslar L20 og 18cm
Hvítt/rautt **695,-/2 í setti**



**95,-**

**HEIMAPIZZA** pizzadeig 380g

# Eurovisionveisla heima hjá þér?



**245,-**

**HEIMAPIZZA**
pizzasósa

**STRÅLANDE** rifjárn L28cm
Ryðfrítt stál/dökkgrátt **895,-**






**HEIMAPIZZA**
hvítlauksolía
300ml **595,-**



**STRÅLANDE** saxari
H20cm. Hvítt **1.290,-**

EUROVISIONTILBOÐ

**795,-/pk.**

**HEIMAPIZZA** pizzadeig 2 stk., pizzasósa og pizzaostur



**HEIMAPIZZA**
pizzanet 12" **995,-**
pizzanet 14" **1.145,-**



**HEIMAPIZZA**
pepperoni 88g **275,-**



**DRÄLLA** mjúk skurðarbretti L37×B29cm
Grænt/rautt **495,-/2 í pk.**



**ÄNDLIG** hnífasett
Inniheldur: Brauðhníf kokkahníf,
grænmetishníf 23 og flysjunarhníf
Ryðfrítt stál **1.790,-/4 í setti**



**SOMMARLOV**
servíettur
B38×L38cm
Ýmis mynstur

**395,-/30 í pk.**



**HEIMAPIZZA**
brauðstangaolía
400g **595,-**



**HEIMAPIZZA**
skinka 140g **245,-**



**MAGASIN** kökukefli
L43cm. Gegnheilt birki **695,-**

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

# Sameinum Neytendastofu og talsmann neytenda

Neytendamál



Gunnar Alexander Ólafsson
hagfræðingur og situr í stjórn Neytendasamtakanna

Í byrjun árs 2010 boðaði forsætisráðherra að raunhæft væri að fækka 200 stofnunum ríkisins um 30% til 40% á tveimur til þremur árum, sem þýðir fækkun um 60 til 80 stofnanir. Það er ekki tilefni þessarar greinar að meta hvort þessi fyrirætlan hafi gengið eftir, heldur að leggja til einfaldari stjórnsýslu og skarpari áherslur í opinberu neytendastarfi. Með því að sameina embætti talsmanns neytenda og Neytendastofu í eina stofnun, Umboðsmann neytenda, myndi opinbert neytendastarf eflast og styrkjast um leið og starf nýju stofnunarinnar yrði markvissara.

## Fyrirkomulag neytendamála í dag

Að neytendamálum starfa nú Neytendastofa, Neytendasamtökin og talsmaður neytenda, auk hagsmunasamtaka og stofnana á ákveðnum sviðum neytendamála.

■ Neytendastofa er opinber stofnun sem sinnir eftirliti með ýmsum lögum á neytendasviði. Á fjárlögum fær stofnunin um 186 milljónir.

■ Meginverkefni talsmanns neytenda er að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd. Á fjárlögum fær talsmaður neytenda um 14 milljónir.

■ Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök sem berjast fyrir hagsmunum neytenda. Neytendasamtökin reka m.a. leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu, þar sem neytendur geta fengið leiðbeiningar um lagalegan rétt sinn og aðstoð við úrlausn mála. Félagsgjöld standa að mestu undir kostnaðinum en samtökin fá 8,5 milljónir af fjárlögum, sem er um þriðjungur þess sem kostar að reka þjónustuna.

Það er skoðun Neytendasamtakanna að hlutverki talsmanns neytenda sé ágætlega fyrir komið hjá Neytendasamtökunum og um leið hjá nýrri stofnun, Umboðsmanni neytenda. Neytendasamtökin hafa sinnt því hlutverki að vera talsmaður neytenda allt frá stofnun samtakanna árið 1953.

## Norræn fyrirmynd

Þegar ákveðið var á Alþingi fyrir sjö árum að breyta opinberu neytendastarfi gerðu Neytendasamtökin ásamt aðilum vinnumarkaðarins mikilvægar athugasemdir við þær breytingar. Snerust athugasemdirnar bæði um stofnun sérstaks talsmanns neytenda og verksvið Neytendastofu. Það var skoðun Neytendasamtakanna að stofnað yrði, að norrænni fyrirmynd, embætti umboðsmanns neytenda. Jafnframt að farin yrði sama leið og í Svíþjóð og Finnlandi þar sem umboðsmaður neytenda er einnig forstjóri Neytendastofu.

## Villandi fyrirkomulag

Neytendastofa, Neytendasamtökin, talsmaður neytenda – hvert eiga neytendur að snúa sér? Það er ekki óeðlilegt að neytendur ruglist á þessum nöfnum enda keimlík. Neytendasamtökin, sem hafa starfað í 59 ár, finna fyrir því og ekki bara hjá neytendum sjálfum, heldur einnig hjá fjölmiðlum og jafnvel stjórnmálamönnum. Á þessum sjö árum sem Neytendastofa og talsmaður neytenda hafa starfað hefur það sýnt sig að neytendur eiga erfitt með að fóta sig í núverandi fyrirkomulagi og Neytendasamtökin þurfa ítrekað að leiðrétta misskilning. Eðlilegt er að þeir fjármunir sem myndu sparast með þessari breytingu á skipan opinberra neytendamála séu að hluta til nýttir til að efla þjóðinni fyrstu Neytendasamtakanna og nýrrar stofnunar umboðsmanns neytenda. Því vilja Neytendasamtökin ítreka þá afstöðu sína að sameining stofnana sem vinna að neytendamálum myndi styrkja og bæta til muna neytendastarf.

# Sagan af brúnu tunnunni

Umhverfisvernd



Michele Rebora
umhverfisfasisti og stjórnunarráðgjafi

Ég myndi helst vilja eignast hænur til að breyta matarafgöngunum mínum í egg, en get það ekki. Ég bý þó svo vel að eiga garð þar sem ég get haft moltugerðarkassa og búið til jarðvegsbæti sem ég nota síðan sjálfur í garðinn minn.

En hvað með alla þá sem ekki hafa aðstöðu til heimajarðgerðar? Hvað er til ráða handa þeim? Tja, þeir gætu fengið sér kvörn í vaskinn og látið vatnið og þyngdaraflið um að losa sig við eldhúsafgangana. En er það nógu gott? … Þeir geta bara sett eldhúsafgangana í gráu ruslatunnuna sína og látið SORPU um að búa til metan á urðunarstaðnum úr þeim, sem og úr öllu hinum lífræna úrganginum, sláturhúsaúrgangi, fráveituhrati, lýsishrati o.s.frv. Þeir eru víst að gera góða hluti, metan á um 1.000 bíla …

En það hlýtur að vera til enn betri leið. Hvað með brúna tunnu frá Íslenska gámafélaginu? Þeir hafa jú fengið Kuðunginn fyrir þriggjatunnukerfið sitt. Að vísu þarf þá að kaupa fullt af tunnum og koma þeim fyrir; en hvað með það? Það þarf líka að sækja úrganginn á stórum trukkum og auka þannig akstur og umferð um göturnar; en hvað með það? Jú, úrgangi ber að koma fyrir í sérkeyptum maís(plast)pokum sem settir eru í sérkeyptar plastkörfur; en hver vill ekki sýna vistvernd í verki? Ég meina, það hlýtur samt sem áður að vera málið. Það er meira að segja gerð krafa um sérflokkun á lífrænum úrgangi í leiðbeiningum um vistvæn innkaup sem umhverfisráðuneyti er að búa til.

Gott og vel. En hvað verður síðan um úrganginn? Á vef Íslenska gámafélagsins segir að hann sé fluttur beint á jarðgerðarsvæði fyrirtækisins þar sem notast er við nýstárlegar jarðgerðarvélar. En bíddu við, þarf ekki að vera með starfsleyfi til þess að jarðgera? Þrátt fyrir ítarlega leit, finn ég ekkert um starfsleyfi Íslenska gámafélagsins á vef Umhverfisstofnunar né annars staðar. En það hlýtur að vera misskilningur, ég meina, það eru allir með brúna tunnu, meira að segja Umhverfisstofnun. Og ekki starfar ný-umhverfisvottað fyrirtæki án starfsleyfis…

Gott og vel. En hvað verður um þessa dýrindis moltu sem þeir búa til? Hún á að nýtast sem jarðvegsbætir, en reglugerðinni um notkun moltu sem búin er til úr heimilisúrgangi var breytt í fyrra í þá átt að nánast ómögulegt er að nota hana… Er Íslenska gámafélagið ekki örugglega að jarðgera innihald brúnu tunnunnar sem velviljugir viðskiptavinir þess halda til haga? Svarið er NEI! Þeir hættu jarðgerðinni um mitt ár 2011, án þess að tilkynna það til leigjenda brúnu tunnunnar eða draga nokkuð úr markaðssetningu tunnunnar. Sérsafnaða lífræna úrganginum er blandað saman við annað sorp og það flutt til urðunar í Álfsnesi. Sem betur fer sér SORPA um að safna saman metani … Sem sagt, keisarinn er nakinn. Ekki er nóg að hafa af fólki fé með sérpokum, sérílátum, sértunnum og sérferðum; nei, best að hafa það að fífli í leiðinni.

Gallerí Fold í 20 ár 1992–2012



Dieter Roth
18. maí – 3. júní

Listmuna uppboð
Gallerís Foldar

Síðasta uppboð fyrir sumarhlé er mánudaginn 4. júní

Síðustu forvöð að koma verkum á uppboðið er þriðjudaginn 29. maí

Áhugasamir geta haft samband í síma 551-0400

LISTMUNASALA fold
Opið laugard. 11–16, lokað Hvítasunnudag og mánudag
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

# Við biðjum Skálholti griða

Trúmál



Hjalti Hugason
guðfræðingur



Sigrún Óskarsdóttir
guðfræðingur

Sagan segir að Gissur Ísleifsson hafi um aldamótin 1100 gefið Skálholtsland með því skilyrði að þar væri biskupsstóll meðan kristni væri játuð í landinu. Sú skipan hélst allt til Hruns 18. aldar en þá var biskupsstóllinn fluttur til Reykjavíkur. Biskupinn sjálfur keypti Skálholt á brunaútsölu. Þar með voru skilmálar Gissurar rofnir. Í byrjun sjöunda áratugar liðinnar aldar gaf þjóðin þjóðkirkjunni staðinn.

Reikna má með að þessari rausnarlegu gjöf hafi fylgt sambærilegar óskir og hjá Gissuri biskupi forðum: að Skálholt með allri sinni sögu og helgu hefð væri fyrst og síðast vettvangur kirkjustarfs. Í kjölfarið rættust draumar ýmissa hugsjónamanna í kirkjunni. Prestssetur var endurreist. Dómkirkja reis og var búin frábærum listaverkum Gerðar Helgadóttur og Nínu Tryggvadóttur. Stofnaður var lýðháskóli að norrænni fyrirmynd sem nú er ráðstefnusetur. Það varð mörgum gleðiefni að aftur sæti biskup Skálholt þegar embætti vígslubiskupanna voru flutt á hin fornu biskupssetur. Við hönnun Skálholtsstaðar var leitast við að raska náttúrunni sem minnst. Það er erfitt að lýsa því með hlutlægum hætti en mörg þeirra sem staðinn sækja eru kær vitna um helgi hans.

## Blikur á lofti

Saga Skálholts hefur verið mögnuð. Þetta mikla mennta-, menningar- og helgisetur hefur einnig verið vettvangur dramatískra atburða. Á 15. öld var biskupi þar drekkt í Brúará sem þar rennur hjá. Á 16. öld var síðasti kaþólski biskup Norðurlanda hálshöggvinn. Á 17. öld var Ragnheiði Brynjólfsdóttur gert að sverja eið – tákn feðraveldis, tortryggni og harðýðgi. Nú eru enn blikur á lofti og ástæða til að óttast að hin harmræna fortíð varpi enn skugga á Skálholt. Þorláksbúðarmálið sérkennilega er hugsanlega aðeins upphafið að því sem koma skal.

Á kirkjuþingi sl. haust kynnti athafnamaður „viðskiptahugmynd“ sem gekk út á að reisa „miðaldadómkirkju“ í Skálholti. Hugmyndin var ekki rædd á þinginu sem er æðsta stjórnarstofnun þjóðkirkjunnar. Þrátt fyrir það hefur kirkjuráð ákveðið að ganga til samstarfs um hugmyndina með þeirri áhættu sem því fylgir. Áhætta kirkjunnar er ekki fjárhagsleg. Hún er menningarleg. – Ef hugmyndin gengur eftir er augljós hætta á að þessi kirkja yfirskyggi allt annað sem gert er á staðnum.

Hér skal ekki efast um að miðaldakirkjurnar í Skálholti hafi verið merkileg arkítektónísk verk. Þær voru séríslensk útgáfa af stafkirkjum sem við þekkjum best frá Noregi. Þær voru vissulega einstakar en þó þarf að hafa í huga að þær voru merki þess að Íslendingar voru að dragast aftur úr. Á blómaskeiði timburkirkna í Skálholti voru dómkirkjur í öðrum löndum byggðar úr steini. Hér skorti miðstjórnarafl sem lagt gat á fólk þá kvaðavinnu sem bygging steinkirkju krafðist. Timburkirkjurnar í Skálholti eru því þrátt fyrir allt fyrirboði um þá hnignun sem náði hámarki á 18. öld.

## Kirkjuráð komi til sjálfs sín

Þráfaldlega kemur til hagsmunaárekstra milli tveggja hópa sem í Skálholt koma. Flest sem þangað leita vegna þess kirkjulega starfs sem þar fer fram óska næðis og kyrrðar. Ferðamennirnir leita „upplifunar“, veitinga, minjagripa og salerna en eru síðan á bak og burt.

Hugmyndin um „miðaldakirkjuna“ gengur fyrst og fremst út á að auka aðdráttarafl Skálholts fyrir ferðamenn og þá kosti sem Gullni hringurinn hefur upp á að bjóða enda er um „viðskiptahugmynd“ að ræða. Hún er hins vegar léttvæg út frá menningarsögulegu sjónarmiði og óviðkomandi kirkjulegu starfi. – Og þó!

Hugsanlega hefur kirkjuráð eygt þann möguleika að rísi bygging af því tagi sem um ræðir í Skálholti muni rekstraraðilar hennar reyna að ná sem mestu fé af ferðamönnum – eða jákvæðar orðað: veita sem besta þjónustu. Það mundi létta álagi af þeim vanbúnu stofnunum sem þar eru nú. Þetta er vissulega hugmynd út af fyrir sig. Skelfing er þó farið yfir mikið fljót eftir vatni. Í Skálholti þarf aðeins að rísa einföld og látlaus upplýsinga- og þjónustumiðstöð. Það væri verðugt samstarfsverkefni fyrir kirkjuráð og ferðamálafrömuði. Hitt virðist fráleitt að reisa þurfi 600 fermetra „miðaldakirkju“ til að leysa salernisvanda!

> Hugmyndin um „miðaldakirkjuna“ gengur fyrst og fremst út á að auka aðdráttarafl Skálholts fyrir ferðamenn og þá kosti sem Gullni hringurinn hefur upp á að bjóða enda er um „viðskiptahugmynd“ að ræða.

Nú verður kirkjuráð að taka skýra afstöðu. Vill það standa vörð um að áfram gefist þeim sem leita kyrrðar og uppbyggingar í Skálholti tækifæri til þess? Eða vill það einbeita sér að þeim sem eiga þar skamma viðdvöl í leit að „upplifun“? Það virðist hafa verið veðjað á síðari hópinn. Samræmist það þeim skilmálum sem alltaf hafa fylgt eignarhaldi kirkjunnar á Skálholti? – Þarf kirkjuráð ekki að ganga í sig og endurskoða afstöðu sína?

Mikið er nú rætt um kirkju á krossgötum. Traustið fer þverrandi og upp hafa komið mál sem hafa reynst kirkjunni erfið. Trúverðugleiki Þjóðkirkjunnar hefur beðið hnekki. Það er kallað eftir breytingum. Kirkjunni ber að koma gleðiboðskap á framfæri. Ýmsir hafa sagt að skortur á gleði hafi leikið kirkjuna grátt. Þá hefur verið talað um kjarkleysi til að taka á málum. Ásamt gleðinni er kjarkur undirstaða boðskaparins sem kirkjunni er trúað fyrir.

Kirkja sem vill eiga samhljóm með þjóðinni skilur að það er ekki kallað eftir „miðaldakirkju“ í Skálholti. Það er kallað eftir gleði, kjarki, virðingu og næmni fyrir nýjum þörfum í breyttu samfélagi. – Hver eru viðbrögð kirkjustjórnarinnar?


ÚTILÍF
AFSLÆTTIR SEM GANGA LENGRA
NÚ BJÓÐUM VIÐ UPP Á FRÁBÆR TILBOÐ Á ÖLLUM GÖNGUSKÓM.
VANDAÐIR SKÓR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR. AFSLÁTTUR GILDIR TIL MÁNUDAGS.
TILBOÐ: 42.392 KR.
MEINDL ISLAND GTX
Hálfstífir og margrómaðir.
Fáanlegir í dömu- og herraútfærslu.
Almennt verð: 52.990 kr.
TILBOÐ: 43.992 KR.
SCARPA LADAKH GTX
Vinsælir og öflugir í lengri göngur.
Fást í Kringlunni og Glæsibæ.
Almennt verð: 54.990 kr.
TILBOÐ: 43.992 KR.
SCARPA HEKLA GTX
Klassískir gönguskór fyrir dömur.
Fást í Kringlunni og Glæsibæ.
Almennt verð: 54.990 kr.
TILBOÐ: 34.392 KR.
MEINDL KANSAS GTX
Sérlega þægilegir og traustir, Gore-Tex vatnsvörn. Fáanlegir í dömu- og herraútfærslu
Almennt verð: 42.990 kr.
TILBOÐ: 26.392 KR.
TREZETA TIWANACU
Góð vatnsvörn og góður stuðningur.
Öflugir í lengri göngur. Í dömu- og herraútfærslu.
Almennt verð: 32.990 kr.
TILBOÐ: 23.992 KR.
TNF VINDICATOR MID GTX
Þægilegir í léttar göngur.
Fáanlegir í dömu- og herraútfærslu.
Almennt verð: 29.990 kr.
TILBOÐ: 21.592 KR.
TNF HEDGEHOG GTX III
Þægilegir í léttar göngur
GTX-vatnsvörn og Vibram - sóli.
Fáanlegir í dömu- og herraútfærslu.
Almennt verð: 26.990 kr.
TILBOÐ: 13.592 KR.
TREZETA IDAHO JR.
Vatnsvarðir barna- gönguskór.
Léttir og liprir.
Almennt verð: 16.990 kr.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**




# Tax á verkfærum



**3990**

**KÚLUGRILL**
43 cm




**frá 499**

**GRILLKOL**
2 kg



**15.990**

**GASGRILL**
Tveir brennarar




**13.990**

**SAFNKASSI**
470 ltr

FATNAÐUR • ÞVOTTA- OG HREINLÆTISEFNI • VERKFÆRI • HEIMILISVARA • SNYRTIVARA • PRJÓNAGARN • FRÍSTUNDAVARA • MATVARA



# free
# og prjónagarni

## 20,32% afsláttur til og með laugardegi

Afslátturinn er á kostnað Europris. Virðisauka er að sjálfsögðu skilað til ríkissjóðs. Gildir til og með laugardeginum 26. maí.



414 ml

**199**

**FABULOUS FRUIT**
Sjampó / hárnæring



591 ml

**299**

**HÚÐKREM**
Aloe Vera, Vitamin E og Cocoa Butter



236 ml

**199**

**HANDSÁPA**
Tvær gerðir



200 ml

**699**

**BODY BUTTER / BODY SCRUB**
Líkamskrem / kornkrem. Margar gerðir

# Ferðamenn + viðhald ferðastaða = gistináttaskattur?

Ferðaþjónusta

Kolbrún Irma Hreiðarsdóttir
meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræðum



Skattlagningarform ferðamannaskatts er ekki í samræmi við markmið samhangandi laga þó að hugmyndin sé góð. Brýnt er að laga skattaformið með tilliti til að skilgreining á hugtakinu ferðamenn verði í samræmi við ferðamannastaði, ekki gistinætur.

Lög um gistináttaskatt tóku gildi 1. janúar 2012. Markmið laganna er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða sem og að tryggja öryggi ferðamanna. Form skattsins er 100 kr. af hverri gistináttaeiningu, skilgreint sem húsrými eða svæði leigt í allt að einn sólarhring. Tilgangur laganna er að viðhalda þeim ferðamannastöðum sem eru undir miklu álagi tíðrar aðsóknar ferðamanna. Núgildandi skattaform var byggt á þeim grundvelli að þeir njóti sem greiði. Óljós tenging er á milli þess og gistináttaskattsins. Með hliðsjón af markmiðum og tilgangi laganna ætti að endurbæta lög um gistináttaskatt og taka mið af mengunarbótareglunni. Hér verður farið í að rökstyðja ástæður þess.

## Mengunarbótareglan

Í meginatriðum er reglan fólgin í að leggja kostnað á mengunarvald sem nýttur væri til úrbóta á umhverfismengun, auk þess að gera mengunarvald ábyrgan og meðvitaðan um ábyrgð sína. Í samhengi við gistináttaskatt væri hægt að líta á ferðamenn, komna til að skoða og virða fyrir sér fjölsótta ferðamannastaði, sem mengunarvalda. Ábyrgðin felst þá í að ferðamenn greiði fyrir komu sína á slíka staði á einhvern tiltekinn hátt.

Mikilvægt er að horfa til framtíðar við stórvægilegar ákvarðanir og hafa þær í anda sjálfbærrar þróunar. Svo það vefjist ekki fyrir neinum þá er skilgreiningin á hugtakinu sjálfbær þróun, eins og hún kemur fram í skýrslu Sameinuðu þjóðanna Okkar sameiginlega framtíð (e. Our Common Future), þróun sem uppfyllir þarfir nútímans án þess að fórna getu komandi kynslóða til að uppfylla sínar eigin þarfir. Sjálfbær þróun hefur þrjár víddir sem háðar eru hver annarri; umhverfisleg, félagsleg og efnahagsleg. Mengunarbótaregluna er hægt að tengja við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar með því að skilgreina víddirnar þrjár. Umhverfislega víddin felur í sér að viðhalda náttúrunni fyrir komandi kynslóðir, félagslega víddin er að núlifandi og komandi kynslóðir eigi möguleika á að upplifa sömu náttúru og til að loka hringrásinni er efnahagslega víddin sú að mengunarbótareglan sjái til þess að hagrænum aðgerðum er beitt til viðhalds á náttúrunni. Ef þetta er sett í samhengi ferðamannastaða þá munu þeir sem njóta náttúrunnar borga fyrir það og sú fjárhæð notuð til viðhalds og verndunar ferðamannastaða sem gerir öðrum ferðamönnum kleift að njóta sömu náttúrufegurðar í framtíðinni.

> Núgildandi skattaform var byggt á þeim grundvelli að þeir njóti sem greiði. Óljós tenging er á milli þess og gistináttaskattsins. Með hliðsjón af markmiðum og tilgangi laganna ætti að endurbæta lög um gistináttaskatt og taka mið af mengunarbótareglunni.

## Úrræði

Eftir mikla umhugsun er dregin sú ályktun að nefndin sem vann að myndun umhverfisgjalda tengdra ferðaþjónustu hafi valið öruggustu og auðveldustu leiðina til að ná fram ábyrgð mengunarvalda, í þessu samhengi kostnaði sem leggst á ferðamenn sem heimsækja fjölsótta ferðamannastaði. Með núgildandi lögum þurfa allir þeir sem nýta sér gistiþjónustu á Íslandi að greiða gistináttaskatt þó svo að einstaklingarnir eigi enga viðkomu á fjölsóttum ferðamannastöðum. Augljóst er að sú leið er ekki sanngjörn með tilliti til þeirra sem ekki eiga í hlut.

Taka ætti tillit til reglugerðar sem lögð var fram af norska umhverfisráðuneytinu við gjaldtöku á fjölsóttum ferðamannastöðum, þjóðgörðum og friðlýstum svæðum á Íslandi. Reglugerð 79/2001, 78.gr. fjallar um umhverfisgjald sem lagt er á gesti Svalbarða og eru söluaðilar ferðalaga til Svalbarða rukkaðir um 150 NOK fyrir hvern seldan farmiða.

Hugmynd að endurbót gistináttaskattsins er að skattur verði lagður á áætlunarferðir sem fara á slíka fjölsótta ferðamannastaði, einnig bátsferðir og áþekkar ferðir. Að allar ferðaskrifstofur sem skipuleggja ferðir, útlendar sem innlendar, hafi hliðsjón af skattinum þegar á við. Eini ókosturinn við þessa hugmynd er að verið er að vanrækja þá ferðamenn sem ferðast á einka- eða bílaleigubílum.

Vitað er að leigjendur bílaleigubíla borga ákveðið umhverfisgjald. Hægt væri að ráðstafa þeim gjöldum betur og einnig leggja skattinn á sérútbúna bíla, til aksturs á t.d. fjallvegum, sem eru í einkaeigu. Jafnframt væri hægt að halda í sama formsatriði núverandi laga, með smá hliðrun, og leggja gjald á þá ferðamenn sem nýta sér gistiþjónustu á ferðamannastöðum. Þannig er skýrlega gerður munur á þeim sem gera sér ferðir til að skoða fjölsótta ferðamannastaði og eru því fræðilega séð mengunarvaldar þeirra áfangastaða.

Ég hef lagt mitt af mörkum til að stuðla að framgangi endurbóta laga um gistináttaskatt, að mínu mati ætti útkoma jöfnunar að vera ferðamannaskattur á fjölsótta staði. Ég skora á alþingismenn að ganga enn lengra í málinu.

# Kynheilbrigðismál – ekki er ráð nema í tíma sé tekið!

Heilbrigðismál

Sigurlaug Hauksdóttir
yfirfélagsráðgjafi Embættis landlæknis



Gagnleg umræða um kynheilbrigðismál hefur verið í fjölmiðlum að undanförnu. Rætt hefur verið um ávísanir ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga á hormónagetnaðarvarnir fyrir ungt fólk, ódýrari smokka og unglingamóttökur.

## Hver er staða mála?

Viljum við að unga fólkið upplifi kynlíf sitt á sem jákvæðastan og heilbrigðastan hátt? Þegar við berum okkur saman við Norðurlöndin eru Íslendingar með flestar barneignir í hópnum 15–19 ára. Árið 2008 voru það um 14 stúlkur 15–19 ára sem eignuðust börn á hverjar 1.000 konur á meðan þær voru sex í Svíþjóð og Danmörku. Árið 2008 notuðum við næst mest af neyðargetnaðarvörnum á Norðurlöndunum en minnst af hormónagetnaðarvörnum og smokkum. Við erum með hæstu tíðni klamydíu og kynfæravörtusýkinga, en klamydía er algengust í aldurshópnum 15 – 25 ára. Finnst okkur þetta ásættanlegt eða viljum við sporna við og bæta um betur?

## Skiptir aðgengi máli?

Bættu eða skertu aðgengi hefur löngun verið beitt af hinu opinbera til að efla heilbrigði. Frumvarp ráðherra sem heimilar hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum að skrifa lyfseðla fyrir hormónagetnaðarvarnir handa ungu fólki er dæmi um bætt aðgengi. Þessar stéttir eru í miklum tengslum við ungt fólk í skólum og á heilsugæslustöðvum og sinna nú þegar ýmsum þáttum kynheilbrigðis þess, t.d. með fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir og kynsjúkdóma. Það hlýtur því að vera fengur í því að geta bætt þessum þáttum við. Fordæmi er fyrir slíkri þjónustu í öðrum löndum, t.d. þeim sem við gjarnan berum okkur saman við.

Árið 2002 var ljósmæðrum og hjúkrunarfræðingum í skólum og á heilsugæslustöðvum í Noregi veitt leyfi til að ávísa slíkum lyfseðlum til 16–19 ára ungmenna, en lyfin eru jafnframt verulega niðurgreidd þar í landi. Sex árum síðar höfðu um 56% ungs fólks nýtt sér þessa nýju þjónustu. Er nú lagt til að bjóða stúlkum á aldrinum 20 – 24 ára upp á sömu þjónustu. Rannsóknir þar í landi sýna að þær óska gjarnan eftir ráðgjöf þessara stétta þar sem þeim finnst aðgengið að þeim auðveldara en að heimilislækninum og þær gefa sér betri tíma. Í Svíþjóð hafa ljósmæður ávísað hormónagetnaðarvörnum frá árinu 2000 og það fyrir allar konur á barneignaaldri. Í Noregi er jafnframt lagt til að niðurgreiða eða gera getnaðarvarnir ókeypis fyrir konur upp að 25 ára aldri. Þegar varnir eru ódýrar eða ókeypis sem auðveldar konum val á getnaðarvörn, eru þær líklegri til að velja sér langtímavirkandi hormónagetnaðarvarnir og sýna meðferðarheldni. Slíkt eykur öryggi í kynlífi, dregur úr fóstureyðingum og ótímabærum þungunum sem getur t.d. gerst þegar fólk tekur pilluhlé og hún gleymist. Þessi þjónusta hefur einnig dregið úr félagslegum mun meðal kvenna á barneignaaldri.

Til mikils er að efla kynheilbrigðisþjónustu fyrir ungt fólk. Um þúsundir ungmenna er að ræða, en þau eru rúmlega 4.000 í hverjum árgangi hér á landi. Eftir ítarlegt námskeið ættu umræddar stéttir að vera hæfar til verksins enda með langt heilbrigðisnám að baki. Því fleiri hæfar stéttir sem geta skrifað lyfseðla því auðveldara verður aðgengi ungs fólks að þjónustunni.

## Smokkar

Hormónagetnaðarvarnir koma einungis í veg fyrir ótímabærar þunganir, því er nauðsynlegt að auðvelda samtímis aðgengið að smokkum. Ekki má gleyma því að hann er eina vörnin gegn bæði þungunum og kynsjúkdómum. Þetta er þáttur sem þarf ávallt að hafa í heiðri í ráðgjöfinni um getnaðarvarnir við unga fólkið. Best væri að smokkarnir yrðu ókeypis eða verulega niðurgreiddir, en tillaga ráðherra um að greiða mun lægri virðisaukaskatt af þeim er lítið en ákveðið skref í rétta átt. Til að taka aftur dæmi frá Noregi var árið 2009 tæpum þremur milljónum smokka dreift ókeypis þar í landi. Þá má einnig panta af netinu. Hér má því svo sannarlega bæta um betur.

## Unglingamóttaka?

Rannsóknir sýna að ungu fólki hentar heilbrigðisþjónusta út frá eigin forsendum eins og mæðra- og ungbarnavernd er þjónusta fyrir ákveðna aldurshópa. Ungt fólk vill t.d. sjá alhliða þjónustu ólíkra fagstétta eins og lækna, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa og sálfræðinga allt á einum stað. Þau vilja geta sótt þjónustuna eftir skóla, jafnvel nokkur saman í hóp, án þess að panta tíma eða eiga á hættu að hitta ættingja á staðnum. Í Gautaborg, þar sem búa um 500.000 manns, hefur verið ein unglingamóttaka miðsvæðis með fjölþátta þjónustu, en unglingamóttökur hafa verið starfræktar á Norðurlöndunum í áratugi með góðum árangri. Til mikils væri að efla kynheilbrigði fólks með því að koma einni slíkri á fót á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Öflug síma- og vefþjónusta myndi geta styrkt hana enn frekar og e.t.v. þjónustað landsbyggðina líka. Er ekki lag að bjóða ungu fólki upp á það sem best hefur gefist annars staðar og aðlaga það íslenskum aðstæðum?

Ég held að allir vilji, ekki síst unga fólkið, að því farnist vel á öllum sviðum. Allt of lengi hefur kynheilbrigði ungs fólks gleymst í uppbyggilegri umræðu og framkvæmdum. Er ekki orðið tímabært að taka skref að auknu aðgengi og eflingu kynheilbrigðisþjónustu fyrir ungmenni okkar lands?



Láttu draumagarðinn verða að veruleika
Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FILA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Blómaeyjan Madeira

## 22.–31. október

Beint flug með Icelandair



# MADEIRA

Madeira er gjarnan kölluð „Eyja hins eilífa vors" eða „Garðurinn fljótandi". Þessi stórbrotna, blómstrandi paradísareyja er um 600 km vestur af ströndum Afríku og nýtur því hitabeltisloftslags sem eykur enn á aðdráttarafl hennar.



## Alto Lido ★★★

Fyrirtaks hótel í Lido hótelhverfinu. Fjarlægð frá miðbænum er um 2½ km og þægileg gönguleið í bæinn. Í sundlaugargarðinum eru tvær útilaugar og sundlaugarbar. Hótelið er einnig með heilsulind, upphitaðri innilaug, kokkteilbar og veitingastað.

**Verð frá 143.800 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

Á mann m.v. tvo í tvíbýli í 9 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 153.800 kr.



## Pestana Casino Park ★★★★

Mjög gott hótel í göngufæri við miðbæinn í Funchal. Sameiginleg aðstaða er mjög hugguleg, tveir veitingastaðir, flottar setustofur með líflegum bar og lifandi tónlist á kvöldin.

**Verð frá 165.500 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

Á mann m.v. tvo í tvíbýli í 9 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 175.500 kr.

### Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 kr. bókunargjald. Einungis er hægt að nota Vildarpunkta þegar bókað er á netinu.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 59848 05/12

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

# tímamót

timamot@frettabladid.is



71 **AMERÍSKI TÓNLISTARMAÐURINN BOB DYLAN** á afmæli í dag.
*„Sá sem ekki er önnum kafinn við að fæðast er önnum kafinn við að deyja."*

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**KLARA GUÐBRANDSDÓTTIR**
**frá Laugardælum,**
**til heimilis að Bláskógum 13 Hveragerði,**

lést fimmtudaginn 17. maí. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 25. maí kl. 15.30.

**Guðbrandur Einarsson** **Sigurlína J. Gunnarsdóttir**
**Katrín Einarsdóttir** **Geir Jónsson**
**Einar Smári Einarsson**
**Ægir Einarsson**
**Sigurður Einarsson** **Gíslína Jensdóttir**
**Sverrir Einarsson** **Sigrún Helga Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og mágkona,

**MARÍA H. GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Skúlagötu 40,**

lést á Kvennadeild Landspítalans þann 18. maí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Líf, styrktarfélag Kvennadeildar Landspítalans.

**Elín María Ólafsdóttir** **Jóhannes Gíslason**
**Kristín Ólafsdóttir**
**Auður Ólafsdóttir** **Stefán Pétursson**
**Jens Ólafsson** **Kristín Eggertsdóttir**
**Hjördís Jensdóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**BENEDIKTS KARLS BACHMANN**
**Kirkjuteigi 29, Reykjavík.**

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Margrét Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn Bachmann** **Rannveig Jónsdóttir**
**Hrefna Bachmann** **Ólafur Þór Vilhjálmsson**
**Gabríel Benedikt Bachmann**
**Bjartur Örn Bachmann**
**Auður Drauma Bachmann**
**Margrét Björk Ólafsdóttir**
**Sara Sigríður Ólafsdóttir**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG ANNA BJÖRGVINSDÓTTIR**
**frá Garði, Mývatnssveit,**
**Vogatungu 27, Kópavogi,**

sem lést á Skjóli miðvikudaginn 9. maí verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 25. maí kl. 15.00. Þeir sem vilja minnast hennar láti félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga (FAAS) njóta þess. Innilegar þakkir eru færðar starfsfólki Skjóls og sérstakar þakkir til starfsfólksins á Roðasölum fyrir einstaka umönnun.

**Sigurvaldi Guðmundsson**
**Garðar Sigurvaldason** **Sveinbjörg A. Friðbjarnardóttir**
**Guðmundur Æ. Sigurvaldason**
**Skúli Sigurvaldason** **Fiona Sigurvaldason**
**Ásgeir Sigurvaldason**
**Stefán Bj. Sigurvaldason** **Rut Agnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, sonur,
bróðir, mágur og afi,

**KJARTAN JÓNSSON**
**Kjartansgötu 8, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 13. maí. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 25. maí kl 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að styðja Slysavarnarfélagið Landsbjörgu.

**Ólöf Júlía Kjartansdóttir**
**Árni Rúnar Inaba Kjartansson** **Anna Arnardóttir**
**Jón Ólafsson** **Ólöf E. Árnadóttir**
**Steingerður Jónsdóttir** **Örlygur Karlsson**
**Ólafur Jónsson**
**Skafti Jónsson** **Bente Nielsen**
**og afabörnin.**

---

# Grafík eftir Roth í Galleríi Fold

Í Galleríi Fold við Rauðarárstíg var nýlega opnuð sýning á verkum þýsk-svissneska listamannsins Dieters Roth (1930 - 1998). Þar getur að líta grafíkverk unnin með blandaðri tækni.

Mörg verka Dieters eru í seríum og hann notaði ýmsa grafíktækni eins og steinprent, koparstungu, þurrnál, ætingu og sáldþrykk. Verkin sem sýnd eru nú ná yfir tuttugu ára tímabil en þau elstu eru frá 1970 og þau yngstu frá 1994.

Dieter var sterkur áhrifavaldur í íslenskri myndlist og auk þess talinn í hópi virtustu grafíklistamanna heims. Hann fluttist til Íslands með eiginkonu sinni, Sigríði Björnsdóttur, 1957 og hóf útgáfu á bókverkum í samstarfi við Einar Braga Sigurðsson. Auk grafík- og bókverkanna vann Dieter jöfnum höndum við innsetningar og gjörninga ásamt því að vinna við skriftir, ljóðagerð og tónsköpun. List hans naut mikillar aðdáunar á áttunda áratugnum. Hann kom fram fyrir hönd Sviss á Feneyjatvíæringnum 1982 og hlaut upp frá því fjölda alþjóðlegra verðlauna fyrir list sína.

Sýningin í Galleríi Fold stendur til 3. júní, á sama tíma og Listahátíð í Reykjavík.



**EITT VERKANNA** Dieter Roth er talinn í hópi virtustu grafíklistamanna heims.



**FABÚLA** Kemur fram í Surnadal um helgina.

## Fabúla í Noregi

Tónlistarkonan Fabúla, eða Margrét Kristín Sigurðardóttir, kemur fram á listahátíðinni Vårsøghelga, sem haldin er í Surnadal í fylkinu Mæri og Raumsdal í vesturhluta Noregs, um næstu helgi.

Meðal listamanna sem áður hafa komið fram á hátíðinni má nefna Terje Tysland, Henning Sommero, Edvard Hoem, Nidarosdomen's kvennakórinn, Magnhild Frydenlund Brøske og Torstein Snekvik.

Fabúla, sem stundaði listnám í Noregi á sínum tíma, hefur gefið út plötur síðan 1996 og þá nýjustu, In Your Skin, árið 2009.

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**RAGNHEIÐAR GUÐJÓNSDÓTTUR**

Sérstakar þakkir sendum við til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð á Vífilsstöðum fyrir elskulegt viðmót og góða umönnun.

**Oddur Helgason**
**Anna Oddsdóttir** **Steinar Friðgeirsson**
**Halldóra Oddsdóttir** **Jón B. Björgvinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát
og útför föður míns,

**GUÐBJÖRNS GUÐJÓNSSONAR**
**Haukanesi 5, Garðabæ**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sóltúns og deildar 11G á Landspítala Hringbraut fyrir einstaka umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Bergþóra Guðbjörnsdóttir**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma
og langamma,

**ARNBJÖRG DAVÍÐSDÓTTIR**
**áður Borgarholtsbraut 67, Kópavogi,**

sem lést að Hrafnistu þann 16. maí verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 25. maí kl. 14.00.

**Örn Harðarson** **Halla Hallgrímsdóttir**
**Þórhalla Harðardóttir** **Jón Jóhannesson**
**Jóhanna Harðardóttir** **Sigurður Ingólfsson**
**Ari Harðarson** **Hjálmfríður Nikulásdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær sambýliskona, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN ÁRSÆLSDÓTTIR**
**til heimilis að Drekavöllum 18,**
**221 Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum Hringbraut þann 18. maí. Hún verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þann 30. maí kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á krabbameinsfélögin.

**Sigurður Björgvin Viggósson**
**Ársæll Þorleifsson, Kristín S. Geirsdóttir, Hákon Þorleifsson,**
**Oddný Kristín Oddsdóttir, barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Ástkær sonur minn, faðir okkar,
afi og bróðir,

**JÖKULL KRISTJÁNSSON**
**frá Patreksfirði,**

sem lést þriðjudaginn 15. maí á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, verður jarðsunginn frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 26. maí kl. 14.00.

**Erla Hafliðadóttir**
**Jökull Steinan Jökulsson**
**Gilbert Þór Jökulsson**
**Margrét Helga Jökulsdóttir**
**systkini og fjölskyldur.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi
og langalangafi,

**MAGNÚS BERG BERGSTEINSSON**
**Dalbraut 27, Reykjavík,**

er lést mánudaginn 14. maí, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 25. maí kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gunnhildur S. Magnúsdóttir**
**Sigrún Magnúsdóttir**
**Sigríður Bergdís Magnúsdóttir**
**G. Hafsteinn Hjaltason**
**Sigríður Oddný Jansen**

---



Ástkær sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**SVAVAR KRISTJÓNSSON**
**rafverktaki**
**Eikjuvogi 17,**

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 29. maí og hefst athöfnin kl. 15.

**Guðný Ásbjörnsdóttir**
**Guðný Svavarsdóttir** **Sveinn Óttar Gunnarsson**
**Jörundur Svavarsson** **Sif Matthíasdóttir**
**Erla Kristín Svavarsdóttir** **Sigríkur Smári Ragnarsson**
**Lilja Steinunn Svavarsdóttir** **Bjarni Jónsson**
**Auður Ólína Svavarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar og sonur,

**GUÐMUNDUR KARL ERLINGSSON**
**fyrrv. flugstjóri,**
**Flyðrugranda 14, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 20. maí. Útför fer fram frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 30. maí kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Jón Erlingur Guðmundsson**
**Albert Guðmundsson**
**Friðrik Guðmundsson**
**Hulda Karlsdóttir**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## SUMARTÍSKA

**Tískusýningin Fashion Rio stendur yfir þessa dagana í Rio de Janeiro í Brasilíu. Bjartir litir og létt efni hafa ráðið för hingað til en sýningunni lýkur 4. júní. Brasilískir hönnuðir sýna þar sumarlínur sínar fyrir konur og karla.**




Eirberg



Rafknúnir lyftihægindastólar

Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



STÓRLGLÆSILEGUR



Teg MYSTERY - létt fylltur og hlýralaus í A, B, C, D skálum á kr. 8.680,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur



Vinsælu STRETCH buxurnar eru komnar aftur



Verð 8.990 kr

Síðar og kvart í fallegum litum

Nú einnig hnésíð pils úr sama efni
Verð 8.990 kr

Vertu vinur

hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16




**SUMARLEG OG SÆT** Skyrtan sem Kristín klæðist er úr Rauðakrossbúðinni og kjóllinn er úr Kolaportinu.

# FÆR EKKI NÓG AF SÓLGLERAUGUM

**SPENNT FYRIR HELGINNI** *Kristín Dóra Ólafsdóttir er 19 ára Verzlunarskólamær sem verður stúdent næstkomandi laugardag. Hún er veik fyrir litríkum kjólum, sólgleraugum, hárböndum og blómum í hárið.*

FRAMHALD Á SÍÐU 2

MYND/GVA


Sofðu vel - heilsunnar vegna

VORTILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

PROFLEX



Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.



www.svefn.is

Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

BYLGJAN 989 25 ÁRA

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



## BJARTIR TÓNAR

**Röndótt**

**Bjartur og fallegur sumarkjóll frá Lykkjufalli. Rendurnar fara úr ljósappelsínugulum lit yfir í rauðan.**






FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

# RENDUR OG BJARTIR TÓNAR EINKENNANDI

**HAGNÝT HÖNNUN** *Brjóstagjafafatnaður sem nýtist sem hönnunarfatnaður eftir að brjóstagjöf lýkur er sérstaða hönnunarfyrirtækisins Lykkjufalls.*

Hönnunarfyrirtækið Lykkjufall hannar og selur fatnað fyrir verðandi og nýbakaðar mæður. Nýlega kom á markað sumarlína fyrirtækisins sem einkennist af björtum og fallegum sumarlitum og nýjum vörum. Sigrún Baldursdóttir, eigandi og hönnuður fyrirtækisins, segir sumarlínuna meðal annars innihalda samfestinga, kjóla, stuttermaboli og peysur. „Megináherslan í hönnun minni er á brjóstagjafafatnað. Ég hanna allar vörur mínar með það í huga að hægt sé að nota flíkina áfram eftir að brjóstagjöf lýkur og þá sem hönnunarvöru. Sérstaða hönnunarinnar er að hún auðveldar brjóstagjöf.“ Sigrún hefur bætt inn nýjum efnum og litum í sumarhönnun sína í ár. Hún einkennist af björtum tónum eins og ferskjulituðum, sólstrandarbrúnum og hafbláum. „Þá eru rendur áberandi í sumarlínunni. Þær tóna niður í flíkinni úr ljósum lit yfir í dekkri lit, til dæmis úr ljósbleikum tón yfir í dökkbleikan. Við bjóðum upp á þrjá liti í þessari línu, bleikan, rauðan og grænan en allar vörur Lykkjufalls eru seldar í versluninni Tveimur lífum í Kópavogi.“



**SUMARLEGT** Hér má sjá ferskjulitaðan kjól úr sumarlínu Lykkjufalls. Flíkurnar fást í Tveimur lífum. MYND/VALLI

**STEFNT INN Á SÆNSKA MARKAÐINN**

Sigrún er menntaður fatahönnuður og stofnaði Lykkjufall árið 2006 ásamt eiginmanni sínum, Valdimar Geir Halldórssyni. Síðustu sex ár hafa verið viðburðarík. Um tíma ráku þau verslun í Garðastræti í Reykjavík sem síðar flutti á Laugaveg. Í dag er hönnun Lykkjufalls seld í versluninni Tveimur lífum í Kópavogi. „Reksturinn hefur gengið vel undanfarin ár, að minnsta kosti fáum við tvær pantanir á ári frá þeim verslunum sem selja fatnað okkar. Á meðan pantanir halda áfram að berast höldum við ótrauð áfram.“

Árið 2007 hóf fyrirtækið að selja vörur sínar í Danmörku og Noregi. Næst á dagskrá er innkoma á sænska markaðinn og hönnun á barnafatnaði. Sigrún stundar mastersnám í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði. „Hópurinn minn tók Lykkjufall fyrir og gerði viðskiptaáætlun um inngöngu á sænska markaðinn. Við fengum 9,5 fyrir verkefnið þannig að ég get ekki annað en verið bjartsýn varðandi framhaldið.“ **starri@365.is**



**SIGRÚN BALDURSDÓTTIR** fatahönnuður

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Kristín Dóra Ólafsdóttir útskrifast úr Verzlunarskóla Íslands um helgina. Blaðamaður sló á þráðinn til hennar, forvitnaðist um fatasmekkinn og spurði hvers hún myndi sakna mest við menntaskólaárin. „Ég mun tvímælalaust sakna krakkanna í skólanum og Jónu Möggu og Eyglóar á skrifstofunni mest,“ svarar Kristín.

Kristín Dóra útskrifast úr Verzlunarskóla Íslands næstkomandi laugardag. Hún er að útskrifast af alþjóðabraut en með náminu hefur hún verið formaður málfundafélagsins í Verzló og setið í stjórn nemendafélagsins NFVÍ.

Í sumar er hún að fara í tveggja vikna útskriftarferð til Mallorka en hún mun einnig vinna í Garðheimum. Í haust ætlar hún sér að fara í Háskóla Íslands, en hún er þó ekki búin að ákveða hvað hana langar að læra.

Kristín elskar litríka og glaðlega kjóla en stíllinn hennar einkennist af litríkum og öðruvísi fötum og er hún oftast með falleg hárbönd eða blóm í hárinu. „Ég er líka veik fyrir sólgleraugum. Ég á 37 sólgleraugu og safnið á bara eftir að stækka í sumar,“ segir Kristín. Hún verslar oftast í Rauðakrossbúðinni í Mjóddinni en skyrtan sem hún klæðist á myndinni er einmitt þaðan. Kjóllinn sem hún klæðist er úr Kolaportinu og espadrillurnar eru úr Primark. Kristín fylgist þó líka með hátískunni og uppáhaldsmerkið hennar er Rodarte. Hún er að sjálfsögðu komin með föt fyrir útskriftina á laugardaginn. Hún pantaði sér fallegan grænan kjól á asos.com og keypti skóna í Bossanova.



**VEIK FYRIR KJÓLUM** Kristín sést sjaldan í öðru en litríkum og skemmtilegum fötum. MYND/GVA

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

## STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



**TÍSKUGÚRÚ** Einn helsti tískubloggari Finna, Liisa Jokinen, myndaði tískuna á götum Reykjavíkur í vor í viðburðaríkri heimsókn. Hún hefur brennandi áhuga á tísku og klæðist hér sjálf gráum „vintage"-kjól. MYND/SAMPO KARJALAINEN

# FÉKK Í MAGANN

**REYKVÍSK GÖTUTÍSKA** *Finnski tískubloggarinn Liisa Jokinen skemmti sér hið besta í Reykjavíkurheimsókn þar sem hún myndaði tískuna á götunni.*

Mér finnst frábært hvernig þið klæðist íslenskri hönnun í bland við „vintage", eruð óhrædd við að klæðast litum og munstrum og blanda saman lag fyrir lag," segir finnski tískublaðamaðurinn og -bloggarinn Liisa Jokinen en hún ljósmyndaði reykvíska götutísku nú á vordögum. Liisa heldur úti síðunni Hel Looks þar sem hún birtir götutísku Helsinkibúa, auk þess að skrifa um tísku og hönnun fyrir finnsk blöð eins og Trendi, Olivia og Image og finnsku dagblöðin Helsingin Sanomat og Kuukausiliite. Liisa var stödd hér í boði Hönnunarmiðstöðvar í tilefni af HönnunarMars og RFF. Myndirnar sem Liisa tók á götum Reykjavíkur munu birtast á lily.fi og á blog.icelanddesign.is.

„Tískan á götunni veitir mér miklu meiri innblástur en að fletta tímaritum því hún snýst um alvörufólk. Ég hef myndað götutísku frá árinu 2005 og stofnaði Hel Looks til að sýna öllum heiminum hvernig fólk klæðir sig í Helsinki. Ég vona líka að síðan hvetji fólk til að skapa sér sinn eigin stíl," segir Liisa.

Meðan á Reykjavíkurdvölinni stóð heimsótti hún sýningar og vinnustofur hönnuða, hékk á kaffihúsum og tók viðtöl við Íslendinga, borðaði harðfisk með smjöri, skyr og hákarl og fór í fótabað í sjónum við Gróttu í rigningu. Hún segir ferðina hafa verið viðburðaríka og þrælskemmtilega. „Ég fór í Bláa lónið og dansaði fram á rauða nótt á Boston, heimsótti Bessastaði og borðaði alls konar útgáfur af skyri, fór í „road trip" til Grindavíkur og Keflavíkur, fékk í magann og fann Hello Kitty plástur í humarsúpunni minni," segir Liisa hlæjandi og virðist ekkert hafa kippt sér upp við plásturinn. „Ég fór í óteljandi partý og á tískusýningar og kíkti aðeins í búðir. Keypti mér meðal annars páskaegg, hælaskó í KronKron, notaða lopapeysu, „vintage"-kjól og litríkar sokkabuxur í Stellu," segir Liisa og ætlar örugglega að heimsækja Reykjavík aftur.

„Já, pottþétt."

Heimasíða Liisu er www.lisajokinen.com.





**HRESSANDI LITIR** Liisa hreifst af litríkum klæðaburði Íslendinga og keypti sér sjálf litríkar sokkabuxur í Stellu á Laugaveginum. Þá hafði hún gaman að því hvernig Íslendingar blanda gjarnan saman íslenskri hönnun og „vintage"-fötum. MYND/LIISA JOKINEN















## FRÁGANGUR MILLIPÓSTA

Gluggarnir frá Glerborg eru með undir- og yfirstykkin heildregin sem eykur styrk gluggans verulega. Við það að sjóða saman millipósta eins og sumir framleiðendur gera er járnprófíllinn sem myndar styrkinn tekinn í sundur við samskeytin sem veikir gluggann.

MYND/STEFÁN



## PLASTÚTIHURÐIR

Fyrirtækið selur meðal annars PVC-u útihurðir úr plasti sem eru gríðarlega öruggar og algjörlega vind- og vatnsþéttar vegna tvöfaldra þéttinga og fimm punkta læsingar. Á Íslandi eru miklar hita- og rakasveiflur og veður óstöðugt. Það veldur því oft að hefðbundnar timburhurðir vilja þrútna og skreppa saman á víxl og á endanum bjóða þær litla vörn gegn vatni og vindum. Útihurðir frá Glerborg eru varanleg og ódýr lausn á þessum vandamálum og ekki þarf að skrapa og mála þær á nokkurra ára fresti. Plasthurðirnar bjóða upp á ótal útfærslur í útliti og glergerðum og hægt er að fá þær í hinum ýmsu litum og viðaráferðum eins og eik, gulleik og mahóní.





# BÆTT ÞJÓNUSTA Í GLERBORG

**GLERBORG KYNNIR** *Glerborg hefur fengið nýjan liðsmann í þjónustudeild sína. Stefán Geir Stefánsson hefur áratuga reynslu úr byggingariðnaðinum.*

Stefán Geir Stefánsson er nýr starfsmaður þjónustudeildar Glerborgar. „Ég stýri þjónustudeildinni hér hjá Glerborg. Í því felst að gefa góð ráð til viðskiptavina okkar og meta aðstæður þegar kemur að glugga- og glerskiptum. Einnig að sjá um mælinga- og ísetningarþjónustuna,“ segir hann.

Þjónusta Glerborgar einskorðast ekki við höfuðborgarsvæðið. „Við erum í samstarfi við góða aðila úti á landi varðandi mælingar og ísetningarþjónustu. Það mætti segja að við séum með lykilmenn í hverjum fjórðungi.“

Stefán Geir hefur starfað í byggingariðnaðinum í áratugi og veit hvað hann syngur þegar kemur að gluggum og gluggasmíði. „Ég var lengi verkstjóri í stærstu hurða- og gluggaverksmiðju landsins. Þannig að ég hef séð einn eða tvo glugga áður,“ segir Stefán Geir í gamansömum tón.

Nú í vor fagnar Glerborg 40 ára afmæli sínu og í tilefni þess hafa söluskrifstofur verið endurnýjaðar og nýr og glæsilegur sýningarsalur opnaður að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði.

**LIÐSSTYRKUR** Stefán Geir (til vinstri) er nýr starfsmaður þjónustudeildar Glerborgar. Hér er hann ásamt Hafsteini Hilmarssyni, sölustjóra.



## ÁLGLUGGAR OG ÁLHURÐIR

Glerborg býður ótal útfærslur í álgluggum og -hurðum og búnaði í kringum þær. Álgluggar og -hurðir eru fáanlegar í næstum öllum litum og eru löngu orðnar sígildar í verslunum og opinberum byggingum vegna styrks og léttleika. Nú færist mjög í vöxt að nota slíkar hurðir í íbúðarglæsihýsi.



## PLASTGLUGGAR

Glerborg býður gæða PVC-u plastglugga sem eru háeinangrandi með gasfylltu K-einangrunargleri en slíkt gler minnkar varmatap út um gluggana verulega umfram venjulegt K-gler og flotgler. Opnanleg fög eru með lömum sem hafa innbyggt opnunaröryggi og næturlæsingu.



## RENNIHURÐIR

PVC-u rennihurðirnar frá Glerborg eru þéttar og öruggar. Tvöfaldar gúmmíþéttingar gera þær fullkomlega vind- og vatnsþéttar auk þess sem þær eru búnar öflugum læsingum. Einn helsti kosturinn við rennihurðir er að opnun þeirra tekur hvorki pláss inni né úti. Húsið þarf ekki að vera í byggingu til þess að koma megi fyrir rennihurð. Hægt er að saga niður úr gamla stofuglugganum og smella rennihurð í gatið.



# NÝR OG ENDURBÆTTUR SÝNINGARSALUR!

Nú í vor fagnar **GLERBORG 40 ára afmæli** sínu og í tilefni þess hafa söluskrifstofur verið endurnýjaðar og nýr og glæsilegur sýningarsalur hefur verið opnaður að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði. Í salnum er mikið úrval sýningarglugga og hurða.

**GLERBORG** býður upp á mikið úrval glugga og hurðagerða og hefur algjöra sérstöðu hvað varðar gæði og fjölbreytt úrval. Jafnframt er boðið upp á þjónustu við mælingar og uppsetningar víða um land.

MYND/VALLI



## HURÐIR, VEGGIR OG STURTUKLEFAR

### ÚR HERTU OG SAMLÍMDU ÖRYGGISGLERI

Glerborg býður upp á ótal útfærslur í útliti og búnaði á innihurðum úr hertu gleri. Þessar hurðir eru fáanlegar sem rennihurðir og sveifluhurðir sem dæmi. Þær henta vel þar sem leitast er við að hafa gott og opið rými bæði heima fyrir og í fyrirtækjum. Dæmi um notkun slíkra innihurða er í fundarherbergjum, opnum skrifstofum þar sem þarf að vera möguleiki á að loka að sér, í sturtum og í raun alls staðar þar sem loka þarf á hljóð en ekki útsýni.

MYND/STEFÁN

GLERBORG
- rammar inn lífið



Burðardekk (Varadekk) á felgum fyrir Hobby hjólhýsi. Verð. 29.000 kr. S. 866-1683.

## Bátar



### Vatnabátur
Lengd 43,70m breidd 1,75m, 5 hestafla mótor. Er á kerru. Verð kr. 430.000,- Flott eintak. S. 892-8655.

## Bílaþjónusta




Við útvegum þér úrvals bón- og hreinsiefni og góð ráð - og bíllinn þinn verður í toppstandi! www.malningarvorur.is

### NÝTT Á ÍSLANDI
Bón og alþrif við heimahús. Nú getur þú látið stjana við bílinn þinn án frekari fyrirhafna. Við mætum þar sem bíllinn þinn er. Íslensk hönnun á bílaþvottakerfi. Uppl. S: 778-0100

## Hjólbarðar




### Bílalyftur- Dekkjavélar
Tveggja pósta bílalyftur 3,8T og 4,2T, Vorum að fá nýja sendingu af bílalyftum og dekkjavélum. O.K.Varahlutir ehf S:696-1050.okspares@simnet.is




Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.










### Dekkjavélar
TILBOÐ Á Affelgunar og Ballancevélum. Minnum einnig á varahlutaþjónustu fyrir vörubíla og vinnuvélar S: 696-1050 okspares@simnet.is

## Varahlutir




### Varahlutavaktin Sími 555 6666
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

### VW - Skoda - Varahlutir
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Varahlutir í Lancer 1300 árg.'00.MMC Carisma '98, Kia Rio '01, primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98, '99. Impreza '97 & '99. Legacy '98. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. S. 896 8568.

## Viðgerðir



### Sláttuvéla og reiðhjólaþjónustan - enginn biðtími !
Tek við öllum gerðum af sláttuvélum og reiðhjólum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

### AB Bremsur og viðgerðir
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

### AB - PÚST
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26 Bleik gata. S 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

### Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Get tekið að mér þrif í heimahúsum. Uppl. í s. 777 6438

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja










### Garðaþjónusta Reykjavíkur 20% afsláttur fyrir eldri borgara.
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.

### Er mosinn að eyðileggja flötina þína !
Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur Garðyrkjumaður S. 774 5775.

### Er öspin til ama ?
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.



**HONDA HR-V**
Nýskráður 4/2000, ekinn 158 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 850.000**



**HONDA CR-V EXECUTIVE**
Nýskráður 2/2006, ekinn 72 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.690.000**



**HONDA CIVIC TYPE R**
Nýskráður 11/2007, ekinn 55 þ.km, bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 2.690.000**



**HYUNDAI H-1**
Nýskráður 12/2008, ekinn 25 þ.km, dísel, 5 gírar.
**kr. 2.790.000**



**HONDA ACCORD SPECIAL EDITION**
Nýskráður 7/2008, ekinn 58 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**kr. 2.650.000**



**FIAT PUNTO**
Nýskráður 3/2006, ekinn 32 þ.km, bensín, 5 gírar.
**kr. 1.250.000**



**HONDA CR-V EXECUTIVE**
Nýskráður 8/2007, ekinn 50 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.790.000**



**PEUGEOT 207SW ACTIVE með glerþaki**
Nýskráður 2/2012, ekinn 3 þ.km, dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 3.490.000**



**RENAULT LAGUNA**
Nýskráður 3/2007, ekinn 61 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.250.000 • Tilboð kr. 1.499.000**

## Nú erum við á þremur stöðum:

**Bernhard notaðir bílar**
Eirhöfða 11, Reykjavík, sími 551 7171

**Bernhard notaðir bílar, Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 15, Reykjanesbæ, sími 421 7800

**Bernhard notaðir bílar, Akranesi**
Innesvegi 3, Akranesi, sími 431 1985

## Komdu, reynsluaktu og gerðu góð kaup á góðum notuðum bílum.

**Opið laugardaga milli kl. 12 - 16**

1962 - 2012 50 ára

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2012

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Garðyrkja

**GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og góð þjónusta. Fáðu tilboð. Sigurður, S. 823 1060.







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.




## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**
20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 776 9767

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald






**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki. Sími: 565-2030 www.colas.is colas@colas.is ISO 9001 vottun




Viðhaldsverk ehf

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

**Dren og klóaklagnir!**
Tökum að okkur endurnýjun á Dren og klóaklögnum á.a almennri jarðvinnu. Uppl. 869 1700, jardlausnir@gmail.com

Sólpallar, skjólgirðingar og öll almenn smíðavinna. Góð verð og vönduð vinna. Brynjar s:862-8621

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Óli smiður**
Smíða allt inni sem úti, mikil reynsla, vönduð vinna. Sími 698 9608 Óli.

## Tölvur



Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Spádómar



**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÍMASPÁ - EINKATÍMAR**
Uppl. í s. 5543306/6630813 Elísabet.

**Spásími 908 6060**
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. S. 894 9228 Steinunn visa/euro.

## Iðnaður

Lögg. Vélsmíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Mikil reynsla af smíði úr ryðfríu stáli. Sendið fyrirsp. á gaedastal@gmail.com

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

**B.S.VERKTAKAR**
Bílastæðamálun malbiksviðgerðir, vélsópun, hellulagnir, jarðvinna, háþrýstiþvottur veggjakrotsþrif og vörn S 551 4000 www.verktak.is

**KEYPT & SELT**

## Til sölu



**Úrval af Himalaya saltkristalslömpum.**
Einnig mikið úrval af andlegum og náttúruvænum vörum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið mán-fös 12-18, lau 12-15. Sími 517-8060. ditto.is




Plastmódel í miklu úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is Finnið okkur á facebook.







**Ódýr heimilistæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottavélar. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 845 5976.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, þurrkarar, frystikystur, frystiskápar. S. 896 8568.




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



Verslunin lokar.RÝMINGARSALA 50-70%AFSLÁTTUR. Verslunin Emilía, Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925, emilia.is

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@ simnet.is.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald

**Tilboð 3 fyrir 2 af kanínumat**

4kg poki kostar 1.327,- á þessu tilboði. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www. jonbondi.is Opið mán-fös 10-18.



Allt fyrir hænur. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, S:571-3300, www.jonbondi.is, opið 10-18 mán-fös



Hestavörur í úrvali. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, S:571-3300, www. jonbondi.is, opið 10-18 mán-fös

**TILBOÐ 3 fyrir 2 Af hundafóðri.**

15kg poki kostar frá 3.326,- á þessu tilboði. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-18.

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet Silunganet**
Flotnet, sökknet, netaslöngur. Gott verð. Heimavík S. 892 8655 www. heimavik.is

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Húsnæði til leigu í Kaupmannahöfn, 3. herb. íbúð. S. 693 7176

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3ja herb.íbúð í 112 til leigu frá 1.júní. leigist í a.m.k 1 ár. Uppl. í s: 691 2264.

## Húsnæði óskast

**Húsnæði með bílskúr óskast**
Húsnæði með bílskúr óskast júní til ágúst, í Rvík - Hafnarfj., 3-5 svefnherb., 1-2 baðh. Helst með húsbúnaði, þvottavél og þurrkara. Vinsamlegast hafið samband við Tómas í 8472596 eða brattahlid.accounting@gmail.com Brattahlid Iceland Adventur.

3ja manna fjölsk. óskar eftir að leigja 4ra herb. íbúð í nágrenni Snælandsskóla í Kóp. Við heitum góðri umgengni og skilvísum greiðslum. Getum útvegað meðmæli frá fyrri leigusala ef óskað er. Rakel, s. 821 9999.

## Sumarbústaðir



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**
Gistiaðstaða f. 10-15 manns. Helgarleiga 85 þús. Stök nótt virkan dag 30.000.- þús. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á. www. summer-house.weebly.com

**Framleiðum sumarhús**
Erum með sýningarhús í Reykjavík. Yfir 20 ára reynsla og gott verð. Uppl. á sumarhus.com og í síma 615 2500.

## Geymsluhúsnæði

**SNJÓSLEÐAGEYMSLA Í REYKJAVÍK.**
Viltu geyma snjósleðann í öruggu og góðu húsnæði í sumar. Uppl. í s. 846 2986.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Atvinna í boði

**Snyrtifræðingur óskast í fullt starf / hlutastarf**
A góða nudd og snyrtistofu miðsvæðis í Rvk. Þarf að geta hafið störf strax! Umsóknir um menntun og fyrri störf sendist á linda@islandia.is fyrir 30.maí

**Póst dreifing**

**Starfsmaður óskast á Akranesi**
**Póstdreifing auglýsir eftir umboðsmanni á Akranesi til að sjá um dreifingu á Fréttablaðinu í dreifingarkassa sem eru víðsvegar um bæinn. Dreifing fer fram mánu- til laugardaga. Að auki er dreifing á nafnamerktum pósti 1-2 x í viku. Áhugasamir hafa samband við dreifingardeild í síma 585-8330 eða í gegnum tölvupóst dreifing@postdreifing.is .**

Starfsmaður óskast á nýtt og spennandi kaffihús í miðborg Reykjavíkur til að sjá um kökubakstur og súpugerð. Umsóknir sendist á: vorkoma@gmail. com

Óska eftir vönum mönnum í mótauppslátt. S. 660 0770.

Óskum eftir fólki í úthringistarf á kvöldin, föst laun og bónusar. Uppl. gefur Ragnar í síma 825 4114 eða ragnar@tmi.is

## Atvinna óskast

19 ára menntaskólanemi óskar eftir sumarvinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 659 1188 eða 897 4720.

## Fasteignir


GARÐATORG EIGNAMIÐLUN
GARÐATORGI 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is
Þóroddur S. Skaptason lögg. fasteignasali

### Hallakur 2c - Garðabæ

**Opið hús fimmtudag 24. maí kl 18.00 - 19.00**




Falleg og vel skipulögð 102,4 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt 13,4 fm geymslu í kjallara í litlu fjölbýli, samtals 115,8 fm. Gott útsýni. Í heildina björt og skemmtileg íbúð.
HÚS OG SAMEIGN Í GÓÐU STANDI. **Verð 29,9 millj.**




# Ólafsgeisla 125

113 Reykjavík

fimmtudaginn 24. maí
**milli 17:30 og 18:00**

Glæsileg og veglega innréttuð efri sérhæð í fallegu umhverfi við golfvöllinn í Grafarholti.
Gott aðgengi, sérsmíðaðar innréttingar og frábært skipulag.
Innangengt úr bílskúr.
Eign sem vert er að skoða.


Nánari upplýsingar veitir
**Atli S. Sigvarðsson**
Sölufulltrúi
**sími:** 899 1178
atli@miklaborg.is


**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **52,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




**Vantar stórt einbýlishús**

**Vantar fyrir erlendan fjársterkan aðila:**

**Stórt (350 +fm) einbýlishús á höfuðborgarsvæðinu með garði! frá júní/júlí 2012 til 2015.**

**Upplýsingar í símum 471 1000, eða 893 5055**

ÁS FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17, Hafnarfirði
Opið virka daga kl. 9-17
Sími 520 2600
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali.

**OPIÐ HÚS við Dofraborgir 38 í Grafavogi í Reykjavík í dag frá kl. 17.30 – 18.30**








Falleg og vel með farin 4ra herbergja íbúð á annari hæð í litlu fjölbýli ásamt sér bílskúr, samtals 123 fm. Þrjú svefnherbergi. Svalir í surðurátt. **LAUS FLJÓTLEGA. Verð 27,9 millj.** Eiríkur Svanur Sigfússon löggiltur fasteignasali verður á staðnum (862-3377). **Nánari uppl. og myndir http://www.as.is/soluskra/eign/fasteign/238529/**

# Flott eldra einbýli



**Til sölu í gamla bænum á Akranesi,** fallegt eldra einbýli, góður sólpallur, mikið endurnýjað og í góðu ástandi, skipti á ódýrari íbúð í fjölbýli eða sumarhúsi. Húsið er laust.

**Pantið skoðun í síma 896 1422 - Kristján.**

# Sumarhús til sölu og brottflutnings



Starfsmannafélag Fjarðabyggðar auglýsir frístundahús sitt í Munaðarnesi til sölu og brottflutnings . Húsið er 60m2 byggt 1970. Árið 1985 er húsið einangrað og klætt að utan. Húsið selst með öllum húsbúnaði. Óskað er eftir tilboði í húsið ásamt frágangi lóðarinnar. Félagið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Afhendingartími er samkomulagsatriði.
**Upplýsingar eru gefnar í síma 864-4961**

**Síðumúli 35**
**- Til leigu vandað 190 fm skrifstofuhúsnæði á 2.hæð.**





Gegnheilt parket, eldhús, wc, eldtraust skjalageymsla, bakvinnslusvæði, móttaka m. Móttökuborði, 6 skrifstofur + fundarherbergi/skrifstofa. Laust fljótlega. Fallegt útsýni, Góð bílastæði og frábær staðsetning miðsvæðis í Rvk. Tilvalið fyrir hverskonar þjónustustarfsemi, lögfræðistofu og fl. **Upplýsingar veitir Ingólfur Giss. Lg.fs. S:896-5222**

**Smiðjuvegur 10**
**Til leigu gott atvinnuhúsnæði á frábærum stað.**





Alls 786 fm aðallega á einni hæð, en þó skrifstofuálma á 2.hæð með sérinngangi frá götu og innangengt. Skiptist í stóran flottan verslunarsal (steinateppi) með stórum verslunargluggum og góðan lager með innkeyrsluhurð, hægt að stækka og minnka svæði á auðveldan hátt. Frábært húsnæði fyrir hverskonar verslun, heildverslun, iðnað og m.fl. Laust fljótlega. Fallegt útsýni til norðurs, góð aðkoma, góð bílastæði og útipláss, frábært auglýsingagildi. Hagstæði leiga. **Upplýsingar veitir Ingólfur Giss. Lg.fs. S:896-5222.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA
**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**


## Atvinna


EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

# Kranamenn

Eykt óskar eftir að ráð tvo vana kranamenn til starfa sem fyrst vegna verkefna fyrirtækisins.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Eyktar
Stórhöfða 34-40. 110 Rvk
Nánari upplýsingar veitir Pétur Einarsson
Sími: 822-4437


## Fundir / Mannfagnaður


VINIR VATNAJÖKULS

### Ársfundur Vina Vatnajökuls – hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs

Fimmtudaginn 31. maí 2012 kl. 16:30 verður haldinn ársfundur Vina Vatnajökuls. Fundurinn verður til húsa í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík. Fundarefni venjuleg aðalfundarstörf.
Stjórnin


## Tilkynningar


FISKISTOFA

### Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2011/2012 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 1182, 21. desember 2011

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 444/2012 í Stjórnartíðindum.

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:
**Sveitarfélagið Skagafjörður (Sauðárkrókur, Hofsós)**
Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.
**Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2012.**

*Fiskistofa, 23. maí 2012.*

# VORÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

**42“ SJÓNVÖRP FRÁ 99.990**

**iPOD/iPAD/iPHONE VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ 44% AFSLÆTTI**

**PANASONIC SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 200.000 KR AFSLÆTTI**

## SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

**ANDROID VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ 33% AFSLÆTTI**

**JABRA BLUETOOTH HEYRNARTÓL OG HÁTALARAR MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI**

**SKJÁVARPAR MEÐ ALLT AÐ 30% AFSLÆTTI**

## ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

**PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 150.000 KR AFSLÆTTI**

**OLYMPUS MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 30.000KR AFSLÆTTI**

**FRÁBÆR TILBOÐ Á HEIMABÍÓ-KERFUM**

**OPIÐ LAUGARDAG 11 -16** **SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS**

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** seytlar, **6.** á fæti, **8.** kættist, **9.** máttur, **11.** berist til, **12.** spúa, **14.** hvíld, **16.** rás, **17.** tala, **18.** kvabb, **20.** frá, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stagl, **3.** í röð, **4.** land í S-Evrópu, **5.** upphaf, **7.** ákafur, **10.** hylur, **13.** taug, **15.** eimur, **16.** egna, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** agar, **6.** tá, **8.** hló, **9.** afl, **11.** bt, **12.** gjósa, **14.** áning, **16.** æð, **17.** níu, **18.** suð, **20.** af, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** stag, **3.** gh, **4.** albanía, **5.** rót, **7.** áfjáður, **10.** lón, **13.** sin, **15.** gufa, **16.** æsa, **19.** ðð.



„ÞETTA SNÝST EKKI UM ÚTLITIÐ"

Inga Lind Karlsdóttir sjónvarpskona um offitu íslensku þjóðarinnar

Lífið – FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM

# Kynfæri keisarans

BAKÞANKAR Sifjar Sigmarsdóttur



Ég elska mat," sagði tónlistarmaðurinn Bryan Ferry er ég tók við hann viðtal í tilefni tónleika hans í Hörpunni sem fram fara um helgina. „Ég sæki mikið veitingastaði. Ég kann nefnilega ekki að elda." Ég spurði hann hvort hann hygðist þá ekki smakka hið íslenska lostæti hvalkjöt meðan á dvöl hans hér á landi stæði. Hann þagnaði. Augnaráðið flökti. Ég vissi hvað hann hugsaði: „Er þetta gildra?" Mögulegar fyrirsagnir gulu pressunnar leiftruðu í augunum á honum: Ferry borðar Keikó. Poppari slátrar vitringi hafsins. Bryan blóðþyrsti.

**VARKÁRNI** Ferry í samskiptum við fjölmiðla er skiljanleg. Árið 2007 veitti hann þýska dagblaðinu Welt Am Sonntag viðtal. Innblásinn af ákófum áhuga á hönnun og sjónlistum gætti hann ekki að sér er hann var spurður álits á byggingum Alberts Speer og kvikmyndum Leni Riefenstahl og kvaðst sjá ákveðna fegurð í íkonahefð nasista. Fjölmiðlar um heim allan gripu yfirlýsinguna á lofti. Ferry var úthrópaður nasisti. Hann baðst afsökunar á ummælunum og sagði þau einvörðungu hafa verið látin falla á forsendum listasögu. „Eins og allir aðrir heilvita einstaklingar álít ég nasistana og allt sem þeir stóðu fyrir illt og viðurstyggilegt." En skaðinn var skeður.

**SLÍK** hneykslunargirni á í auknum mæli til að taka á sig mynd ritskoðandi afls samfélaga. Þar sem áður veifuðu þóttafullum vendi sínum valdhafar eða trúarleiðtogar kveður nú upp raust sína almennur grátkór vandlætingar. Mörk hins tæka skreppa saman jafnhratt og „dry clean only" peysa sem flæktist með sængurfötunum í þvottavélina.

**Í FYRRADAG** eyðilagði gestur í listasafni í Suður-Afríku umdeilt málverk af forseta landsins, Jacob Zuma. Ástæðuna fyrir verknaðinum sagði hann virðingarleysið sem honum þótti felast í verkinu sem sýndi forsetann með kynfærin hangandi út um buxnaklaufina. Sama dag lýsti Ólafur Ísleifsson, lektor við HR, þeirri skoðun sinni að skopmynd sem birtist í Fréttablaðinu um helgina af nöktum forseta Íslands væri „ósmekkleg og niðrandi og smánandi og lítilsvirðandi fyrir forseta Íslands og embættið". Gekk hann svo langt að spyrja hvort myndin, sem vísaði til ævintýrisins um nýju fötin keisarans, væri ekki lögreglumál.

**HRÓP** heykvíslakórsins glymja víða. Nýverið var nýjasta skáldsaga Hallgríms Helgasonar til að mynda gagnrýnd harðlega fyrir að draga upp afbakaða mynd af konum. En eigi valdir einstaklingar eða hópar að vera undanþegnir tjáningarfrelsinu, hvort sem það er á forsendum virðingar, hefða, trúarbragða eða pólitískrar rétthugsunar getum við allt eins lagt það af. Afsláttur á tjáningarfrelsinu jafngildir endalokum þess.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott




SUMAR
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
4BLS
BÆKLINGUR
GLÆSILEGUR 4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM
SUMARTILBOÐUM
SMELLTU
Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á
WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
Birt með fyrirvara um breytingar og villur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OPNUM KL.11 **GOTT VERÐ Í BÓNUS** OPNUM KL.11



359 KR. 480 G

10 STK. BÓNUS PYLSUR



159 KR. 5 STK.

BÓNUS PYLSUBRAUÐ



639 KR. 560 G

SS VÍNARPYLSUR 10 STK.





198 KR. 680 G

HUNT'S TÓMATSÓSA

198 KR. 570 G

HEINZ TÓMATSÓSA



100% NAUTAKJÖT

398 KR. 2 STK.

ÍSLANDSNAUT FERSKIR 2 X 140 GR. UNGNAUTA -HAMBORGARAR





1398 KR. 10 STK.

ÍSLANDSNAUT FROSNIR 10 X 100 GR. UNGNAUTA HAMBORGARAR



159 KR. 4 STK.

BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ



FROSNIR AÐEINS 170 KR. STK.

100% NAUTAKJÖT

1698 KR. 10 STK.

10 STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR



WWW.ISLANDSNAUT.IS HEIMASÍÐAN
23 uppskriftir að yndislega góðum bragðmiklum hamborgurum. *Þetta verður þú að skoða !*



229 KR. 612 ML

HUNTS GRILLSÓSUR
HONEY MUSTARD / BARBECUE SAUCE



198 KR. PK

DORITOS SNAKK 165 GR POKAR

BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI

18% 139 KR. 185 ML 10%





398 KR. 500 GR

GÓU SÚKKLAÐIRÚSÍNUR



198 KR. PK

BÓNUS SNAKK 160 GR POKAR



198 KR. 200 GR

GÓU ÆÐIBITAR OG HRAUNBITAR 200 GR.

Fylgstu með Bónus á Facebook

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS
UM HVÍTASUNNUHELGINA
Föstud. 25 mai 10:00-19:30
Laugard. 26 mai 10:00-19:00
Hvítasunnudagur LOKAÐ
Mánud. 28 mai 12:00-18:00
1495 KR. KG
FROSIÐ LAMBA KJÖT
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
FULLELDAÐ / ÞARF AÐEINS AÐ HITA
Spareribs
1198 KR. KG
ALI ELDUÐ GRÍSARIF / SPARERIBS
698 KR. KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
KJARNAFÆÐI
Einiberjakryddað Lúxus Lambalæri
1379 KR. KG
KJARNAFÆÐI FERSKT
EINIBERJAKRYDDAÐ
LAMBALÆRI
Súkkulaði ís 2
Vanillu ís 2
JARÐARBERJA ÍS 2
359 KR. KG
BÓNUS ÍS 2 LTR.
SÚKKULAÐI- VANILLU- JARÐARBERJA
ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS
FROSIÐ LAMBA KJÖT
798 KR. KG
KS FROSINN LAMBABÓGUR
195 KR. 2 LTR.
698 KR. 6 LTR.
COKE 4 X 1.5 LTR.= 6 LTR.
79 KR. 330 ML
ÍSLENSKUR LAX EÐA ÍSLENSK BLEIKJA Á GRILLIÐ
norðanfiskur
1859 KR. KG
NORÐANFISKUR ÍSLENSKUR LAX
FROSINN BEINHR. M.ROÐI
FROSINN
1859 KR. KG.
NORÐANFISKUR LAX GRILL-
KRYDDAÐUR BEINHR. M.ROÐI
1398 KR. KG
NORÐANFISKUR ÍSLENSK BLEIKJA
FROSIN BEINHR. M.ROÐI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
Fylgstu með Bónus á Facebook

# menning

menning@frettabladid.is



**NÁIÐ LISTAMANNASPJALL** Sýningin NÁND/CLOSE í Menningarverkefninu Hlöðunni í Vogum og verður opin yfir hvítasunnuhelgina frá klukkan13 til 17. Sýningin er samstarfsverkefni systranna Gunnhildar og Brynhildar Þórðardætra. Á mánudag, annan í hvítasunnu, klukkan 14 verða systurnar með listamannaspjall og smiðju fyrir yngstu börnin þar sem hægt er að teikna eða búa til listaverk úr afgöngum.

## Samsýning opnuð í Galleríi Ágústi

Myndlistarmennirnir Davíð Örn Halldórsson, Helgi Þórsson og Sigtryggur Berg leiða saman hesta sína á samsýningunni Kosmískir fletir andanna, sem verður opnuð í Gallerí Ágústi á laugardag. Sýningin samanstendur af málverkum, teikningum og skúlptúrum.



Þremenningarnir hafa verið ötulir við sýningahald bæði á Íslandi og erlendis undanfarin ár en Helgi og Sigtryggur hafa jafnframt unnið að tónlist saman.

Kristín Ómarsdóttir, rithöfundur og leikskáld, skrifar sýningartexta. Sýningin verður opnuð klukkan 16 á laugardag.

## Ráðstefna um tungumál og listir

**Art in Translation nefnist þriggja daga ráðstefna sem Háskóli Íslands, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Norræna húsið efna til og sett verður í dag. Markmið ráðstefnunnar er að leita nýrra strauma í ritlist, einkum þegar hún tengist öðrum listforum eða sameinar þau. Um 50 lista- og fræðimenn úr ólíkum greinum og hvaðanæva að úr heiminum hafa boðað komu sína á ráðstefnuna, þar sem skoðaðir verða ýmsir fletir á ritlist, bæði í fræðilegum erindum og listrænum gjörningum.**

**Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, setur ráðstefnuna í Norræna húsinu klukkan 15 í dag en opnunarfyrirlestur flytur Robin C. Hemley, sem stýrir ritsmiðju við Iowaháskóla.**

**Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðu ráðstefnunnar, artintranslation.hi.is.**



**Á VIT** Eitt af því áhugaverðasta við sýninguna, að mati gagnrýnanda, var hvernig rýmið var nýtt á snilldarlegan hátt og allir möguleikar Norðurljósasalarins nýttir út í hörgul.

# SMART PARTÍ

Dans ★★★★☆

**Á vit…**

Íslenski dansflokkurinn og Gus Gus

**Norðurljósasalur Hörpu**

Sýning Íslenska dansflokksins og hljómsveitarinnar Gus Gus Á vit… sem frumsýnd var í Norðurljósasal Hörpunnar föstudaginn 18. maí sem hluti af Listahátíð var ótrúlega skemmtilegur viðburður. Sýningin var afrakstur samstarfs dansara dansflokksins og meðlima hljómsveitarinnar þar sem ný tónlist Gus Gus, sviðsfærni tónlistarmannanna og ólgandi sköpunarkraftur og færni dansaranna blönduðust í eina áhugaverða heild. Á vit… var bæði danssýning og tónleikar en svo líka eitthvað allt annað og meira, meðal annars fyrir tilstuðlan Filippíu Elísdóttur og Aðalsteins Stefánssonar sem sáu um umgjörð, leikmynd og búninga sýningarinnar.

Sýningin byrjaði sem móttaka. Boðið var upp á drykk og pinnamat í rýminu við hliðina á Norðurljósasalnum með útsýni yfir höfnina og á björtu maíkvöldinu mátti sjá nokkra af dönsurum flokksins leika sér í vatninu fyrir utan gluggann. Innan dyra var hugljúf píanótónlist og einn dansari uppáklæddur og í himinháum hælum gekk á meðal gestanna og gerði eins konar töfrabrögð. Á veggjum voru skjáir þar sem gat að líta dansmynd sem flæddi linnulaust áfram. Myndin sem kallaðist á við það sem var að gerast í vatninu fyrir utan var einföld og skýr með nákvæmum og kraftmiklum dansi. Áhugaverð mynd sem fær vonandi að lifa sem sjálfstætt verk.

Næst var gestum boðið í Norðurljósasalinn þar sem dásamlegur dúett Ásgeirs Helga Magnússonar og Ingu Marenar Rúnarsdóttur mætti augum þeirra. Það er, þeirra sem voru nægilega hávaxnir til að sjá frá standandi stæðum þegar dansað var á gólfinu. Í Norðurljósasalnum var sem sagt ekki eiginlegt svið í upphafi heldur röðuðu áhorfendur sér út með veggjunum og dansararnir dönsuðu til að byrja með í miðju salarins. Fyrir stubb eins og undirritaða tók nokkra stund að finna stæði með góðu útsýni og þá fyrst var hægt að fara að njóta sýningarinnar. Hér má segja að hið eiginlega verk hafi hafist. Eftir dúettinn komu dansararnir inn með hvert atriðið á fætur öðru á milli þess sem söngvarar hljómsveitarinnar fluttu lög. Stemningin varð sífellt kraftmeiri, bæði tónlistin og hreyfingarnar og fjöldi dansaranna jókst. Sýningin breyttist þannig smám saman úr því að vera danssýning með tónlist, sem fór að mestu fram á gólfinu, í að vera tónleikar með dans þar sem svið í enda salarins og svalirnar allt í kring um salinn áttu mikilvægu hlutverki að gegna. Glamúrinn jókst að sama skapi og „beatið“ varð sífellt taktfastara. Hér nutu lýsing og búningarnir sín vel og fleiri dansmyndir létu einnig á sér kræla. Þær leyndust í loftinu og skriðu um veggi, hógværar en fallegar og eiga vonandi eftir að öðlast sína sjálfstæðu tilveru. Allt þetta líf og hreyfing bæði á listamönnunum, ljósum og áhorfendum skapaði stemningu sem minnti á partý svo áhorfendur gengu glaðir út.

Eitt af því áhugaverðasta við sýninguna var hvernig rýmið var nýtt á snilldarlegan hátt. Fyrir utan að hefja atburðinn með því að leika sér með möguleika hússins sjálfs, eins og þessa stóru og fallegu glugga, þá voru allir möguleikar Norðurljósasalarins nýttir út í hörgul. Meira að segja glerið sem tengir salinn við ytra rýmið átti mikilvægu hlutverki að gegna. Uppbygging sýningarinnar frá birtu og rólegheitum í ljósum prýdda partýstemningu tókst líka mjög vel.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**Niðurstaða:** Sýning full af fjöri og smörtum lausnum, rýmið var í aðalhlutverki ásamt sýningargleði listamannanna.



**EIN MYNDANNA** Þóra Hrönn Njálsdóttir myndaði.

## Ferðalangar á fjöllum

**Sýningin Ferðalangar á Fjöllum – ljósmyndir Þóru Hrannar Njálsdóttur verður opnuð á Torgi í Þjóðminjasafni Íslands í dag. Myndirnar eru af merku timburþili í sæluhúsinu við Jökulsá á Fjöllum, sem ferðalangar hafa ritað nafn sitt og dagsetningu á í áranna rás. Þar á meðal eru þjóðþekktir Íslendingar. Gunnlaugur Haraldsson þjóðháttafræðingur rýndi í nöfnin og ritaði stutta samantekt um rúmlega 100 einstaklinga og ferðalag hvers og eins sem heimildir fundust um.**

**Sæluhúsið er steinhús, reist árið 1881 og er meðal merkustu byggingarsögulegu minja þjóðarinnar. Það tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.**

## Andrés Þór leikur lög af Mónókróm

**Andrés Þór djassgítarleikari heldur tónleika ásamt hljómsveit í Þjóðmenningarhúsinu á föstudag í tilefni af útgáfu geisladisksins Mónókróm, sem kom út á dögunum.**



**ANDRÉS ÞÓR GUNNLAUGSSON**

**Á disknum má finna fjölbreyttar tónsmíðar Andrésar þar sem bera keim af ólíkum stefnum og straumum í tónlist, svo sem djass, popp, blúgrass og þjóðlagatónlist. Andrés leikur á gítar, dóbró og lap steel en með honum leika þeir Agnar Már Magnússon á píanó og fender rhodes, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur.**

**Tónleikarnir í Þjóðmenningarhúsinu annað kvöld hefjast klukkan 20.**


# MIKIÐ ÚRVAL

## … af notuðum fötum …

**Fatabúð Hjálpræðishersins**
Garðastræti 6, Reykjavík.
**Opin alla virka daga**
**kl. 13.00 – 18.00.**





## Nýr ferðafélagi

Fjölbreyttur Ferðaatlas er nýkominn út hjá Forlaginu. Aðalefnið eru 78 ný kort í kvarðanum 1:200 000, sem Hans H. Hansen kortagerðarmaður á heiður að, með 26.600 örnefnum sem vísað er til í ítarlegri nafnaskrá. 47 kort af höfuðborgarsvæðinu og öðrum þéttbýlisstöðum eru í bókinni, auk upplýsinga um sundlaugar, tjaldsvæði, söfn og golfvelli.

Fremst í bókinni eru 104 myndir af náttúruperlum og sögustöðum víðsvegar um landið sem Örn Sigurðsson, landfræðingur og ritstjóri bókarinnar, hefur skrifað skýringar við „til að auðvelda fólki ferðaundirbúninginn,“ eins og hann orðar það í smá símaspjalli í tilefni útgáfunnar. „Atlasinn er uppflettirit og ætti að vera góður ferðafélagi,“ segir Örn og bendir á að teikningar Jóns Baldurs Hlíðberg af öllum varpfuglum á landinu, ásamt algengustu blómplöntum og skeljum séu bæði til prýðis og fróðleiks. „Fólk rekst á fugla, plöntur og skeljar á ferðum um landið og það er gaman að fletta þeim upp og átta sig á nöfnum þeirra jafnóðum.“ - gun




**KORT OG MYNDIR** Tuttugu og sex þúsund og sex hundruð örnefni eru í nýju kortabókinni frá Forlaginu.

## Iðnú í rafbókaútgáfu

**IÐNÚ bókaútgáfa hefur hafið innreið sína á rafbókamarkað. Þrjár bóka forlagsins eru nú fáanlegar sem rafbækur, Sjálfstjórn og heilsa, Óvættaför 1 – Elddrekinn Fernó og Óvættaför 2 – Sæslangan Sepron.**

**Fyrsta útgáfa bókarinnar Sjálfstjórn og heilsa eftir sálfræðingana Jóhann Inga Gunnarsson og Sæmund Hafsteinsson kom fyrst út árið 1990. Sæmundur féll frá árið 2010 en sonur hans, Bragi, sem einnig er sálfræðingur, bjó þessa endurskoðuðu útgáfu til prentunar ásamt Jóhanni Inga.**

**Bækurnar um Óvættaför eftir Adam Blade eru hluti af þýddri spennubókaseríu sem ætluð er börnum og unglingum.**

**Bækurnar fást hjá Skinnu og Forlaginu; www.skinna.is og www.forlagid.is.**

# MUNDU EFTIR BÓK Í FRÍIÐ

## HVÍTASUNNUBÆKUR FJÖLSKYLDUNNAR




Bókin er einnig fáanleg innbundin
Verð kr. 2.999
Tilboð kr. 2.490

Verð kr. 2.299
TILBOÐ kr. 1.999




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Verð kr. 3.499
TILBOÐ kr. 2.999




Verð kr. 2.999
TILBOÐ kr. 2.499




Verð kr. 1.499
TILBOÐ kr. 1.199




Verð kr. 2.799
TILBOÐ kr. 2.399




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Verð kr. 2.499 stk.
TILBOÐ kr. 2.199 stk.




Verð kr. 2.999
TILBOÐ kr. 2.499




Verð kr. 2.999
TILBOÐ kr. 2.499

Tilboð gilda til og með 04.06.12

TAKTU ÞÁTT Í SAMFÉLAGI BÓKAUNNENDA
Á WWW.FACEBOOK.COM/EYMUNDSSON

Eymundsson
Bóksali frá 1872



GEIR LYSNE Hefur vakið athygli fyrir tónsmíðar fyrir stórsveit.

# Lysne með Stórsveit

Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Kaldalónssal á sunnudag. Gestur hljómsveitarinnar að þessu sinni er norska tónskáldið og stjórnandinn Geir Lysne, sem mun stjórna heilli dagskrá eigin verka.

Lysne hefur vakið mikla athygli undanfarið og þykir ýmsum kveða við nýjan tón í skrifum hans fyrir stórsveit. Hann hefur meðal annars verið ráðinn til að stjórna ýmsum af helstu stórsveitum Evrópu, til dæmis þýsku og dönsku útvarpsstórsveitunum.

Stórsveit Reykjavíkur fagnaði nýverið tuttugu ára afmæli með tvennum afmælistónleikum, auk þess að leika fyrir fullum Eldborgarsal Hörpu á móti European Jazz Orchestra nú fyrir skemmstu.

# Ljóðatónleikar í Norðurljósum

Tónlistarveislan í tengslum við Listahátíð í Reykjavík heldur áfram en þýski tenórinn Christoph Prégardien flytur ein fegurstu ljóð Schuberts og Schumanns ásamt Ulrich Eisenlohr píanóleikara í Norðurljósasal Hörpu á sunnudagskvöld.

Prégardien er álitinn einn fremsti ljóða- og óratoríusöngvari heims, auk þess að vera mikils metinn kennari, sem hefur unnið mikið frumkvöðlastarf í útbreiðslu kammertónlistar. Ulrich Eisenlohr hefur einnig sérhæft sig í kammertónlist og hefur skipað sér virðingarsess með löngum ferli sínum sem konsertpíanisti. Hann er jafnframt listrænn stjórnandi og píanóleikari í heildarútgáfu Naxos á ljóðum Schuberts.

Á fyrri hluta tónleikanna flytja Prégardien og Einsharder níu ljóðasöngva eftir Franz Schubert við ljóð Ernst Schulze. Þar á meðal eru glæsileg lög eins og Auf der Bruck, Über Wildeman og Im Frühling. Á síðari hluta tónleikanna flytja þeir ljóðaflokkinn Liederkreis op. 39, eftir Robert Schumann við ljóð Joseph von Eicherdorff.

Í tengslum við tónleikana standa Listahátíð og Félag íslenskra söngkennara fyrir opnu námskeiði, Master Class, með pörum íslenskra söngvara og píanóleikara.



CHRISTOPH PRÉGARDIEN Er álitinn einn fremsti ljóða- og óratoríusöngvari heims.




Tónleikar ★★★★☆

**Listahátíð í Reykjavík**

Kammersveit Reykjavíkur flutti Bach. Stjórnandi: Richard Egarr

**Eldborgarsalur Hörpu, 20. maí**

## Stjórnaði með höfuðhnykkjum

Kammersveit Reykjavíkur á sér fastan aðdáendahóp. Hann er ekkert sérstaklega stór. Sveitin hefur hingað til spilað í minni sölum, t.d. í Áskirkju og Listasafni Íslands. Það hefur komið vel út, yfirleitt hefur verið húsfyllir. Sömu sögu er ekki að segja um tónleikana á Listahátíð, sem voru haldnir í Eldborg Hörpu. Þeir voru svo fámennir að þeir hefðu vel rúmast í Norðurljósum, einum af minni sölunum.

Góðir tónleikar og aðrir viðburðir geta auðveldlega drukknað í öllu framboðinu á Listahátíð. Fæstir hafa efni á að sækja þetta allt. Það er því ekki nóg að vera góður, maður verður helst að vera frumlegur líka. Gera eitthvað sem sker sig úr og vekur athygli. Kammersveitin er vissulega einn af frambærilegustu tónlistarhópum landsins. En þegar fjórar hljómsveitarsvítur eftir Bach eru á dagskránni – nokkuð sem kom út með hljómsveitinni á geisladiski um jólin – þá er kannski margt annað meira spennandi í boði.

Og samt: Þeir sem heima sátu misstu af miklu. Geisladiskurinn er fremur dauflegur, en spilamennskan á tónleikunum var það ekki. Kannski munaði helst um að annar stjórnaði, í þetta sinn Richard Egarr. Hann er ekki bara stjórnandi, heldur líka píanó-, orgel- og semballeikari. Á tónleikunum var stór og stæðilegur semball sem Egarr spilaði á standandi. Þaðan stjórnaði hann hljómsveitinni, stundum bara með höfuðhnykkingum. Það var þegar puttarnir voru á fleygiferð upp og niður hljómborðið. Í dauðarokkinu er þetta kallað „head-banging“. Það var nýstárlegt að sjá virðulegan semballeikara í slíkum ham.

Hér má ekki skilja orð mín sem svo að allt hafi farið úr böndunum. Þvert á móti. Egarr hafði fulla stjórn á hljómsveitinni, þótt hann væri hinn líflegasti. Fyrir bragðið spilaði sveitin ekki aðeins vel, hún fór hreinlega á kostum. Bach komst á flug, það var unaður að hlusta á hann. Hljómsveitarsvíturnar samanstanda af mismunandi dönsum fyrri alda. Þarna eru menúettar, bourrée, gikkir, saraböndur og fleira. Allir þessir dansar virkuðu litríkir, svo mjög að maður gat nánast séð fyrir sér drauga fortíðarinnar taka létt dansspor um astralsviðið.

Einleikari í svítu nr. 2 var Martial Nardeau, rétt eins og á geisladiskinum. Leikur hans var þéttur og öruggur; það var gaman að hlusta á hann.

Synd hversu fáir sáu sér fært að koma á þessa skemmtilegu tónleika.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Líflegur og vandaður flutningur á hljómsveitarsvítum Bachs.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 24. maí 2012**

### Tónleikar



**20.00** Strætókórinn heldur vortónleika í Áskirkju. Létt og skemmtilegt lagaval. Miðaverð er kr. 1.000.

### Sýningarspjall



**12.05** Sigurjón Pétursson fjallar um ljósmyndaverkefni sitt Aðventa á Fjöllum í hádegisfyrirlestri í Þjóðminjasafni Íslands. Aðgangur er ókeypis.

### Dans

**20.00** Salsa Iceland býður til ókeypis kynningarkvölds á salsadansi á Thorvaldsen bar. Eftir klukkutíma salsakennslu fyrir byrjendur bjóða SIST meðlimir upp á kennslu í Taxi-dansi fyrir byrjendur. Þar eftir er dansgólfið laust fyrir salsaóða dansara fram eftir kvöldi. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### Tónlist



**21.00** Í tilefni afmælis Bobs Dylan í dag flytur Magnús Einarsson nokkur af hans helstu lögum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Að því loknu taka Bítladrengirnir blíðu við. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** Varsjárbandalagið spilar á Café Rosenberg, Klapparstíg.

**21.00** Tónlistarmaðurinn Kalli (Karl Henry) heldur tónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Beebee & The Bluebirds spila blúsaða tónlist á Bar 11. Fyrsta plata þeirra, Russian roulette, kom út á dögunum. Að tónleikum loknum verður DJ í búrinu. Aðgangur er ókeypis.

**23.00** Eldar og Chris Wyatt Scott koma fram á styrktartónleikum á Hressó til styrktar Barnaspítala Hringsins. Tónleikarnir eru hluti af nýrri tónleikaseríu gogoyoko og Hressó til styrktar þeim sem minna mega sín og velur hljómsveitin hverju sinni það málefni sem hún kýs að styrkja.

### Fyrirlestrar

**12.15** JBK Ransu, myndlistarmaður og listgagnrýnandi, er fyrsti þátttakandi í seríu af framsögum og ræðum fræðimanna, aðgerðarsinna og listamanna í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur.

**16.00** Ungverski einsögufræðingurinn dr. István Szijártó heldur fyrirlestur um einsögu í Þjóðminjasafni Íslands. Fyrirlesturinn verður á ensku og er aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**






# Druslugangan haldin í annað sinn

„Þetta gekk rosalega vel í fyrra og þátttakan var framar öllum vonum. Þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu að endurtaka leikinn í ár," segir María Lilja Þrastardóttir, einn af skipuleggjendum Druslugöngunnar sem haldin verður þann 23. júní næstkomandi.

Yfirlýst markmið Druslugöngunnar er að færa ábyrgðina úr höndum þolenda kynferðisofbeldis yfir á gerendur og varpa ljósi á það hvernig samfélagið er tilbúið að leyfa brotamanni að njóta vafans á meðan raunveruleg fórnarlömb eru vænd um meiðyrði.

Nokkrar breytingar eru á göngunni í ár sem gengur undir yfirskriftinni Meint-Druslugangа. „Við erum aðeins að breyta áherslunum í ár og viljum útrýma orðinu meint í orðræðunni um kynferðisafbrot. Við höfum til dæmis tekið eftir því að orðið „meint" er ekki notað þegar fjallað er um neina aðra brotaflokka," segir María Lilja en hugmyndin er að fá fjölmiðlafólk til að skrifa pistla í þágu göngunnar og birta í sínum miðli. „Við erum strax búin að fá viðbrögð frá fólki sem vill skrifa pistla fyrir okkur en með því getum við skapað umræðu í samfélaginu varðandi málefnið."

Í fyrra mættu um 3.000 manns í gönguna sem verður með sama sniði í ár þar sem gengið verður frá Hallgrímskirkju, niður Skólavörðustíginn og endað á Ingólfstorgi þar sem ræðuhöld og tónlistaratriði verða á boðstólum. María Lilja segir skipulagninguna ganga vel en öll fjárframlög eru vel þegin. Nánari upplýsingar varðandi Druslugönguna er hægt að nálgast á Facebooksíðu þeirra og þeim sem hafa áhuga á að skrifa pistla er bent á póstfangið meintdrusluganga@gmail.com.

**- áp**



**ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ** María Lilja Þrastardóttir er einn af skipuleggjendum Druslugöngunnar sem í ár gengur undir yfirskriftinni Meint-Druslugangа. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
FRÁBÆRT á grillið
NÝTT PIPARMARINERAÐ
1398 kr. kg
Hvítlauks og rósmarín marinerað
1398 kr. kg
Trönuberja og eplamarinerað
1398 kr. kg
Ferskt og ókryddað
1398 kr. kg
Grillkryddað
1398 kr. kg
New York marinerað
1398 kr. kg
Piparmarinerað lambalæri
LAMBALÆRI
– fyrir þig og þína!
40% afsláttur
959 kr. kg
Verð áður 1598 kr. kg
Grísakótilettur, þú velur: New York, ítalska eða hvítlauks og rósmarín marineringu
25% afsláttur
1257 kr. kg
Verð áður 1698 kr. kg
Grísahnakki, úrbeinaður
30% afsláttur
1598 kr. kg
Verð áður 2298 kr. kg
Grísalundir
Þarf aðeins að hita!
2,6 kg
1198 kr. kg
Kjúklingur með lime og rósmarín
598 kr. fatan
Holta BBQ og buffalóvængir í fötu, 800 g
2998 kr. stk.
Dönsk herragarðsönd, 2,6 kg
Safnaðu AUKAKRÓNUM
í öllum verslunum krónunnar
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

Nýtt!

# GRILLÞRENNA Krónunnar

## GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4

Grillað 'etta



### GRILLBAKKI 1 SNÖGGI GRILLARINN

1598 kr./kg

Kjúklingaleggir, 2 pylsutegundir og grísarif

### GRILLBAKKI 2 STEIKARGRILLARINN

1998 kr./kg

Ungnauta entrecote, grísahnakki og grísaspjót

### GRILLBAKKI 3 FLOTTI GRILLARINN

2198 kr./kg

Grísakótilettur, grísasíða og lambainnralæri



40% afsláttur

2939 kr. kg

Verð áður ~~4898~~ kr. kg

Ungnauta entrecote, erlent




1998 kr. kg

Krónu kjúklingabringur



4 í pk.

698 kr. pk.

Grillborgarar m/brauði 4 stk.

Gott saman!




398 kr. pk.

Krónu pylsur, 10 stk. í pk., 513 g




10 í pk.

1098 kr. pk.

Hamborgarar, frosnir, 10x80 g




1398 kr. tvennan

Spare Ribs og Iceland maísstönglar

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is






> Í SPILARANUM

Kiriyama Family - Kiriyama Family
Human Woman - Human Woman
Hildur Guðnadóttir - Leyfðu Ljósinu
Arnar Ástráðsson - State of Mind

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Bítlamynd á þrjár milljónir

Sjaldséð ljósmynd af Bítlunum að labba í „hina áttina" yfir gangbrautina á umslagi plötunnar Abbey Road seldist fyrir rúmar þrjár milljónir króna á uppboði í London.

Ljósmyndarinn Iain Macmillan tók myndina. Þar ganga þeir John Lennon, Paul McCartney, George Harrison og Ringo Starr frá hægri til vinstri yfir gangbrautina rétt fyrir utan hljóðverið Abbey Road þar sem þeir tóku upp samnefnda plötu árið 1969. Á umslagi plötunnar ganga þeir í hina áttina. Ljósmyndin er einnig frábrugðin þeirri á umslaginu því á henni er McCartney í sandölum í stað þess að vera berfættur, auk þess sem hann heldur ekki á sígarettu.

Talið var að ljósmyndin myndi seljast fyrir tæpar tvær milljónir en hart var barist um hana og endaði hún því í rúmum þremur.


**ABBEY ROAD** Myndin á umslagi plötunnar Abbey Road.




> PLATA VIKUNNAR

**Raggi Dan - Hughrif**

★★★☆☆

„Hjartalæknirinn og Frummaðurinn Raggi Dan með ágæta sólóplötu."

-tj



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

## *Afmælisrokk í Reykjavík*

Í ár eru liðin þrjátíu ár frá frumsýningu kvikmyndarinnar Rokk í Reykjavík eftir Friðrik Þór Friðriksson. Aðstandendur hennar hafa ekki boðað til neinna sérstakra hátíðahalda af því tilefni, en tímamótunum verður samt fagnað á Gauknum í kvöld. Þar verða haldnir afmælistónleikar sem hefjast klukkan átta og standa fram á nótt. Það er belgíski rokklæknirinn Wim Van Hooste sem stendur fyrir gleðskapnum, en hann heldur í leiðinni upp á fertugsafmælið sitt.


**ENN AÐ** Hljómsveitin Q4U kemur fram á 30 ára afmæli Rokks í Reykjavík á Gauknum í kvöld.

Wim er búinn að fylgjast af ástríðu með íslenskri tónlist síðustu 25 ár og hefur haldið úti nokkrum vefsíðum, m.a. www.icelandicmusic.blogspot.com þar sem hann hefur sett inn fréttir og umfjöllun um íslensku tónlistarsenuna undanfarin ár. Það má segja að Wim sé ofvirkur aðdáandi íslenskrar tónlistar og nýjasta afsprengið eru tónleikarnir í kvöld. Á þeim spila tvær hljómsveitir sem voru í Rokk í Reykjavík fyrir 30 árum; Fræbbblarnir og Q4U, og sex aðrar sem allar spila eitt lag úr myndinni: Dr. Gunni, Hellvar, Mosi frændi, Morðingjarnir, Æla og Sudden Weather Change. Auk þess mun ein önnur hljómsveit sem var í Rokkinu koma saman sérstaklega fyrir tónleikana, en ekki verður gefið upp fyrirfram hver það er …

Frekari upplýsingar er hægt að finna á vefsíðunni www.rockinreykjavik.blogspot.com sem Wim setti í loftið sérstaklega fyrir afmælistónleikana, en á henni eru líka myndbönd með nýjum útgáfum af lögum úr myndinni. Heiða Hellvar tekur t.d. Gotta Go Fræbbblanna, Ruddinn tekur Stóra stráka Egós og Dr. Gunni spreytir sig á Af litlum neista verður mikið kál með Bruna BB.

Aðgangseyrir á tónleikana er þúsund kall, en það sem kemur í kassann ætlar belgíski læknirinn að nota til að gefa þá út á mynddiski.




# Grípandi þjóðlagapopp úr herbúðum Edward Sharpe

**Edward Sharpe and the Magnetic Zeros gefur út plötuna Here í næstu viku. Hljómsveitin sló í gegn með laginu Home sem hefur hljómað ótt og títt bæði í sjónvarpi og útvarpi.**

Bandaríska þjóðlagapoppsveitin Edward Sharpe and the Magnetic Zeros sendir frá sér sína aðra plötu, Here, eftir helgi. Þrjú ár eru liðin síðan sú fyrsta, Up From Below, kom út en hún hafði að geyma lagið Home. Það hefur hljómað ótt og títt bæði í útvarpi, sjónvarpsauglýsingum og sjónvarpsþáttum og vakið gríðarlega athygli á sveitinni.

Þetta grípandi lag var sungið af forsprakkanum Alex Ebert og Jade Castrinos. Það hefur yfir sér bjartan og hippakenndan blæ þar sem þau Ebert og Castrinos ná sérlega vel saman. Sumir hér á landi hafa ruglað hljómsveitinni saman við Of Monsters and Men, sem er alls ekki undarlegt því íslenska bandið er greinilega undir nokkrum áhrifum frá Ebert og félögum. Báðar sveitirnar minna svo oft á tíðum á kanadísku popparana í Arcade Fire.

Edward Sharpe and the Magnetic Zeros var stofnuð af hinum fúlskeggjaða Ebert árið 2007. Ebert var áður í hljómsveitinni Ima Robot. Eftir að hann hætti með kærustunni sinni flutti hann í burtu og gekk í AA-samtökin. Í framhaldinu hóf hann að semja sögu um persónuna Edward Sharpe sem var send til jarðar til að bjarga mannkyninu. Ebert hitti Castrinos og þau fóru að semja lög saman og fljótlega fóru þau í tónleikaferð með hópi vina sinna. Allt gekk að óskum og stuttskífan Here Comes kom út í maí 2009, tveimur mánuðum áður en Up From Below leit dagsins ljós.


**TVÍEYKI** Jade Castrinos og Alex Ebert úr Edward Sharpe and the Magnetic Zeros á tónleikum. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrsta smáskífulagið af nýju plötunni, Man on Fire, hefur fengið fínar viðtökur. Þjóðlagaáhrifin eru sem fyrr til staðar en lagið er lágstemmdara en Home.

Edward Sharpe and the Magnetic Zeros er þessa dagana í tónleikaferð um Bandaríkin en í júlí tekur sveitin tónlistarhátíðarúnt um Evrópu þar sem nýju lögin verða flutt í bland við eldra efni.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 17. - 23. maí 2012

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▶ 1 | The Black Keys | Gold On The Ceiling |
| ▲ 2 | KK | Frelsið |
| ▶ 3 | Train | Drive By |
| ▶ 4 | Tilbury | Tenderloin |
| ▲ 5 | Valdimar | Þú ert mín |
| ▲ 6 | Greta Salóme / Jónsi | Never Forget |
| ▼ 7 | Bubbi / Mugison | Þorpið |
| ▼ 8 | Fun / Janelle Monae | We Are Young |
| ▼ 9 | M83 | Midnight City |
| ▶ 10 | Magnús Þór / Jónas Sigurðsson | Ef ég gæti hugsana minna |

## TÓNLISTINN

Vikuna 17. - 23. maí 2012

| Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▲ 2 | Ýmsir | Eurovision Song Contest 2012: Baku |
| ▼ 3 | Bubbi Morthens | Þorpið |
| ✱ 4 | Ýmsir | Pottþétt 57 |
| ▼ 5 | Adele | 21 |
| ▲ 6 | Tilbury | Exorcise |
| ▼ 7 | Mugison | Haglél |
| ▼ 8 | Gus Gus | Arabian Horse |
| ✱ 9 | James Taylor | Greatest Hits |
| ▼ 10 | Sigurður Guðmundsson og Sigríður Thorlacius | Ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil






# öryggi í hverju skrefi

**Göngutaskan er ómissandi í farteskið** hvort sem þú ætlar í langa og stranga ferð um hálendið eða léttan skreppitúr á næsta fjall. Festu hana í beltið eða stingdu henni í bakpokann. Byrjaðu ferðina með því að koma við í Lyfju og notaðu ferðina til að fylla á sjúkrakassann í bílnum eða bústaðnum og njóttu öryggis í allt sumar.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 59825 05/12

## Purity herb Útivistarkrem

**Útivistarkrem** 100% náttúrulegt, græðandi krem sem verndar gegn sól og endurkasti sólar af snjó. Inniheldur náttúrulega sólvörn. Kremið kemur úr pumpukrukkum, sem hindrar aðgengi súrefnis og lengir líftíma þess.

**Flott í bakapokann eða vasann í sumar.**




## Solaray Astaxanthin

Hjálpar líkamanum að ná sér eftir æfingar og áreynslu. Örvar einnig litafrumur í húðinni, flýtir fyrir sólbrúnku og dregur úr líkum á sólbruna og sólarexemi.




## Vulkan stoðhlífar

**Vulkan hita- og stuðningshlífar.**
Mikið úrval fyrir hæla, kálfa, hné, læri og nára.
Gott verð.



VULKAN®

## Heelen gelhlíf fyrir hæl

**Hælsærisvörn sem virkar.**
Afar einfalt í notkun, mjúkur gelpúði situr þétt á hælnum og ver hæl og hásin. 2 stk. í pakka.

- Engar blöðrur
- Ekkert lím
- Ekkert klístur
- Hægt að nota aftur og aftur

Einnig er hægt að fá Heelen gelhlíf fyrir ökklakúlur, og Heelen gelhlíf fyrir hæl og rist.

Heelen

Í samvinnu við Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga



## Decubal Sun sólarvörn

**Decubal 2 in 1 Sun Cream**
Er umhverfisvottuð sólarvörn sem inniheldur Aloe Vera og E-vítamín.
Decubal 2 in 1 Sun veitir góða vörn gegn skaðlegum geislum sólarinnar ásamt því að gefa raka og næra húðina.
Hentar bæði fyrir börn og fullorðna.

- Án parabena, ilm- og litarefna
- Svansmerkt
- Hefur vatnsfráhrindandi eiginleika
- SPF 30

**20% afsláttur** út júní.




## Íbúfen

**Íbúfen**
400 mg, 30 stk.
200 mg, 20 stk.




Lágmúla - Laugavegi - Smáralind - Smáratorgi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd
Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

## > PORTMAN LEIKUR Í VESTRA

Óskarsverðlaunaleikkonan Natalie Portman hefur tekið að sér hlutverk í vestranum Jane Got a Gun. Það er leikstjórinn Lynne Ramsay sem ætlar að leikstýra myndinni en hún hefur meðal annars gert myndina We Need To Talk About Kevin. Portman ætlar einnig að koma að framleiðslu myndarinnar en ferlið er farið af stað og samkvæmt Hollywood Reporter eru stærstu kvikmyndaverin í Hollywood að bítast um Jane Got a Gun á kvikmyndahátíðinni í Cannes.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Dramatísk helgi í bíóhúsunum

Gelgjutryllirinn Zac Efron sýnir á sér nýjar hliðar í dramamyndinni The Lucky One sem var frumsýnd í gær. Myndin fjallar um hermann sem er fullviss um að mynd af konu sem hann fann í miðri sprengjuárás sé happagripurinn hans og ástæða þess að hann hafi einn lifað af ýmsar árásir í stríðinu. Þegar hann kemur heim leggst hann í það að finna konuna á myndinni og verða hluti af lífi hennar.



**HAPPAGRIPURINN** Zac Efron leikur hermann sem leggur mikið á sig til að finna konu sem hann telur vera happagripinn sinn og hafa bjargað lífi sínu oftar en einu sinni á meðan hann var á vígvellinum.

Myndin Tyrannosaur segir áhrifamikla sögu af ekklinum Jósef sem er á slæmum stað í lífinu eftir að hafa misst konu sína og þráir að bæta líf sitt. Þegar hann hittir Hönnu virðist allt stefna í rétta átt en þrúgandi leyndarmál hennar gæti sett strik í reikninginn. Þetta er fyrsta myndin sem hinn þekkti breski leikari Paddy Considine skrifar og leikstýrir.

Önnur dramamynd sem frumsýnd er um helgina er myndin Applause. Hún segir frá lífi leikkonunnar Thea Barfoed sem reynir að koma lífi sínu á réttan kjöl eftir að hafa lent í ýmsum erfiðleikum og þar á meðal misst forræði yfir börnum sínum. Prímadonnan innra með henni gerir henni þó erfitt fyrir að glíma við hversdagslega tilveru. Það er Paprika Steen sem fer með hlutverk Barfoed.

Gamanmyndin Salmon Fishing in the Yemen segir frá vel stæðum arabafursta sem vill koma á fót laxveiðum í miðri eyðimörk. Ewan McGregor og Emily Blunt fara með aðalhlutverk í myndinni. **- trs**

## BÍÓRÝNI



★★★☆☆
**DARK SHADOWS**
„Nokkuð góð skemmtun sem skrifast að stórum hluta á Johnny Depp."

★☆☆☆☆
**THE DICTATOR**
„Sacha reynir að taka allt og alla í gegn. Ferill hans sem grínista er næstur á dagskrá."

★★☆☆☆
**HOW I SPENT MY SUMMER VACATION**
„Aðdáendur Mel Gibson eiga betra skilið. Það er orðið svo skrambi erfitt að halda upp á hann."

★★★☆☆
**THE RAID**
„Kvikmyndin er nokkuð skemmtileg, og felst skemmtanagildið aðallega í yfirgengilegu ofbeldinu, en sum okkar eru jú svo fársjúk á sálinni að blóðslettur og limlestingar á hvíta tjaldinu geta vakið hjá okkur kátínu."

★★★★☆
**THE AVENGERS**
„Alvöru árshátíð. Mikið hlegið og allir í sínu fínasta pússi. Hulk var þó vísað á dyr fyrir óspektir." **- hva**

# SVARTKLÆDDIR Á TÍMAFLAKKI

**Will Smith bregður sér aftur í hlutverk Agent J í stórmyndinni Men in Black sem frumsýnd verður annað kvöld.**

Þriðja myndin um hina svartklæddu útsendara leyniþjónustu Bandaríkjanna verður frumsýnd í Sambíóunum annað kvöld. Will Smith fer sem áður með hlutverk Agent J og Tommy Lee Jones leikur hinn fámála Agent K ásamt Josh Brolin.

Söguþráður myndarinnar er á þá leið að J er sendur aftur til ársins 1969 til þess að bjarga lífi samstarfsmanns síns, Agent K, og um leið örlögum jarðarinnar. Hann slæst í lið með ungum K, sem leikinn er af Josh Brolin, til þess að forða mannkyninu frá hættunni og kemst um leið að ýmsum leyndarmálum er varða alheiminn sem K hafði ekki deilt með honum áður. Með önnur hlutverk fara Emma Thompson, sem leikur Agent O, og söngkonurnar Nicole Scherzinger og Lady Gaga. Sem áður er það Barry Sonnenfeld er leikstýrir myndinni, en hann var einnig við stjórnvölinn við gerð fyrri myndanna tveggja.

Men in Black 3 fær misjafna dóma á vefsíðunni Rottentomatoes.com og skiptast gagnrýnendur á um að hæla henni og segja hana eintóma þvælu. Myndinni hefur verið lýst sem háværri en hún sé þrátt fyrir það töluvert skemmtilegri en allur sá fjöldi stórmynda sem frumsýndur hefur verið undanfarin ár. Annar gagnrýnandi segir það ekki boða gott þegar hinn heillandi Will Smith getur ekki gert sér upp æsing á sannfærandi hátt.



**SAMAN Á NÝ** Will Smith og Tommy Lee Jones fara með hlutverk útsendaranna Agent J og Agent K í þriðja sinn í Men in Black 3.

### SVARTKLÆDDIR OG SVÍFAST EINSKIS

Kvikmyndirnar um svartklæddu mennina eru byggðar á samnefndum teiknimyndasögum eftir Lowell Cunningham frá árinu 1990. Listamaðurinn Sandy Carruthers sá um teikningarnar í bókunum sem gefnar voru út af Aircel Comics. Útgáfan var nokkru síðar keypt af Malibu Comics sem síðar var keypt af Marvel Comics. Alls voru gefnar úr þrjár bækur um útsendarana svartklæddu á tíunda áratugnum og nutu þær mikilla vinsælda. Teiknimyndabækurnar segja frá leynilegri stofnun sem hefur eftirlit með yfirskilvitlegum verum sem hafa aðsetur sitt á jörðinni. Aðalpersónur bókanna nefnast Zed, Jay og Kay en liðhlaupi nokkur að nafni Ecks leikur einnig viðamikið hlutverk í bókunum.

Í sögubókunum svífast útsendararnir einskis til þess að halda tilvist yfirskilvitlegu veranna leyndri og eru liðhlaupar eins og Ecks eltir uppi og teknir af lífi. Heimur bókanna er því ekki eins gamansamur og sá er birtist á hvíta tjaldinu.




# Bölvun hvílir á hlutverki Galifianakis

Gamanleikarinn Zach Galifianakis er talinn líklegur til að fara með hlutverk Ignatius Jacques Reilly í kvikmynd sem byggð verður á verki eftir rithöfundinn John Kennedy Toole. Nokkrir leikarar og leikstjórar hafa áður reynt að gera A Confederacy Of Dunces að kvikmynd, án árangurs.



**BÖLVAÐ HLUTVERK** Zach Galifianakis er orðaður við hlutverk Ignatius Jacques Reilly. Bölvun er sögð hvíla á hlutverkinu.
NORDICPHOTOS/GETTY

Leikstjórinn Harold Ramis hóf undirbúning að kvikmynd byggðri á sögunni árið 1982 og átti John Belushi að fara með hlutverk aðalpersónunnar, Ignatius Jacques Reilly, en sviplegt fráfall Belushi gerði þau áform að engu. Einhverjum árum síðar voru John Candy og Chris Farley orðaðir við hlutverkið, en þeir létust báðir áður en verkefnið komst á flug. Vegna þessa var bölvun sögð fylgja hlutverki Ignatius Jacques Reilly.

Framleiðslufyrirtækið Paramount á einnig í samningaviðræðum við leikstjórann James Bobin og handritshöfundinn Phil Johnston um verkefnið. A Confederacy Of Dunces segir frá hinum þrítuga Ignatius Jacques Reilly sem neyðist til þess að flytja að heiman og finna sér vinnu og gengur það nokkuð brösuglega.

Ignatius hefur verið líkt við nútíma Don Quixote og honum lýst sem sérvitrum en lötum hugsjónamanni og ætti Galifianakis líklega ekki í neinum vandræðum með að túlka letiblóðið.



**FYRSTA STIKLAN KOMIN** Carey Mulligan og Leonardo DiCaprio leika í myndinni The Great Gatsby sem er jólamyndin í ár.

# The Great Gatsby lofar góðu

**Fyrsta stiklan úr myndinni The Great Gatsby með Leonardo DiCaprio og Carey Mulligan í aðalhlutverkum er komin í loftið og hefur vakið eftirtekt. Þessi endurgerð á sögunni frægu eftir F. Scott Fitzgerald er jólamyndin í ár og verður heimsfrumsýnd þann 25. desember.**

**Margir spá því að The Great Gatsby eigi eftir að raka til sín verðlaunum og jafnvel Óskarnum þegar þar að kemur. Leikstjórinn er Baz Luhrmann sem áður leikstýrði DiCaprio í Romeo and Juliet og er með myndina Moulin Rouge á ferilskránni.**

Í hvaða sæti verður
þú á laugardaginn?

# HÚSGAGNAHÖLLIN



LA-Z-BOY

**DREAMTIME** La-z-boy stóll. Svart eða brúnt leðuráklæði. Einnig til í natur og vínrauðu áklæði. B:95 D:95 H:105 cm.

**169.990**

LA-Z-BOY

**GRAND PINNACLE XL** La-z-boy stóll. Svart eða brúnt leðuráklæði. Einnig til í vínrauðu, svörtu og naturáklæði. B:84 D:118 H:107 cm.

**169.990**

# NÝ SENDING AF LA-Z-BOY



**129.980**

LA-Z-BOY

**RIALTO** La-z-boy stóll. Vínrautt, grænbrúnt eða brúnt áklæði. B:80 D:90 H:105 cm.



**119.990**

LA-Z-BOY

**ASPEN** La-z-boy stóll. Vínrautt, grænbrúnt eða brúnt áklæði. B:85 D:85 H:100 cm.



LA-Z-BOY **159.980**

**PINNACLE** La-z-boy stóll. Svart eða hvítt leðuráklæði Einnig til í natur, brúnu, svörtu eða grænu áklæði. B:82 D:81 H:102 cm.



**139.990**

LA-Z-BOY

**GRAND CANYON** La-z-boy stóll. Vínrautt eða natur áklæði. B:95 D:110 H:51/112 cm.



SKEMMTILEGAR SMÁVÖRUR Í FALLEGUM LITUM

**ZONE DOLOMIT** Diskamottur.
Margir litir. Kr. **490**.



**219.000**

**UMBRIA** tungusófi. B:245 D:88/163 H:80. Grátt áklæði með hægri eða vinstri tungu.



**GALZONE OG SPICY** krúsir.
Margir litir.
Verð frá Kr. **390**




**GALZONE** Form
8,5 cm.
Margir litir.
Kr. **322**
fullt verð ~~460~~.

**0% VEXTIR** Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 sunnudaga lokað.



**100 GESTIR VORU VIÐSTADDIR** þegar stofnandi Facebook, Mark Zuckerberg, gekk að eiga kærustu sína til margra ára Priscillu Chan á heimili þeirra í Los Angeles. Chan og Zuckerberg kynntust fyrir níu árum er þau lærðu saman í Harvard þar sem Facebook varð til.



**GULLTENNUR** Rapparinn Hazel-E var með gulltennur og frumlegt hálsmen. NORDICPHOTOS/GETTY



**BUXNALAUS** Miley Cyrus ákvað að skilja bæði buxur og brjóstahaldara eftir heima.



**BLÚNDA** Nelly Furtado var klædd í blúndu frá toppi til táar sem gerði fatnaðinn aðeins of mikið af því góða.



**GRÍMUBÚNINGUR** Tónlistarmaðurinn Kuba Ka er að stíga sín fyrstu skref í bransanum og á höttunum eftir athygli ef marka má klæðnað hans þetta kvöldið.



**BLEIKIR BUFFALÓ** Eistneska söngkonan Kerlis toppaði skringilegan klæðnað með bleikum og skítugum buffalóskóm.



**SYKURPÚÐI** Kántrísöngkonan Carrie Underwood skaut aðeins yfir markið með þessum áberandi tjullkjól og bleikri demantatösku í stíl.



**LITAGLÖÐ** Marglitt hár og níðþröngur pallíettukjóll er ekki góð blanda hjá dansaranum Lacey Schwimmer.

# LJÓTUFATAKEPPNI Á BILLBOARD

**Billboard verðlaunahátíðin fór fram í Las Vegas um helgina og stjörnurnar flykktust til eyðimerkurborgarinnar af því tilefni. Adele vann flest verðlaun kvöldsins en hún var fjarri góðu gamni. Kempurnar í hljómsveitinni U2 voru valdar bestar á tónleikum og Coldplay rokksveit ársins. Rauða dreglinum var að sjálfsögðu rúllað út og óhætt að segja að klæðaburður gestanna hafi verið með fjölbreyttara móti. Það mætti halda að sumir væru mættir á ljótufatakeppni.**



**SLÓ FRÁ SÉR** Will Smith útskýrði af hverju hann sló blaðamann í spjallþætti Davids Letterman. NORDICPHOTOS/GETTY

# Útskýrir kinnhest

Will Smith var gestur í spjallþættinum The Late Show með David Letterman á þriðjudag og útskýrði þar fyrir áhorfendum af hverju hann sló blaðamann í Moskvu fyrir stuttu.

Atvikið átti sér stað á frumsýningu kvikmyndarinnar Men in Black 3 í Moskvu í síðustu viku og náðist á myndband. „Hann sagðist vera aðdáandi minn og bað um faðmlag. Ég ætlaði að faðma þennan grínista en þá gerir hann sig líklegan til að kyssa mig. Þetta var óþægileg aðstaða. Seinna var mér sagt að þetta væri nokkuð sem blaðamaðurinn gerði við alla,“ sagði Smith um atvikið.

# Barsmíðar og bollukinnar

Bíó ★★★☆☆

**Safe**

Leikstjórn: Boaz Yakin

**Leikarar:** Jason Statham, Catherine Chan, Chris Sarandon, Robert John Burke, James Hong, Reggie Lee, Danny Hoch, Danni Lang

Ferill hasarmyndaleikarans Jasons Statham hefur einkennst af miklum sveiflum í gegnum tíðina. Hann hefur leikið í risastórum sumarsmellum, lágstemmdari gáfumannaþrillerum, og svo inn á milli sést hann í myndum sem enginn með réttu ráði myndi leika í. Kvikmyndin Safe var af stiklunni að dæma líkleg til að falla í síðasta flokkinn, en oft er bókin betri en spjöldin.

Hér er Statham í hlutverki fyrrverandi löggu með þriggja daga skegg sem þarf að taka á honum stóra sínum því lífi lítillar kínverskrar stúlku er ógnað. Nauðug er hún flutt til Ameríku og látin gera alls kyns hundakúnstir fyrir kínverskt glæpagengi, en hún er undrabarn í stærðfræði og kínverskir krimmar nota ekki vasareikni. Rússneska mafían vill koma höndum yfir telpuna í sama tilgangi en gerir þau afdrifaríku mistök að myrða eiginkonu Stathams. Hann fær því tækifæri til að slá nokkrar flugur í einu höggi: Bjarga stúlkunni, hefna fyrir eiginkonuna og ná sér niðri á spilltum fyrrverandi félögum í lögreglunni.



**FRÁBÆR STATHAM** Jason Statham stendur sig prýðilega í Safe.

Handritið kæmist vel fyrir handskrifað á glasamottu og atburðum fortíðar er linnulaust ljóstrað upp fyrir áhorfendum í klaufalegum samtölum persónanna. Þá er söguframvindan oftast nokkuð fyrirsjáanleg auk þess sem raunveruleikanum eru gerð afar bjöguð skil. Það er þó einhver gífurlegur kraftur í leikstjórninni sem hífir myndina upp á miklu hærra plan. Tæknivinnan er vel úthugsuð og handalögmálin gríðarlega sannfærandi. Statham stendur sig prýðilega bæði í drápunum og kaldhæðninni og Catherine litla Chan státar af krúttlegustu bollukinnum kvikmyndasögunnar. Illmennin eru verri en skattur og hælsæri samanlagt, en það er líka allt í lagi því við vitum jú öll hvernig fer fyrir þeim.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Aðdáendur órakaða ólátabelgsins verða himinlifandi, en realistar ættu að halda sig fjarri.

# SIGRAR *ÁSTIN* ALLT?

Saga um rétt og rangt,
fjölskyldubönd og glæp
sem kannski var framinn,
en fyrst og fremst
ást við vonlausar
aðstæður.




*„Sterk og grípandi ástarsaga.“*

THE SUN

Sú fyrrverandi er ekki lengur hluti af lífi hans, en á hún enn stað í hjarta hans?




„Höfundurinn nær slíku tangarhaldi á lesandanum að hann vill alltaf vita meira og meira ...“

SVANHVÍT LJÓSBJÖRG
MORGUNBLAÐIÐ

*ÞRJÁR ELDHEITAR*
*ÁSTARSÖGUR*
*FYRIR SUMARIÐ*

ER HÆGT AÐ LÆRA AÐ ELSKA?




„... mannleg bók og falleg þó hún taki á ljótleika mannsins jafnt sem því fagra sem í honum býr.“

INGVELDUR GEIRSDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# Blúshátíð snýr aftur eftir gos

Tvær þekktar blússöngkonur frá Chicago og margir af færustu blústónlistarmönnum landsins stíga á svið á Norden Blues Festival sem verður haldin hátíðleg á Hvoli á Hvolsvelli um hvítasunnuhelgina.

Þetta verður í þriðja sinn sem hátíðin er haldin. Árið 2010 var hætt við hana vegna eldgossins í Eyjafjallajökli og ákveðið var að bíða með að halda hana í fyrra. „Við urðum svolítið öskunni að bráð og frestuðum hátíðinni og svo vorum við ekki með hana í fyrra því við vildum láta allt jafna sig betur,“ segir Óli Jón Ólason, einn af skipuleggjendunum.

Hann lofar skemmtilegri hátíð. Katherine Davis, sem er ein virtasta blússöngkona Chicago, kemur fram með Blue Ice Band og Grana Louise mætir á blúshátíðina í annað sinn. „Við erum að fá geðveikar bombur frá Chicago. Grana var hjá okkur fyrir þremur árum og hún mælti með þessari konu við okkur,“ segir Óli Jón og á þar við Katherine Davis.

Einnig koma fram á hátíðinni hljómsveitirnar Stone Stones, Síðasti séns, Tregasveitin og Castro. Tryggvi á Heiði stígur einnig á svið.

-fb



**AFTUR Á BLÚSHÁTÍÐ** Grana Louise frá Chicago snýr aftur á Norden Blues Festival um helgina.






**NÝTT LAG** Hljómsveitin 1860 hefur sent frá sér lagið Go Forth. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# 1860 sendir frá sér lag

**Hljómsveitin 1860 hefur sent frá sér lagið Go Forth sem er tekið af væntanlegri plötu sem kemur út í haust. Sagan, frumburður sveitarinnar, kom út í fyrra og innihélt lögin Snæfellsnes, Orðsending að austan og For You, Forever sem komust öll á topp 10 á vinsældarlista Rásar 2. Hljómsveitin var einnig tilnefnd sem bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum og sem nýliðar ársins á hlustendaverðlaunum X-ins 977.**

**Þrír meðlimir hafa bæst við 1860 frá síðustu plötu, eða Jóhann Rúnar Þorgeirsson, Gunnar Jónsson úr Coral og Andri Bjartur Jakobsson úr Mammút. Ljóst er að liðsstyrkurinn kemur sér vel.**



**Á TOPPNUM** Lesendum Maxim finnst fyrirsætan Bar Refaeli kynþokkafyllst í heimi. NORDICPHOTOS/AFP

# Kosin kynþokkafyllst

**Ísraelska fyrirsætan Bar Refaeli var á dögunum kosin kynþokkafyllsta kona í heimi af lesendum tímaritsins Maxim. Refaeli er þekkt sem fyrrum kærasta leikarans Leonardos DiCaprio en þau hættu saman árið 2009. „Það er mikill heiður að lenda í fyrsta sæti af 100 konum og gaman að tilheyra þessum fagra hópi,“ segir Refaeli í viðtali við Maxim en hún er einhleyp þessa stundina. „Ég er að leita að einhverjum sem er líka besti vinur minn, hlær með mér og kennir mér nýja hluti. Það hljómar kannski auðvelt en það er erfitt að finna einhvern sem uppfyllir þessar kröfur mínar.“**



**NÝTT LAG** Lagið Celebrate með Whitney Houston og Jordin Sparks er komið út.

# Síðasta lag Houston

**Síðasta lagið sem Whitney Houston tók upp áður en hún lést hefur verið gefið út. Það er undir diskóáhrifum og heitir Celebrate. Þar syngur söngkonan sáluga með sigurvegaranum úr American Idol 2007, Jordin Sparks. Lagið mun hljóma í væntanlegri kvikmynd, Sparkle, þar sem Houston leikur móður þriggja systra sem reyna fyrir sér í tónlistarbransanum og leikur Sparks eina þeirra. Um er að ræða endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1976.**

**Síðasta stóra kvikmyndahlutverk Houston var í The Preacher´s Wife sem kom út árið 1996.**

# Einsamall í Cannes

Leikarinn Brad Pitt mætti einn síns liðs á rauða dregilinn í Cannes í vikunni. Unnusta hans Angelina Jolie var fjarri góðu gamni sökum vinnu að sögn miðla vestan hafs sem einnig höfðu orð á því hversu illa Pitt tæki sig út á rauða dreglinum einsamall. Parið er einmitt í sviðsljósinu þessa stundina því búist er við að þau gangi í það heilaga í sumar en mikil leynd er yfir stað og stund brúðkaupsins.

Pitt er á kvikmyndahátíðinni í Cannes til að kynna mynd sína Killing Them Softly en hann bæði leikur í og framleiðir myndina. Í myndinni leika einnig Ray Liotta, Sam Shepard og James Gandolfini.



**ÁN JOLIE Í CANNES** Brad Pitt tók ekki af sér sólgleraugun er hann gekk rauða dregilinn í Cannes í vikunni á frumsýningu myndarinnar Killing Them Softly. NORDICPHOTOS/GETTY

# Meiri Hungurleikar

Önnur bókin í þríleik Suzanne Collins um Hungurleikana, Eldar kvikna, er að koma út hjá Forlaginu. Hún kemur samtímis út innbundin og í kilju sem er óvenjulegt fyrirkomulag hér á landi.

Fyrsta bókin, sem hét Hungurleikarnir, hefur selst í um sex þúsund eintökum á Íslandi. Innbundna útgáfan er uppseld og kiljan hefur verið prentuð tvisvar sinnum. Þetta rímar við velgengni bókanna erlendis en þær hafa verið þýddar á yfir fimmtíu tungumál og sitja ofarlega á mörgum vinsældarlistum. Til að mynda hafa bækurnar setið í efstu sætum metsölulista Amazon síðustu mánuði og eru í fimm efstu sætum barnabóka í Bretlandi um þessari mundir.

Þriðja og síðasta bókin í þríleiknum, Hermiskaði, kemur út hjá Forlaginu í haust.

Rúmlega 33 þúsund manns hafa séð kvikmyndina Hungurleikana hér á landi. Önnur myndin í þríleiknum kemur í bíó í nóvember á næsta ári.



**HUNGURLEIKARNIR** Kvikmynd byggð á fyrstu bókinni kom út í vetur við góðar undirtektir.



**ANNAÐ Á LEIÐINNI?** Sögusagnir eru á sveimi þess efnis að ofurfyrirsætan Gisele Bundchen eigi von á öðru barni sínu með eiginmanninum Tom Brady. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gisele ólétt?

Ofurfyrirsætan Gisele Bundchen er ólétt að sínu öðru barni ef marka má slúðurmiðla vestan hafs. Þar er greint frá því að Bundchen hafi deilt gleðifregnunum með vinum sínum á Met-ballinu fyrr í mánuðinum en hún ku vera komin rúmlega tvo mánuði á leið.

Sjálf hefur Bundchen ekki staðfest fregnirnar en en hún gekk með son sinn Benjamín fyrir þremur árum síðan staðfesti hún aldrei óléttuna opinberlega. Bundchen, sem er ein hæstlaunaða fyrirsæta í heimi, giftist ruðningsboltakappanum Tom Brady árið 2009.

Fyrirsætur hafa verið að fjölga sér í stórum stíl undanfarið og reynist þessar sögusagnir um Bundchen vera sannar getur hún stofnað mömmuklúbb með Adriönu Lima og Lili Aldridge sem eru óléttar og Söshu Pivovarova og Alessöndru Ambrosio sem nýlega eignuðust börn.

# Ánægður með Bobbi

Dóttir söngkonunnar sálugu Whitney Houston, Bobbi Kristina, hefur ákveðið að búa til raunveruleikaþátt um líf sitt og nú hefur leikarinn Kevin Costner lýst yfir ánægju sinni með þetta framtak Bobbi. Costner var mikill vinur Houston og segist bera hag dóttur hennar fyrir brjósti þó hann mundi sjálfur ekki vilja vera í raunveruleikaþætti. „Ég held að þetta sé rétt skref hjá Bobbi en hún hefur gott fólk í kringum sig sem hefur væntanlega hugsað þetta vandlega áður en ákvörðunin var tekin,“ segir Costner en tökur eru að hefjast á raunveruleikaþættinum.



**ÁNÆGÐUR** Kevin Costner segist bera hag Bobbi Kristinu, dóttur Whitney Houston, fyrir brjósti.



SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR VIP | KL. 8 | 2D | VIP |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |
| SAFE VIP | KL. 6 - 10 | 2D | VIP |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK SHADOWS | KL. 6 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS (3D) | KL. 10:10 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| SAFE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| MEN IN BLACK 3 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 3D | 7 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5:10 - 8 | 3D | 10 |
| SAFE | KL. 10:50 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:30 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 6 - 9 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| MEN IN BLACK 3 | KL. 10:20 | 3D | 7 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MIB 3 3D | KL. 3.30 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| MIB 3 3D LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| MIB 3 2D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 3.30 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE FIVE YEAR ENGAGEMENT | KL. 5.20 - 8 | 12 |
| 21 JUMP STREET | KL. 10.30 | 14 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| MIB 3 3D | KL. 6 - 9 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10.30 | 12 |
| GRIMMD: SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 10 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| MIB 3 3D | KL. 6 - 8 - 10.10 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 8 - 10 | 12 |
| THE FIVE YEAR ENGAGEMENT | KL. 5.45 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MEN IN BLACK 3 3D | 5.30, 8, 10.20 |
| THE DICTATOR | 6, 8, 10 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 8, 10.25 |
| LORAX 3D | 6 |

# Súrrealísk sumargjöf

Tónlist ★★★★☆

**Exorcise**
Tilbury

Skiljanlega hræddust einhverjir að Tilbury myndi eiga í erfiðleikum með að standa undir þeim fögru fyrirheitum sem fyrsta lag sveitarinnar, Tenderloin (sem sló í gegn á intervefnum, í það minnsta á íslenskan mælikvarða, þegar það kom út fyrir rúmum mánuði) gaf. Til allrar hamingju reyndist sá ótti ástæðulaus því Exorcise er plata sem hugnast líklega mörgum. Dæmalaust ánægjuleg frumraun frá þessu (upprunalega) einstaklingsverkefni Þormóðs Dagssonar, fyrrum trymbils Jeff Who, Hudson Wayne og Skakkamanage, sem vatt svona hressilega upp á sig, safnaði til sín færu fólki og ungar nú út ljúfum popplögum sem virka þó á köflum örlítið ögnvekjandi á einkennilegan hátt. Hvað eru margir sérhljóðar í því?

Tónlist Tilbury (gott og gegnt hljómsveitarnafn sem nikkar kurteisislega til Viðars Víkingssonar) mætti helst lýsa sem lágstemmdu indípoppi sem veit upp á hár hvaða áhrifum það vill ná fram. Áreynslulausri og grípandi en þó blessunarlega lausri við of augljósa „húkka“.

Dæmi eru ofannefnt Tenderloin, Riot (bæði búa yfir hunangssætum melódíum og súrrealískum textum sem rissa upp forvitnilegar myndir og ýja oftar en ekki að ofbeldi, eins og reyndar fleiri á plötunni), Slow Motion Fighter og Trembling (sem bæði græða á vel útfærðum raddsetningum, hið fyrra einnig á stórkostlegum orgelleik og síðara á frábærum gítar). Undantekningin er þá Eclectic Boogaloo, eintóna rokklag í þyngri kantinum sem brýtur vissulega upp stemninguna en tekst illa að forðast að vera eins og út úr kú.

Hér eru hæfileikamenn á ferð, sem gera vel í að setja einfaldleikann í öndvegi. Einn óvæntasti glaðningurinn er söngur Þormóðs, sem sveiflar sér milli kæruleysislegs stíls a la Ian Brown og englaraddar sem myndi sæma sér í drengjakór, eins og að drekka vatn. Á heildina litið er Exorcise fyrirtaks sumargjöf, veraldarvön og skemmtileg plata sem lofar góðu fyrir framtíð Tilbury.

**Kjartan Guðmundsson**



**GRÍPANDI** „Hér eru hæfileikamenn á ferð, sem gera vel í að setja einfaldleikann í öndvegi,“ segir meðal annars í dómi um frumraun Þormóðs Dagssonar og félaga í Tilbury. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**Niðurstaða:** Stórfín frumraun, stappfull af grípandi popplögum og forvitnilegum textum.



**ENGIN STJARNA** Tom Hardy hefur engan áhuga á stjörnuhlutverkinu.

# Vill ekki vera stjarna

Leikarinn Tom Hardy hefur engan áhuga á að vera kvikmyndastjarna sem er sífellt í sviðsljósinu.

„Ég komst að því hvernig er að vera stjarna í smá stund og hafði dálítið gaman af því. Síðan hugsaði ég með mér: „Nei, ég vil fara aftur að vinna,“ sagði Hardy við AP-fréttastofuna. Hann er staddur á kvikmyndahátíðinni í Cannes til að kynna myndina Lawless. „Ég tek alveg nógu mikla áhættu í lífinu. Ég er alveg nógu klikkaður fyrir,“ bætti hann við.

Hardy leikur einnig í The Dark Knight Rises sem kemur í bíó í sumar. „Þegar ég er í vinnunni er ég mjög agaður. Það gefur lífinu gildi,“ sagði hann.

# Sú fimmta vonandi best

**Bruce Willis vill að fimmta Die Hard-myndin verði betri en sú fyrsta í seríunni. Hann samþykkti nýlega að leika í myndinni og hlakkar til verkefnisins. Hann lék lögreglumanninn John McClane í fyrstu Die Hard-myndinni sem kom út 1988.**

**„Ég er enn að reyna að slá fyrstu myndina út. Mér finnst gaman að leika þessa persónu. Einn góðan veðurdag mun ég ekki geta leikið hana en á meðan ég get enn hlaupið, dottið og rúllað mér eftir götunni er ég klár í bátana,“ sagði hinn 57 ára Willis við BBC.**



**HLAKKAR TIL** Bruce Willis hlakkar til að leika í Die Hard 5.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




FIMMTUDAGUR: SKEMMD EPLI: TYRANNOSAUR 20:00 ■ I AM SLAVE 18:00, 20:00, 22:00 ■ CORIOLANUS 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 17:40, 22:30

24.-29. MAÍ: SKEMMD EPLI, fjórar frábærar myndir um alkólisma!

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

TOSHIBA DELL acer hp ASUS

# FARTÖLVURÝMING

## VERÐFALL Á YFIR 80 GERÐUM AF FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM !

**TOSHIBA -100.000**
Portégé R700-1C2 13.3
249.990
Fullt verð 349.990

**acer -40.000**
Aspire 5755G-2676G75MN i7
159.990
Fullt verð 199.990

**ASUS -60.000**
UX31E-RY009V 13,3/i5/128
199.990
Fullt verð 259.990

**hp -15.000**
HP 630
74.990
Fullt verð 89.990

**DELL -30.000**
Inspiron N5050 i5/4GB/500
99.990
Fullt verð 129.990

**ASUS -30.000**
K73SD-TY195V
139.990
Fullt verð 169.990

**UNITED -3.000**
TAB 0701 7"
16.990
Fullt verð 19.990

**acer -20.000**
Iconia TAB A501 16GB 3G s
69.990
Fullt verð 89.990

**acer -20.000**
4755G-2334G50Mn
119.990
Fullt verð 139.990

TAKMARKAÐ MAGN !
SÝNINGAREINTÖK OG UMBÚÐALAUSAR Á GEGGJUÐU VERÐI !

20% AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUTÖSKUM !

AÐEINS NOKKRIR DAGAR

tl.is

TÖLVU LISTINN

TÖLVULISTINN Heimilistæki

6 VERSLANIR UM ALLT LAND

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# sport

sport@frettabladid.is



**JAKOB JÓHANN SVEINSSON** hefur lokið keppni á EM í sundi en hann náði ekki að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum eins og vonir stóðu til um. Hann keppti í 100 m bringusundi í gær en var dæmdur úr leik. Hann fær annað tækifæri til að ná Ólympíulágmörkum á alþjóðlegum mótum í næsta mánuði.

**KR 2-0 FH**

KR-völlur, áhorf.: 2.422 — Þorvaldur Árnason (8)

**1-0 Baldur Sigurðsson (10.), 2-0 Kjartan Henry Finnbogason (63.).**

**Skot (á mark):** 16-19 (7-5)
**Varin skot:** Hannes 4 - Gunnleifur 5

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórsson 6 - Magnús Már Lúðvíksson 5 (46., Haukur Heiðar Hauksson 5) , Grétar Sigfinnur Sigurðsson 7, Rhys Weston 7, Guðmundur Reynir Gunnarsson 6 - Bjarni Guðjónsson 7, Baldur Sigurðsson 8 (Maður leiksins) (90., Atli Sigurjónsson -), Viktor Bjarki Arnarsson 7 (78., Egill Jónsson -) - Kjartan Henry Finnbogason 5, Þorsteinn Már Ragnarsson 6, Óskar Örn Hauksson 5.

**FH (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Guðjón Árni Antoníusson 6, Hafþór Þrastarson 4 (67., Hólmar Örn Rúnarsson 6), Freyr Bjarnason 6, Viktor Örn Guðmundsson 4 - Pétur Viðarsson 4, Bjarki Gunnlaugsson 4 (67., Albert Brynjar Ingason 4), Björn Daníel Sverrisson 4 - Atli Guðnason 5 (82., Emil Pálsson -),Atli Viðar Björnsson 5, Ólafur Páll Snorrason 4.

## ÚRSLIT

### Pepsi-deild karla

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **4** | **4** | **0** | **0** | **8-4** | **12** |
| KR | 5 | 3 | 1 | 1 | 10-7 | 10 |
| **FH** | **5** | **3** | **1** | **1** | **6-3** | **10** |
| Stjarnan | 4 | 2 | 2 | 0 | 9-5 | 8 |
| **Valur** | **4** | **2** | **0** | **2** | **4-3** | **6** |
| Selfoss | 4 | 2 | 0 | 2 | 5-5 | 6 |
| **Keflavík** | **4** | **1** | **1** | **2** | **7-5** | **4** |
| Breiðablik | 4 | 1 | 1 | 2 | 1-4 | 4 |
| **Fylkir** | **4** | **0** | **3** | **1** | **4-5** | **3** |
| Fram | 4 | 1 | 0 | 3 | 4-7 | 3 |
| **ÍBV** | **4** | **0** | **2** | **2** | **4-6** | **2** |
| Grindavík | 4 | 0 | 1 | 3 | 5-13 | 1 |

### Pepsi-deild kvenna

**ÍBV - Breiðablik** **0-1**
0-1 Björk Gunnarsdóttir (10.).
**Þór/KA - Valur** **1-1**
0-1 Dagný Brynjarsdóttir (9.), 1-1 Sandra María Jessen (79.).
**Afturelding - Fylkir** **0-1**
0-1 Anna Björg Björnsdóttir (56.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | **3** | **2** | **1** | **0** | **5-1** | **7** |
| Þór/KA | 3 | 2 | 1 | 0 | 5-2 | 7 |
| **FH** | **3** | **1** | **1** | **1** | **6-4** | **4** |
| Valur | 3 | 1 | 1 | 1 | 7-6 | 4 |
| **Fylkir** | **3** | **1** | **1** | **1** | **2-3** | **4** |
| Selfoss | 3 | 1 | 1 | 1 | 6-8 | 4 |
| **Stjarnan** | **2** | **1** | **0** | **1** | **3-3** | **3** |
| ÍBV | 3 | 1 | 0 | 2 | 5-7 | 3 |
| **KR** | **2** | **0** | **1** | **1** | **3-4** | **1** |
| Afturelding | 3 | 0 | 1 | 2 | 1-5 | 1 |

*upplýsingar um markaskorara fengnar frá urslit.net.

# Mætum óhræddir til leiks

**Úrslitin í Meistaradeild Evrópu í handbolta ráðast um helgina. Þá fara fram undanúrslit og úrslit en Íslendingar eru í þremur af fjórum liðunum. Dönsku meistararnir í AG stefna á að fara alla leið fyrsta árið sitt í Meistaradeildinni.**

**HANDBOLTI** Sex íslenskir landsliðsmenn í handbolta og tveir þjálfarar verða í eldlínunni með liðum sínum þegar úrslitin í Meistaradeild Evrópu ráðast um helgina. Þá fer fram hið svokallaða „Final Four“ þar sem undanúrslitin verða leikin á laugardaginn og úrslitin á sunnudag. Leikið verður í hinni glæsilegu Lanxess-höll í miðborg Kölnar í Þýskalandi.

Þýsku liðin Kiel og Füchse Berlin eigast við í öðrum undanúrslitaleiknum en þar munu mætast þjálfararnir Alfreð Gíslason og Dagur Sigurðsson, sem og landsliðsmennirnir Aron Pálmarsson (Kiel) og Alexander Petersson (Füchse Berlin).

Í hinni viðureigninni í undanúrslitum mætast dönsku meistararnir í AG og Atletico Madrid frá Spáni – sem hét áður Ciudad Real og er eitt allra sigursælasta handboltafélag Evrópu síðustu ára.

Með AG leika sem kunnugt er fjórir Íslendingar; Arnór Atlason, Guðjón Valur Sigurðsson, Ólafur Stefánsson og Snorri Steinn Guðjónsson. Sá síðastnefndi sagði mikla tilhlökkun ríkja í herbúðum AG fyrir átök helgarinnar.

„Að þessu höfum við stefnt í allan vetur,“ sagði Snorri Steinn þegar Fréttablaðið tók hann tali í gær. „Við ýttum þessu til hliðar á meðan undanúrslitin í deildinni hér heima fóru fram en okkur tókst að komast í úrslitaleikinn og höfum síðan þá einbeitt okkur að leiknum gegn Atletico.“

Þó svo að Meistaradeildin sé stærsta félagsliðakeppni heims segir Snorri að leikmönnum AG hafi tekist að einbeita sér ávallt að næsta leik. Árangurinn talar sínu máli – liðið orðið bikarmeistari og stefnir í að liðið vinni tvöfalt í Danmörku annað árið í röð.

Gengi liðsins í Meistaradeildinni hefur verið glæsilegt. Liðið lenti í öðru sæti, einu stigi á eftir Kiel, í sterkum riðli og fékk fyrir vikið auðveldari andstæðing í 16-liða úrslitunum. Sænska liðið Sävehof reyndist ekki mikil fyrirstaða þar.

En Evrópumeistarar Barcelona biðu í fjórðungsúrslitum. AG gerði sér þó lítið fyrir og vann samanlagðan þriggja marka sigur.



**SNORRI STEINN** Einn fjögurra Íslendinga hjá AG en allir gegna þeir mikilvægum hlutverkum í liðinu. MYND/OLE NIELSEN

## Óli er maður stóru leikjanna



Ólafur Stefánsson mun mæta sínum gömlu félögum í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu á laugardaginn. AG mætir þá Atletico Madrid, sem hét áður Ciudad Real. Ólafur varð þrívegis Evrópumeistari með Ciudad Real.

„Það er alltaf gott að vera með Ólaf í sínu liði en það á sérstaklega við í stóru leikjunum. Hann er sá sem maður leitar til og reyndar liðið allt,“ sagði Snorri Steinn Guðjónsson. „Hann sýndi það gegn Barcelona hversu mikilvægur hann er. Ólafur er bestur þegar þörfin fyrir hann er mest.“

Snorri ítrekar þó að allir leikmenn þurfi að standa fyrir sínu. „Hann mun ekki bera þetta einn á sínum herðum enda gerir það enginn í þessari íþrótt. Við þurfum allir að leggja í púkkið.“

Íslendingarnir áttu risavaxinn þátt í því og skoruðu til að mynda 22 af 33 mörkum liðsins í síðari leik liðanna.

Þessi góði árangur kom Snorra ekki á óvart. „Við fundum það fljótt í riðlakeppninni að við áttum erindi í þessi lið. Jesper [Nielsen, eigandi AG] sá um að tilkynna umheiminum að það væri yfirlýst markmið liðsins að komast í Final Four og var það ekki gert í neinu gríni,“ sagði hann í léttum dúr.

Snorri á vitanlega von á erfiðum leik gegn Atletico Madrid. „Þetta hefur verið besta liðið í heiminum undanfarin ár og auðvitað þarf allt að ganga upp hjá okkur. Atletico hefur þó gengið í gegnum breytingar síðustu ár og mér finnst þeir ekki jafn góðir og áður. Ég tel helmingslíkur á sigri okkar.“

Snorri segir að sínir menn mæti óhræddir til leiks á laugardaginn. „Við höfum sýnt að þetta voru ekki bara orðin ein hjá okkur. Okkur tókst að koma okkur þetta langt en ég finn það á liðinu að við ætlum okkur meira. Við erum ekki hættir.“ eirikur@frettabladid.is



**HELENA SVERRISDÓTTIR** Hefur verið með í öllum landsleikjum frá og með NM 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kvennalandsliðið í körfubolta:

## 999 daga bið eftir leik á enda

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta leikur í kvöld fyrsta leikinn sinn á Norðurlandamótinu þegar liðið mætir gestgjöfum Norðmanna.

Það eru 999 dagar síðan íslensku stelpurnar spiluðu síðast A-landsleik sem var á móti Svartfjallalandi 29. ágúst 2009.

Íslensku stelpunum hefur gengið illa á móti Norðmönnum í síðustu leikjum og ekki unnið þær í tæp átta ár.
Ísland mætir Svíþjóð og Danmörku á morgun (tveir leikir sama daginn) og lokaleikurinn er síðan á móti Finnum á laugardaginn. - óój



**ÁSDÍS HJÁLMSDÓTTIR** Er nýkomin heim frá Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

JJ mót Ármanns í kvöld:

## Óðinn og Ásdís verða með

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Ólympíufararnir Óðinn Björn Þorsteinsson úr FH og Ásdís Hjálmsdóttir úr Ármanni verða bæði með á JJ móti Ármanns sem fer fram á Laugardalsvellinum í kvöld, Óðinn í kúluvarpi karla og Ásdís í spjótkasti kvenna.
Mótið er annað mótið af sex í mótaröð FRÍ árið 2012. Keppt er til stiga á mótunum og munu sigurvegarar stigakeppninnar að lokum fá flugmiða í verðlaun. Óðinn og Ásdís hefja keppni klukkan sjö í kvöld en mótið stendur frá 18.20 til 20.30. - óój

**Í kvöld kl. 19:15 – PEPSIDEILDIN**
**STJARNAN – ÍA**




Gerður hefur verið samstarfssamningur milli SAMSUNG Nordic AB, Knattspyrnudeildar Stjörnunnar og umboðsfyrirtækja SAMSUNG á Íslandi, Tæknivara ehf. og Bræðranna Ormsson ehf.

**– Stjarnan er í þriðja sæti í deildinni en ÍA í fyrsta sæti með fjögurra stiga mun –**

Topplið Skagamanna heimsækir Stjörnuna:

## Geta jafnað nýliðamet Vals í kvöld

**FÓTBOLTI** Stórleikur kvöldsins í Pepsi-deild karla er á milli Stjörnunnar (3. sæti með 8 stig) og ÍA (1. sæti með 12 stig) en bæði lið eru taplaus og til alls líkleg í toppbaráttu deildarinnar ef marka má upphaf mótsins.

Nýliðar Skagamanna eiga möguleika á því að jafna nýliðamet Valsmanna í Garðabænum. ÍA-liðið hefur unnið fjóra fyrstu leiki sína sem er næst besta byrjun nýliða í efstu deild. Valsmenn settu metið árið 2005 þegar þeir unnu fimm fyrstu leiki sína. Sigurganga Valsliðsins fyrir sjö árum endaði á tapi á móti verðandi Íslandsmeisturum FH.

Stjörnumenn ógnuðu sjálfir metinu fyrir þremur árum en liðið varð þá að sætta sig við tap á móti FH í 4. umferð eftir að hafa unnið þrjá fyrstu leiki sína.

Aðrir leikir kvöldsins eru: Selfoss-Grindavík, Breiðablik-Fram, Fylkir-Valur og Keflavík-ÍBV. - óój



**8 MÖRK OG 12 STIG** Það hafa bara einir nýliðar byrjað betur en ÍA og það gæti breyst. MYND/GUÐMUNDUR BJARKI HALLDÓRSSON

**Flestir sigrar nýliða í röð frá byrjun móts:**

| | |
|---|---|
| 5 | Valur 2005 |
| 4 | ÍA 2012 |
| 3 | Keflavík 1993 |
| 3 | Fjölnir 2008 |
| 3 | Stjarnan 2009 |

# Ferðir
## við allra hæfi

fi.is

*Skráðu þig inn – drífðu þig út!*



Dagsferðir – Helgarferðir – Sumarleyfisferðir

Hornstrandir – Laugavegurinn – Fimmvörðuháls Héðinsfjörður – Fjörður – Víknaslóðir – Kjalvegur hinn forni – Arnarvatnsheiði – Sunnanverðir Vestfirðir Vonarskarð – Jarlhettuslóðir – Þjórsárver – Lónsöræfi Þórsmörk – Landmannalaugar

Ferðafélagar fá vildarkjör á vörum og þjónustu!

Sögumiðlun ehf



Ferðafélag Íslands | fi.is

VALITOR

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**26** **ERU SKRÁÐIR** til leiks í kvennaflokki í Leirunni á morgun.

**113** **KYLFINGAR** eru skráðir til leiks í karlaflokki.



**3. OG 5. BRAUT** Hólmsvöllur í Leiru fóstrar fyrsta mótið.

Gamanið hefst á morgun:

## Eimskipsmótaröðin fer af stað

Eimskipsmótaröðin í golfi fer af stað á morgun þegar fyrsta stigamót sumarsins, Örninn golfverslun-mótið, hefst á Hólmsvelli í Leiru.

Um 140 kylfingar taka þátt í mótinu og verða leiknar 54 holur með niðurskurði.

Mótahald GSÍ hófst um síðustu helgi þegar leikið var í Arion banka-mótaröð unglinga og á Áskorendamótaröð unglinga. Sprenging var í þátttöku í mótunum og samtals léku um 250 unglingar í mótum í þessum tveimur mótaröðum. - shá

Heimslistinn skiptir máli:

## Mótin verða 54 holur í sumar

Sex stigamót eru á dagskrá á Eimskipsmótaröðinni í sumar og helsta breytingin á mótaröðinni í ár er sú að öll höggleiksmótin eru hið minnsta 54 holur með niðurskurði.

Þessi breyting er gerð til að mótin telji til stiga á áhugaheimslistanum þar sem góð staða getur hjálpað okkar bestu kylfingum að fá keppnisrétt á sterkum áhugamannamótum erlendis.

Íslandsmótið í höggleik er að venju 72 holur. - shá

SAFT
EKKI TAKA ÞÁTT Í NEINU Á NETINU SEM ÞÚ VEIST EKKI HVAÐ ER!
Heimili og skóli
www.saft.is



**VALLARSTJÓRINN** Ágúst Jensson segir að með nýju holunum geti 250 manns til viðbótar spilað á Korpúlfsstaðavellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Korpúlfsstaðavöllur verður 27 holur strax næsta sumar

**Framkvæmdir eru hafnar við stækkun golfvallarins á Korpúlfsstöðum. Níu holur bætast við. Risaflatir munu einkenna nýja völlinn.**

Korpúlfsstaðavöllur verður stækkaður í 27 holur á næsta ári en framkvæmdir við völlinn eru þegar hafnar. Nýju holurnar fá nafnið Landið en fyrir eru Sjórinn, sem eru nú fyrri níu holurnar á vellinum, og Áin, sem eru seinni níu holurnar.

Að sögn Ágústs Jenssonar, vallarstjóra á Korpúlfsstöðum, hefur verið gríðarleg aðsókn á golfvelli Golfklúbbs Reykjavíkur, í Grafarholtinu og á Korpúlfsstöðum, en ætla má að um 500-600 manns spili á völlunum þegar mest lætur. Með nýju holunum má gera ráð fyrir að 250 manns til viðbótar geti spilað á aðalvöllum klúbbsins. Þá eru ekki meðtaldir allir þeir sem spila á æfingavöllunum.

**Sjórinn, Áin og Landið**

Stór hluti kylfinga lætur sér duga að spila níu holur á dag og segir Ágúst að með nýja hlutanum verði breytilegt hvernig fólk spili á vellinum.

„Ef þú ætlar að spila átján holur getur þú einn daginn spilað Sjóinn og Landið en þann næsta kannski Ána og Sjóinn.“

Hannes Pétursson hannar nýja hluta vallarins eins og þann gamla. Meðfram stækkuninni verður sett upp göngubrú frá Grafarvogi yfir á Korputorg.

**Risastórar flatir**

„Það sem á eftir að einkenna völlinn eftir breytingarnar er stórt og mikið landslag og risastórar flatir. Kylfingar þurfa því að huga vel að því hvar kúlan lendir þegar þeir slá inn á flatirnar – þó þeir nái inn á flöt geta þeir lent í því að eiga um 40 metra pútt eftir á flöt sem þríeða fjórbrotnar,“ segir Ágúst.

„Flatirnar á þessum nýju níu holum verða samanlagt jafnstórar og allar flatirnar á hinum holunum átján. Ég held að svæðið undir þær sé um einn hektari. Stærsta flötin verður 1.200 fermetrar en sú minnsta um 750 fermetrar en það er jafnstórt og stærsta flötin á vellinum í dag.“

**Opnað á næsta ári**

Framkvæmdir við völlinn munu standa yfir í allt sumar og vonast Ágúst til að þeim verði að mestu leyti lokið í lok sumars. Völlurinn mun síðan fá að vaxa en formleg opnun verður ekki fyrr en á næsta ári.

kristjan@frettabladid.is



**TEIKNING AF 27 HOLU VELLI** Á næsta ári verður Korpúlfsstaðavöllur orðinn 27 holur.

## Korpúlfsstaðavöllur varð 18 holur árið 1997

Árið 1993 var ráðist í gerð nýs 18 holu vallar að Korpúlfsstöðum. Hannes Þorsteinsson golfvallahönnuður var fenginn til að hanna völlinn. Golfklúbbur Reykjavíkur hafði haft þar í nokkurn tíma lítinn tólf holu völl. Allt gekk hratt og vel fyrir sig og í júní 1996 var unnt að spila níu holur á nýjum Korpúlfsstaðavelli. Ári síðar var völlurinn allur opnaður og var Korpúlfsstaðavöllur formlega vígður á Landsmóti í júlí 1997. Golfklúbbur Reykjavíkur fékk úthlutað austurenda gamla Korpúlfsstaðahússins fyrir golfskála. Þar er fullkomin inniæfingaaðstaða fyrir félaga til afnota yfir vetrarmánuðina. Korpúlfsstaðavöllur er 6.214 m af öftustu teigum og er mjög fjölbreyttur. Margar fallegar holur eru á vellinum, en fyrri níu holur vallarins liggja í kringum ána Korpu og seinni níu liggja í kringum Staðahverfi, niður að sjó og aftur upp að Korpúlfsstöðum. *Heimild: grgolf.is*



Eldhúsvaskar og tæki
Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm
11.990,-
Bol-897 66x43x18cm þykkt stáls 0,8mm
10.450,-
Bol-604 48x43x18cm Þykkt stáls 0,8mm
7.490,-
(fleiri stærðir til)
Bol-871 48cm þvermál
þykkt 0,8mm
6.990,-
AGI- Eldhústæki
3.990,-
Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



# KLÚBBDAGUR

## FIMMTUDAGINN 24. MAÍ

INTERSPORT KLÚBBURINN

INTERSPORT

Skráðu þig í Intersport klúbbinn á staðnum eða www.intersport.is og byrjaðu strax að njóta tilboðanna

# 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM Í DAG*



**KLÚBBTILBOÐ**

INTERSPORT KLÚBBURINN

10.990 (fullt verð 15.990)

**ADIDAS HERRASKÓR**
Litur: Hvítur. Herrastærðir.



**KLÚBBTILBOÐ**

2.990

INTERSPORT KLÚBBURINN

**NIKE DÖMUSKÓR**
Litir: Ferskjulitaður eða ljósbrúnn.
Dömustærðir.



**KLÚBBTILBOÐ**

INTERSPORT KLÚBBURINN

3.490

**ENERGETIC RADIAL**
Barnasett. Stuttbuxur og stuttermabolur. Barnastærðir.



**KLÚBBTILBOÐ**

6.990

INTERSPORT KLÚBBURINN

**SPORT SLIM ÆFINGASETT**
Æfingabuxur og æfingatoppur.
Dömustærðir.

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

INTERSPORT

*Gildir ekki af klúbbtilboðum dagsins.



LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 24. MAÍ

ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

> **Stöð 2 kl. 20.10**
> **MasterChef USA**

***Gordon Ramsey snýr aftur sem dómari og kynnir í bandarísku þáttunum MasterChef á Stöð 2. Í þessum þáttum eru það áhugakokkar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON VILL HORFA Á FÓTBOLTA

## *Eftirsjá að fæðingarorlofi*




Síðast þegar stórmót var haldið í knattspyrnu, heimsmeistaramótið í Suður-Afríku, var Við tækið-skrifari í fæðingarorlofi. Vegna tímamismunarins voru leikirnir oft snemma dags, þegar venjulegt fólk sem var ekki í fæðingarorlofi var í vinnunni. Þar sem dóttirin var mjög ung á þessum tíma hafði hún tilhneigingu til að sofa mjög mikið. Sérstaklega á meðan leikir voru í gangi. Þess vegna sá Við tækið-skrifari þá flesta, sem var dásamlegt.

Í byrjun júní mun Evrópumótið í knattspyrnu, sem nú fer fram í Úkraínu og Póllandi, hefjast. Hitað hefur verið upp fyrir dýrðina með ágætis þáttum á RÚV. Nú verður leikið á kvöldin á íslenskum tíma, sem er líka dásamlegt og ætti að hafa í för með sér að Við tækið-skrifari geti séð þá sem flesta.

Heimsmeistaramótið eftir tvö ár fer hins vegar fram í Brasilíu. Þar getur tímamismunurinn við Ísland verið allt að fimm tímar og vel hugsanlegt að tímasetning leikjanna muni skarast á við hefðbundinn vinnutíma. Sem er ekki dásamlegt. Þá klemmu verður að leysa í tíma. Kannski með því að eignast nýtt barn og fara aftur í fæðingarorlof.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Einnar mínútu þögn **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Barónessan sem gerði samning við djöfulinn **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.31 Sögustund með Mömmu Marsibil**
**17.42 Múmínálfarnir**
**17.52 Lóa**
**18.05 Táknmálsfréttir**
**18.20 Fréttir**
**18.50 Veðurfréttir**
**19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Bein útsending frá seinni forkeppninni í Bakú í Aserbaídsjan. Kynnir er Hrafnhildur Halldórsdóttir.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (20:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Sýnt verður skemmtiatriði sem flutt var í hléi í söngvakeppninni í kvöld.
**22.30 Glæpahneigð** (129:138) (Criminal Minds VI) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Höllin** (17:20) (Borgen) (e)
**00.10 Fréttir**
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 The Ugly Truth**
**08.00 Picture This**
**10.00 Mr. Woodcock**
**12.00 Bionicle: The Legend Reborn**
**14.00 Picture This**
**16.00 Mr. Woodcock**
**18.00 Bionicle: The Legend Reborn**
**20.00 The Ugly Truth**
**22.00 Pride and Prejudice**
**00.05 True Lies**
**02.25 Looking for Kitty**
**04.00 Pride and Prejudice**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (144:175)
**10.15 Glee** (4:22)
**11.00 Extreme Makeover: Home Edition** (4:25)
**11.45 Lie to Me** (2:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Not Easily Broken** Áhrifamikil mynd um ungt par sem lendir í bílslysi og í kjölfarið breytist samband þeirra.
**14.45 Smallville** (3:22)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (14:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Simpsons**
**19.45 Arrested Development** (10:22)
**20.10 Masterchef USA 2** (1:20)
**20.55 The Closer** (3:21).
**21.40 NCIS: Los Angeles** (21:24) Önnur þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strangæslunni á einn eða annan hátt. Með aðalhlutverk fara meðal annars Chris O'Donnell og LL Cool J.
**22.25 Rescue Me** (14:22) Fimmta þáttaröðin um slökkviliðsmanninn Tommy Gavin og dramatíska en þó oft á tíðum spaugilega glímu hans við lífið.
**23.10 The Mentalist** (21:24)
**23.55 Homeland** (11:13)
**00.50 The Killing** (2:13)
**01.35 Not Easily Broken**
**03.15 Terra Nova**
**04.00 Lie to Me** (2:22)
**04.45 Friends** (20:24)
**05.10 Simpsons**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**08.00 Formúla 1: Mónakó - Æfing 1** BEINT
**12.00 Formúla 1: Mónakó - Æfing 2** BEINT
**18.20 NBA: Philadelphia - Boston**
**20.10 Pepsi deild karla: KR - FH**
**22.00 Pepsi mörkin** BEINT. Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi-deildar karla í knattspyrnu.
**23.10 Fréttaþáttur Meistarad. Evrópu**
**23.35 The Science of Golf** (The Swing)
**00.00 NBA: Indiana - Miami** BEINT
**03.00 Pepsi mörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 Man. City - QPR**
**19.40 Netherlands & Germany (Group B)** Ítarleg kynning á liðunum sem keppa í úrslitakeppni EM í sumar.
**20.10 Premier League World**
**20.40 Football League Show**
**21.10 Sunderland - Man. Utd.**
**22.55 Stoke - Bolton**

## EXTRA

**19.45 The Doctors** (120:175)
**20.30 In Treatment** (54:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 New Girl** (15:24)
**22.20 2 Broke Girls** (3:24)
**22.45 Grey's Anatomy** (23:24)
**23.30 Gossip Girl** (15:24)
**00.15 Pushing Daisies** (12:13)
**01.00 In Treatment** (54:78)
**01.25 The Doctors** (120:175)
**02.05 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Being Erica** (3:13) (e)
**16.30 Eureka** (19:20) (e)
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 The Firm** (13:22) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (26:48) (e)
**19.20 According to Jim** (5:18) (e)
**19.45 Will & Grace** (12:25) (e)
**20.10 Eldhús sannleikans** (3:10) Sigmar B. Hauksson snýr aftur í sjónvarp með nýja seríu. Í hverjum þætti er ákveðið þema þar sem Sigmar og gestir útbúa ljúffenga rétti ásamt viðeigandi víni þáttarins.
**20.35 Solsidan** (6:10)
**21.00 Blue Bloods** (15:22) Danny og Jackie rannsaka morð á vini Reagan-fjölskyldunnar og málið leggst svo þungt á Danny að fjölskylda hans verður áhugjufull.
**21.50 Franklin & Bash** (7:10)
**22.40 Jimmy Kimmel** (e)
**23.25 CSI** (20:22) (e)
**00.15 Law & Order UK** (12:13) (e)
**01.00 Unforgettable** (5:22) (e)
**01.50 Blue Bloods** (15:22) (e)
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Byron Nelson Championship 2012 (4:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Byron Nelson Championship 2012 (4:4) **15.25** LPGA Highlights (9:20) **16.45** Champions Tour - Highlights (8:25) **17.40** PGA Tour - Highlights (19:45) **18.35** Inside the PGA Tour (21:45) **19.00** Crown Plaza Invitational 2012 (1:4) **22.00** Ryder Cup Official Film 1999 **23.35** Golfing World **00.25** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Í ljósi nýsköpunar

## BBC entertainment

**06.30** 'Allo 'Allo! **07.50** New Tricks **09.30** Deal or No Deal **10.05** EastEnders **10.35** Come Dine With Me **11.25** QI **12.25** Keeping Up Appearances **13.25** One Foot in the Grave **14.35** Top Gear **15.25** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.05** QI Children in Need Special **18.35** QI **19.05** Top Gear **20.00** Jo Brand Barely Live **20.50** The Graham Norton Show **21.35** Live at the Apollo **22.20** Top Gear **23.15** The Graham Norton Show **00.00** QI **00.30** Shooting Stars

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Vores Liv **11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies køkken **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.25** Rosa fra Rouladegade **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Gintberg på kanten - Hirtshals **18.35** TV Avisen **19.00** Det Europæiske Melodi Grand Prix 2012 **21.00** Taggart **21.55** OBS

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Ardna - Samisk kulturmagasin **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** EM svømming **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.25** Hvem er Tooji? **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Eurovision Song Contest 2012 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** 60 år med dronning Elizabeth **23.00** Bitt av naturen **23.30** Poirot **01.10** Danmark fra kyst til kyst **05.00** Morgennytt

## SVT 1

**11.55** Minnenas television **12.50** Genom Ryssland på 30 dagar **13.35** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Det ljuva livet i Alaska **14.50** Mitt i naturen **14.55** EM i simning **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Thaifjord **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Djursjukhuset **18.30** Hundra procent bonde **19.00** Eurovision Song Contest 2012 **21.00** Modellagenturen **21.50** Rapport **21.55** Kulturnyheterna **22.00** Det ljuva livet i Alaska **22.45** Uppdrag Granskning **23.45** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



**1398 kr.** Coke og bolti
4 x 2 ltr. eða 12x 33cl dósir Coke, Coke-Light eða Coke Zero og einn UEFA EURO 2012 bolti



**79 kr. stk.**
Pepsi, Pepsi Max, appelsín, 7 Up og Mountain Dew, 33 cl dósir

# ALLT Í FERÐALAGIÐ



**Freyja**
Rískubbar 270 kr.
Smádraumur 260 kr.

**399 kr. pk.**
Góu súkkulaðirúsínur, ljósar og dökkar, 400 g

**289 kr. pk.**
McVitie's Dóra krakkakex, 150 g

**549 kr. pk.**
Maarud flögur, með salti eða papriku, 250 g



2,5 kg

3 í pk.

**699 kr. pk.**
B4Y grillkol, 2,5 kg

**149 kr. pk.**
Grillbakkar, 3 stk. í pk.

## Einnota borðbúnaður og glös



20 í pk.
50 í pk.
50 í pk.
50 í pk.

**First Price**
Diskur, 22 cm 599 kr.
Diskur, 18 cm 499 kr.
Glös, 80 stk. 399 kr.
Gafflar, 20 stk. 169 kr.
Hnífar, 20 stk. 169 kr.
Skeiðar, 20 stk. 169 kr.
Teskeiðar, 36 stk. 169 kr.

**Servíettur**
20 stk. 30x30 269 kr.
50 stk. 30x30 399 kr.

SUMARFRÍIÐ



*„Ég var svo lánsöm að fá afnot af íbúð í Stokkhólmi fyrir lítið fé og ætla að dvelja þar í tvær vikur með eiginmanni og sonum. Við ætlum að heimsækja skemmtigarðinn Astrid Lindgrens Värld þar sem heilsað verður upp á Emil, Línu og Ronju. Hjálpi mér hvað ég hlakka til!“*

Gerður Kristný, skáld

# Ótrúlegt að fá Þursaflokkinn

„Það er ótrúlegt að fá þá því þeir spila svo sjaldan,“ segir grínistinn Ari Eldjárn.

Þursaflokkurinn spilar á minningartónleikum um bróður Ara, gítarleikarann Kristján Eldjárn, sem hefði orðið fertugur í ár. Þursarnir hafa tvisvar áður leikið á stóra sviði Þjóðleikhússins; á minningartónleikum Karls Sighvatssonar árið 1991 og þegar þeir tóku þar upp tónleikaplötu sína „Á hljómleikum“ 1980. „Þetta var ein af uppáhaldshljómsveitunum hans [Kristjáns]. Hann var sjálfur í hljómsveit sem hét Dvergaflokkurinn en nafnið var virðingarvottur við Þursaflokkinn. Þeir voru allir vinir hans og það er rosalega gaman að þeir skyldu gera þetta,“ segir Ari.

Tónleikarnir verða á stóra sviði Þjóðleikhússins 7. júní. Meðal annarra flytjenda eru Bubbi Morthens, Páll Óskar, Ham, Víkingur Heiðar, Ragnhildur Gísladóttir, Jack Magnet, Sykur og Ari sjálfur. Hann vill ekkert tjá sig um sitt atriði nema að það verði svakalegt.

Þetta verður í annað sinn sem minningartónleikar um Kristján eru haldnir. Síðast var það gert í Gamla bíói árið 2003. Allur ágóði af tónleikunum rennur í minningarsjóð Kristjáns. Venjulega eru styrkir úr honum afhentir 16. júní annað hvert ár en vegna fertugsafmælisins verður það gert í ár, rétt eins og í fyrra.

Tónleikarnir í Þjóðleikhúsinu verða teknir upp og verða þeir hugsanlega gefnir út í framhaldinu. Miðasala fer fram á Midi.is og Leikhusid.is. **- fb**



**SPILA Á MINNINGARTÓNLEIKUM** Þursaflokkurinn spilar á minningartónleikum um Kristján Eldjárn. Ari Eldjárn er ánægður með þátttöku sveitarinnar.




Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

25.06 – 01.07

**Það styttist í ævintýrið!**

**Ógleymanleg skemmtun. Bestu gæðingar landsins etja kappi og helstu kynbótastjörnur landsins koma fram. Troðfull dagskrá með landsþekktum skemmtikröftum, kvöldvökum og fjölskyldustemningu. Á keppnissvæðinu er glæsilegur barnagarður.**

**Miðasala á www.landsmot.is**

Landssamband hestamannafélaga

Landsmót hestamanna – National Horse Show of Iceland


**2 DAGAR** í aðalkeppni Eurovision

CRAIG MURRAY: ÉG ER BÚINN AÐ FYLGJAST MEÐ EUROVISION Í 45 ÁR

# Áströlsku stuðboltarnir heiðursgestir Palla á Nasa

„Þegar Páll Óskar bauð okkur að koma sem heiðursgestir sínir á Eurovision-ballið á Nasa á laugardaginn gátum við ekki hafnað því, svo við ákváðum að skella okkur bara aftur til Íslands. Við elskum Ísland,“ segja Craig Murray og Daryl Brown, ástralskir Eurovision-aðdáendur sem eru nú staddir á Íslandi í þriðja skipti á síðustu átján mánuðum.

Craig og Daryl komust í samband við Pál Óskar fyrir tilstilli Fréttablaðsins þegar þeir voru staddir á landinu í desember og hittu hann, en þeir segja það hafa verið eina af bestu stundum lífs síns. Þeir eru búnir að vera par í rúm 20 ár og hafa báðir mikinn áhuga á Eurovision söngvakeppninni. „Ég er búinn að fylgjast með keppninni í einhver 45 ár,“ segir Craig og Daryl tekur undir það. „Keppnin er alltaf sýnd í Ástralíu og margir sem horfa á hana,“ segir hann. Þeir segja Pál Óskar hafa breytt keppninni stórkostlega þegar hann tók þátt árið 1997. „Þetta var búið að vera allt eins í svo mörg ár áður en hann kom til leiks. Það er honum að þakka að ég byrjaði að fylgjast með íslenskri tónlist og ég er orðinn mikill aðdáandi hennar í dag,“ segir Craig.

Strákarnir fóru á keppnina í Noregi árið 2010 og kynntust þar Heru Björk sem var að keppa fyrir hönd okkar Íslendinga. „Hún er alveg frábær og við erum búnir að vera í góðu sambandi við hana síðan,“ segir Daryl og bætir við að þeir hafi ákveðið að alltaf þegar keppnin verði haldin á Norðurlöndunum þá yrðu þeir viðstaddir hana. „Það eru því allar líkur á að við séum væntanlegir til Skandinavíu aftur á þessum tíma að ári,“ segir Craig og vísar þar til þess hversu góðu gengi sænska laginu hefur verið spáð.



**ELSKA ÍSLAND** Craig og Daryl eru á Íslandi í þriðja skiptið á átján mánuðum og segjast yfir sig hrifnir af landi og þjóð. Þeir eru líka yfirleitt mjög hrifnir af framlagi okkar til Eurovision og er engin breyting þar á þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þeirra uppáhaldslög í keppninni í ár eru íslenska lagið, það kýpverska og franska. Ef litið er yfir farinn veg nefna þeir ýmis lög sem sín uppáhalds, til dæmis sigurlag Tyrkja árið 2003 og úkraínska framlagið Shady Lady frá 2008. Abbalagið Waterloo frá 1974 er samt í mestu uppáhaldi. Þeir segjast yfirleitt vera aðdáendur íslensku laganna og minnast þá sérstaklega á lag Heru Bjarkar, Je ne sais quoi, lag Jóhönnu Guðrúnar, Is It True? og að sjálfsögðu lag Páls Óskars, Minn hinsti dans.

**tinnaros@frettabladid.is**

# Á hraðri uppleið í Sjanghæ

„Þetta er mjög karllægt umhverfi, en mér hefur gengið mjög vel og hyggst fara enn lengra. Þetta er allt ótrúlega spennandi og krefjandi,“ segir Sædís Kolbrún Steinsdóttir sem hefur á skömmum tíma unnið sig upp í stjórnunarstöðu hjá fjárfestingafyrirtækinu Bluestar í Sjanghæ.

Sædís flutti ásamt unnusta sínum, Jóhanni Reynissyni, til Sjanghæ árið 2010 og starfaði fyrst um sinn sem viðburðastjóri en fékk síðan starf sem sölufulltrúi hjá Bluestar og hefur síðan þá fengið tvær stöðuhækkanir. „Ég byrjaði sem sölufulltrúi og vann þá við að undirbúa fundi og kom upplýsingum frá kúnnum á framfæri. Ég fékk stöðuhækkun eftir nokkra mánuði í því starfi og því fylgdi þjálfun, nám og loks próf. Eftir tæpt ár fékk ég aftur stöðuhækkun og stýri núna fjórtán manna teymi sölufulltrúa,“ segir Sædís sem kveðst ekki hafa þurft að hugsa sig lengi um áður en hún fluttist búferlum til Kína.



**Á UPPLEIÐ** Sædís Kolbrún Steinsdóttir hefur á skömmum tíma unnið sig upp í stjórnunarstöðu hjá fjárfestingafyrirtæki í Sjanghæ.

Starfsumhverfi Sædísar er að hennar sögn mjög karllægt en hún kveðst öllu vön eftir að hafa unnið í byggingabransanum á sínum yngri árum. „Sem unglingur fannst mér líklegast að ég fengi mestan pening ef ég ynni í byggingabransanum og því eyddi ég nokkrum sumrum í byggingarvinnu með pabba mínum og samstarfsfélögum hans. Ég vann líka lengi við viðburðahald og ætli ég hafi ekki fengið góðan undirbúning í báðum þessum störfum. Þegar ég byrjaði hjá Bluestar fann ég strax fyrir því að ég þurfti að svara betur og meira fyrir mig en strákarnir en ég sá það sem tækifæri til að leggja mig meira fram.“

Sædís og unnusti hennar ætla að dvelja áfram í Kína næstu árin en koma þó heim næsta sumar til að ganga í hjónaband. „Við komum heim næsta sumar til að hitta vini, fara í alíslenskar útilegur og gifta okkur,“ segir þessi harðduglega stúlka að lokum. **- sm**


DRÖGUM
Í DAG
24. MAÍ
Fáðu þér miða fyrir kl. 16.00
20
+5x 1 milljón
30 MILLJÓNIR
Vinningurinn í Milljónaveltunni fór síðast út í mars. Heppinn miðaeigandi fékk þá 30 milljónir.
TAKK!
Nemendur í Háskóla Íslands brugðu á leik á dögunum og þökkuðu miðaeigendum stuðninginn. Skoðaðu fyrsta myndbandið á facebook.com/happdraetti
EINN MIÐI
TVEIR LEIKIR
í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur.
DRÖGUM
12.
JÚNÍ
Aðalútdráttur
Vinningshafar eru um
3.000 í hverjum mánuði.
Spilaeyjan.is
Hluti af HHÍ
Miðaeigendur í Happdrættinu
fá inneign á Spilaeyjunni!
Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11
eða hjá næsta umboðsmanni.
HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS
PIPAR\TBWA • SÍA • 121574

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Frost seld til Bretlands

Breski dreifingaraðilinn Momentum Pictures, sem er í eigu hins kanadíska Alliance Films, hefur tryggt sér sýningarréttinn í Bretlandi á íslenska spennutryllinum Frost. Þessu greindi bandaríska kvikmyndabiblían Variety frá í gær. Momentum Pictures hefur áður keypt réttinn á hinni sænsku Karlar sem hata konur og hinni norsku Headhunters með góðum árangri. Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að skandinavíska fyrirtækið TrustNordisk hefði tryggt sér sýningarréttinn á Frost á heimsvísu og ætlaði sér að kynna hana á Cannes-hátíðinni sem nú stendur yfir. Þar gekk samningurinn við Momentum Pictures einmitt í gegn. TrustNordisk hefur einnig selt myndina til Kanada og Rússlands. Þetta hljóta að teljast mjög góð tíðindi fyrir aðstandendur Frosts, sem **Reynir Lyngdal** leikstýrir. Myndin er væntanleg í bíó í ágúst hér á landi.



### Saknar Íslands

Leikstjórinn, leikarinn og Íslandsvinurinn **Eli Roth** er mikill aðdáandi sjónvarpsþáttanna Game of Thrones og fer ekki leynt með þá hrifningu sína á samskiptavefnum Twitter. Í fyrrakvöld var enn komið að því að dást að þáttunum, og í þetta skiptið blandaðist álit hans á Íslandi við. „Game of Thrones fær mig til að sakna Íslands," skrifaði Roth, en þættirnir voru sem kunnugt er að hluta til teknir upp hér á landi í haust. **- fb / sh**



## Mest lesið Vísir

1. Ætlar í fallhlífarstökk - án fallhlífar
2. Annþór og Börkur í yfirheyrslum í dag
3. Morðkvendi handtekið í eigin brúðkaupsveislu
4. Skuldamál Regnbogabarna fyrir dóm
5. Alræmdir hrottar í haldi vegna andláts





